

AÐALSKIPULAG SKÚTUSTAÐAHREPPS

2011-2023

STEFNA, SKIPULAGSÁKVÆÐI OG
UMHVERFISSKÝRSLA

21. febrúar 2013

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

SKÚTUSTAÐAHREPPUR



AÐALSKIPULAG SKÚTUSTAÐAHREPPS

2011-2023

STEFNA, SKIPULAGSÁKVÆÐI OG
UMHVERFISSKÝRSLA

21. febrúar 2013

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

SKÚTUSTAÐAHREPPUR



21. febrúar 2013

© Skútustaðahreppur

© Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar

Ljósmyndir: © Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar.

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	5
1.1. Um aðalskipulag	7
1.2. Skipulagssvæðið	8
1.3. Staða skipulagsmála	9
1.4. Tengsl við aðrar áætlanir	9
1.5. Skipulagsgögn.....	11
2. Helstu forsendur.....	13
2.1. Staðhættir.....	13
2.2. Samfélag.....	16
2.3. Tengsl við aðrar áætlanir	19
3. Stefna sveitarstjórnar.....	21
3.1. Leiðarljós.....	21
3.2. Landnotkun.....	21
3.3. Byggðaðróun og byggðamynstur	22
3.4. Samgöngu- og þjónustukerfi.....	23
3.5. Umhverfismál	23
4. Landnotkun	25
4.1. Almenn atriði	25
4.2. Þéttbýli	26
4.3. Íbúðarsvæði (Íb).....	26
4.4. Svæði fyrir þjónustustofnanir (S).....	28
4.5. Miðsvæði (M)	30
4.6. Verslunar- og þjónustusvæði (V).....	31
4.7. Opin svæði til sérstakra nota (O)	33
4.8. Blönduð landnotkun, opin svæði til sérstakra nota/ verslunar- og þjónustusvæði/ (O/V)	34
4.9. Athafnasvæði (A).....	35
4.10. Iðnaðarsvæði (I)	36
4.11. Óbyggð svæði	37
4.12. Landbúnaðarsvæði	38
4.13. Svæði fyrir frístundabyggð.....	45
4.14. Landgræðsla.....	48
4.15. Efnistökusvæði.....	49
4.16. Sorpförgun.....	51
4.17. Vötn og ár.....	52

5. Verndarákvæði og takmörkun á landnotkun.....	53
5.1. Náttúruvernd	53
5.2. Menningarminjar	61
5.3. Vatnsvernd	67
5.4. Svæði undir náttúruvá.....	69
6. Samgöngur og veitur	71
6.1. Samgöngur	71
6.2. Gatnakerfi í Reykjavíð.....	79
6.3. Umferðarhávaði og loftgæði	79
6.4. Önnur samgöngumannvirki.....	80
6.5. Veitur	80
7. Umhverfisskýrsla.....	85
7.1. Mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunar	85
7.2. Tengsl við aðrar áætlanir.....	86
7.3. Staðhættir	86
7.4. Umhverfisvandamál.....	86
7.5. Mat á stefnu sveitarstjórnar í aðalskipulaginu.....	88
7.6. Skipulagskostir og áhrif þeirra á umhverfið.....	97
7.7. Samlegðaráhrif	103
7.8. Mótvægisáðgerðir, vöktun	104
7.9. Matsferli og samráðsaðilar	104
8. Breytingar frá gildandi aðalskipulagi.....	107
8.1. Staðfestar breytingar	107
8.2. Tillaga að aðalskipulagi 2011-2023.....	107
8.3. Breytingar frá aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015.....	108
9. Kynning, umfjöllun og samþykkt	114
9.1. Kynning og samráð.....	114
9.2. Auglýsing og afgreiðsla athugasemda	115
9.3. Bókun sveitarstjórnar 21. febrúar 2013.....	118
9.4. Samantekt sbr. j lið 9. gr. laga um umhverfismat áætlana	119
9.5. Samþykkt og staðfesting	121
10. Skipulagsuppdrættir	123
10.1. Sveitaruppdráttur og þéttbýlisuppdrættir	123
10.2. Sveitarfélagsuppdráttur	125
11. Heimildaskrá	127



Mynd 1.1 Mývatn. Útsýni af Hlíðarfjalli



Mynd 1.2 Útsýni af Hlíðarfjalli

1. INNGANGUR

Hér er um að ræða Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 sem er endurskoðun aðalskipulagsins 1996-2015, sem staðfest var 31. 12. 1997. Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst árið 2008 og er tímaviðmiðunin áætlunarinnar 2011-2023. Vissir framreikningar ná þó til 2028.

Tilfni endurskoðunar aðalskipulagsins er lögbundin endurskoðun sbr. 35 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um að sveitarstjórn skuli að afloknum kosningum á fjögurra ára fresti meta, hvort ástæða sé til endurskoðunar skipulagsins. Það var mat sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum vorið 2006 að endurskoða skyldi aðalskipulagið.

Ein meginástæða endurskoðunarinnar eru ný lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hölmum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná löginn til eftirtalinna votlendissvæða, ásamt 200 m bakka meðfram vötnum, ám og lækjum: Sortulækjar, Geirastaðahrauns, Sandvatns ytra, Belgjarskógar, Slýja, Neslandatanga, Framengja, Krákár frá Strengjabrekku að Laxá, Grænavatns, Helluvaðsár og Arnarvatns, ásamt votlendi sem því tilheyrir, sbr. kort í fylgiskjali I með lögunum.

Á síðustu árum hafa komið fram margvíslegar hugmyndir um breytta landnotkun svo sem um ný svæði fyrir frístundabyggð og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu sem taka þarf afstöðu til í aðalskipulaginu, m. a. með hliðsjón af tillögu Umhverfisstofnunar um verndarsvæði sbr. löginn um verndun Mývatns og Laxár (nr. 97/2004).

Aðalskipulagið nær til alls lands sveitarfélagsins, þar með það land sem er innan marka Svæðisskipulags Miðhálandis Íslands 2015 sem staðfest var í maí 1999 og gildir fyrir land ofan markalínu sem dregin var á milli heimalanda og afrétta. Ýmis ákvæði svæðisskipulagsins verða þar með hluti nýs aðalskipulags. Hið nýja aðalskipulag er einnig í samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Aðalskipulagið byggir á þeirri stefnumörkun sem sveitarstjórn og skipulagsnefnd hafa unnið í samráði við fjölda aðila, þ. á. m. fulltrúa íbúa og atvinnulífs í sveitarfélaginu. Stefnan tekur til þróunar sveitarfélagsins alls varðandi landnotkun, byggðaðróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi svo og umhverfismál¹.

Leiðarljós er yfirskrift meginmarkmiða um landnotkun, byggðaðróun og byggðamynstur, samgöngur og þjónustukerfi og umhverfismál. Þessir þættir hafa áhrif hver á annan þannig að aðgerðir á einu sviði geta stutt markmið og áætlanir í öðrum málaflokkum.

Fornleifum er gerð ítarleg skil í aðalskipulaginu en Fornleifastofnun Íslands vann ritið *Merkar fornleifar í Skútustaðahreppi, samantekt vegna aðalskipulags*.²

Reynt er eftir föngum að setja markmið og skipulagsákvæði í heildarsamhengi þannig að aðalskipulagið megi nota sem stjórnæki til þess að ná árangri í samræmi við sett markmið á sem flestum sviðum.

Í greinargerð þessari eru sett fram markmið sveitarstjórnar í þeim málaflokkum sem aðalskipulagið tekur til ásamt þeim ákvæðum sem gilda um ráðstöfun lands og landnotkun í sveitarfélaginu öllu.

Verkið var unnið á Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Að því komu, Hrund Skarphéðinsdóttir verkfræðingur og arkitektarnir Arnfríður Sigurðardóttir, Árni Ólafsson og Gylfi Guðjónsson.

Guðrún María Valgeirsdóttir sveitarstjóri Skútustaðahrepps hafði yfirlýsningu með verkinu fyrir hönd sveitarfélagsins.

Aðalmenn í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 2010-2014 eru Dagbjört S. Bjarnadóttir oddviti, Böðvar Pétursson, Karl E Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir og Friðrik K Jakobsson.

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2010 var sett á stofn Skipulagsnefnd, en verkefni hennar var m. a. endurskoðun aðalskipulagsins.

¹ Skipulagslög nr. 123/2010, 28. gr.

² Merkar fornleifar í Skútustaðahreppi: Samantekt vegna aðalskipulags. Elín Ósk Hreiðarsdóttir Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2009.



Mynd 1.3 Í Herðubreiðarlindum

Aðalmenn í skipulagsnefnd Skútustaðahrepps 2010-2014 eru Margrét Hólm Valsdóttir, Karl Emil Sveinsson, Birgir Steingrímsson, Eyrún Björnsdóttir og Pétur Snæbjörnsson. Bjarni Reykjalín skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hafði yfirlit með verkinu frá vorinu 2012 og til loka.

1.1. UM AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi svo og umhverfismál.

Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur að gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ. m. t. þéttleika byggðar. Í aðalskipulagi er heimilt að setja fram nánari stefnu, svo sem um nýbyggingarsvæði eða endurbyggingarsvæði í eldri byggð eða um einstök viðfangs-fni.

Við gerð aðalskipulags skal byggt á markmiðum skipulagslaga nr. 123/2010, landsskipulagsstefnu, svæðisskipulagi, liggi það fyrir, og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins. Þá skal jafnframt gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Í aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. tólf ára en jafnframt gera grein fyrir samhengi skipulagsáætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum í rammahluta aðalskipulags.

Aðalskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsupprætti (uppráttum) og eftir atvikum á þemauppráttum.

Skipulagsgreinargerð aðalskipulags skal lýsa rökstuddri stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi svo og umhverfismál í sveitarfélaginu. Þar skal einnig gerð grein fyrir umhverfismati aðalskipulagsins.

Skipulagsuppráttur aðalskipulags skal sýna staðbundnar ákvarðanir um landnotkun, vernd og aðrar takmarkanir á landnotkun svo og samgöngu- og þjónustukerfi.

Um gerð og framsetningu aðalskipulags vísast að öðru leyti til 12. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og ákvæða skipulagsreglugerðar.

Aðalskipulagi er ætlað að tryggja að framkvæmdir í sveitarfélaginu verði samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sem allir hagsmunaaðilar hafa samþykkt fyrir sitt leyti.³

Aðalskipulag er síðan grundvöllur að gerð deiliskipulags fyrir einstök hverfi, reiti eða byggingarsvæði. Í deiliskipulagi er m.a. gerð nákvæm grein fyrir notkun lands, nýtingarhlutfalli reita, húsagerðum, tilhögun umferðarkerfis, lóða og byggingarreita.

Einnig má líta á aðalskipulag sem upplýsingabrunn fyrir íbúa sveitarfélagsins, embættismenn, pólitískt kjörna fulltrúa, hönnuði og framkvæmdaaðila.

1.2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ


Skútustaðahreppur er víðfeðmt sveitarfélag um 6.200 km². Landssvæði Skútustaðahrepps nær frá Gæsafjöllum í norðri inn á Vatnajökul í suðri. Jökulsá á Fjöllum rennur eftir austurmörkunum en til vesturs afmarkast sveitarfélagið af Þingeyjarsveit og af Norðurþingi til norðurs.

Nánar er gerð grein fyrir landfæðilegri afmörkun sveitarfélagsins í forsendum aðalskipulagsins.⁴

Náttúruvá í sveitarfélaginu tengist helst jarðskjálftavirkni og eldstöðvum en landreksprungan liggur um sveitarfélagið og gosbeltið sem Mývatn liggur á markar fleka-mótin.

Í Skútustaðahreppi hefur samfélagsþróunin hin síðari ár einkennst af fólksfækkun og áföllum í atvinnumálum. Mikilvæg atvinnustarfsemi hefur lagst af, en á móti kemur mikil og vaxandi ferðaþjónusta af ýmsu tagi.

Eftir sem áður byggja íbúarnir afkomu sína aðallega á landbúnaði og ferðaþjónustu, en störf við virkjunina í Kröflu svo og við stofnanir sveitarfélagsins, leik- og grunnskóla skipta einnig miklu máli.



Mynd 1.4 Skútustaðahreppur

³ Skipulagslög nr. 123/2010

⁴ Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur, kafli 2.1

Landslag og náttúrufar í Skútustaðahreppi er afar fjölbreytt og margbrotið og fullyrða má að umhverfi og náttúra Mývatns séu einstök á heimsvísu. Í áfangaskýrslu 1, forsendum skipulagsáætlunarinnar, er gerð nánari grein fyrir staðhátum.

1.3. STAÐA SKIPULAGSMÁLA

Í gildi er Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015. Frá staðfestingu þess 31.12.1997 hefur verið gerður á því um tugur breytinga. Hluti þeirra tengist orkuvinnslusvæðunum í Kröflu og Bjarnarflagi. Nánar er gerð grein fyrir breytingunum í Áfangaskýrslu 1.⁵

Aðalskipulagið 1996-2015 byggðist á eldri lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 36/1974 en samkvæmt þeim var allur hreppurinn friðlýstur.

Á grundvelli aðalskipulagsins frá 1997 með síðari tíma breytingum hafa verið unnar all margar deiliskipulagsáætlanir víðs vegar í sveitarfélaginu.

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 er nýtt aðalskipulag alls sveitarfélagsins sem m. a. byggir á lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Ákvæði þeirra laga taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt að ósi við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lögin til nokkurra tilgreindra votlendissvæða, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram vötnum, ám og lækjum.⁶

1.4. TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 tengist eftirtöldum áætlunum sem nánar er gerð grein fyrir í áfangaskýrslu 1, forsendum skipulagsáætlunarinnar⁷:

1.4.1. Alþjóðasamningar um náttúruvernd

- Alþjóðasamþykkt um fuglavernd. (1956)
- Ramsarsáttmálinn um votlendi (1997)

⁵ Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur. 5. kafli

⁶ Lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

⁷ Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur. 5. kafli

- Samningurinn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni (1992).
- Bernarsamningurinn um verndun villtra platna og dýra og lífsvæða í Evrópu (1993).

1.4.2. Landsáætlanir

- Samgönguáætlun
- Náttúruverndaráætlun
- Kerfisáætlun Landsnets 2010-2014
- Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 1. áfangi (2003)
- Nefndarálit um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga (2007)
- Stefnumörkun ríkisstjórnar um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni (2008)

1.4.3. Stefnumið stjórnvalda

- Velferð til framtíðar, stefnumörkun stjórnvalda 2002-2020.

1.4.4. Svæðisskipulagsáætlanir

- Svæðisskipulag háhitavæða í Þingeyjarsýslum
- Svæðisskipulag miðhálandisins

1.4.5. Aðalskipulagsáætlanir

- Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015

Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga

- Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2009-2021
- Aðalskipulag Norðurlþings 2005-2025
- Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028
- Aðalskipulag Hornafjarðar 2008-2028

1.4.6. Staðbundnar áætlanir

- Mývatn og Laxá, verndaráætlun 2011-2016
- Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðaðróun. Staðfest 28. febrúar 2011.



Mynd 1.5 Votlendi í Vindbelgjarskógi. Vindbelgur í bakgrunni.

1.4.7. Lög og reglugerðir

- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Skipulagsreglugerð nr. 400/1998 (skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gildir ekki um skipulagstillögu þessa sbr. 2. lið 9. kafla reglugerðarinnar).
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- Jarðalög nr. 81/2004.
- Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu nr. 97/2004.
- Lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007.
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
- Þjóðminjalög nr. 107/2001.
- Lög um landgræðslu nr. 17/1965.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Vegalög nr. 80/2007.
- Vatnalög nr. 20/2006.
- Lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006.

1.5. SKIPULAGSGÖGN


Aðalskipulag Skútustaðahrepps er sett fram í greinargerð þessari og á skipulagsuppdráttum. Um er að ræða þéttbýlisuppdrætti af Reykjahlíð og Skútustöðum (mkv. 1:10.000), sveitaruppdrátt (mkv. 1:50.000) og sveitarfélagsuppdrátt (mkv. 1:150.000). Auk þess eru í greinargerðinni skýringaruppdrættir og sem sýna nánar einstök atriði skipulagsáætlunarinnar.

Gerð er grein fyrir forsendum aðalskipulagsins í Áfangaskýrslu 1, Forsendur, nóvember 2010 (uppfærð í febrúar 2013).

Á sveitaruppdráttum og sveitarfélagsuppdráttum eru minni svæði ekki skilgreind nákvæmlega hvað varðar stærð og afmörkun en sýnd á táknrænan hátt sem hringur í lit viðkomandi landnotkunar.



Mynd 2.1 Reykjavíð



Mynd 2.2 Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi 1901-2011.

2. HELSTU FORSENDUR

Forsendur aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023 eru teknar saman í *Áfangaskýrslu I, Forsendur - október 2011/febrúar 2013*. Um er að ræða framsetningu ítarlegra forsendna aðalskipulagsáætlunarinnar. Í áfangaskýrslunni er gerð grein fyrir staðhættum, mannfjöldapróun og spám, atvinnulífinu og skiptingu milli atvinnugreina. Að lokum er þar fjallað um gildandi verndarákvæði og takmörkun á landnotkun í sveitarfélaginu.

Í stað þess að setja fram helstu forsendur, þ.e. útdrátt úr áðurnefndri áfangaskýrslu er hér vísað í Áfangaskýrslu I. Einungis er birt hér ágríp af staðaháttalýsingu og lýðtölum, þ.e. mannfjöldatölum og spám út frá þeim.

Áfangaskýrsla 1 er ítarefni en ekki hluti formlegra og staðfesta skipulagsgagna.

2.1. STAÐHÆTTIR

2.1.1. Byggð

Skútustaðahreppur er hálendasti hreppur landsins og jafnframt meðal þeirra víðfeðmustu (um 6.200 km²). Allir bæir í sveitinni eru í meira en 260 m. hæð yfir sjávarmáli. Sveitin er austust byggða í Suður-Þingeyjarsýslu. Gerð er grein fyrir hreppamörkum í kafla 1. 2.

Mývatnssveit er landbúnaðarhérað en veiðihlunnindi hafa ætíð haft afgerandi áhrif á afkomu íbúanna. Sveitin hefur auk þess um aldir verið áfangastaður erlendra ferðamanna, sem þangað hafa komið til náttúruskoðunar og veiða. „Upp úr miðri 20. öld varð veruleg breyting á þróun byggðar í Mývatnssveit en fram að því hafði sveitin verið hefðbundið landbúnaðarsamfélag. Með tilkomu Kísiliðjunnar árið 1966 myndaðist þéttbýliskjarni í landi Reykjavíðar sem óx enn frekar með byggingu Kröfluvirkjunar á áttunda áratugnum. Þá eflist mjög iðnaður og hvers kyns þjónusta við ferðamenn. Breytingarnar leiddu m.a. til mikillar íbúafjölgunar og í byrjun níunda áratugs 20. aldar bjuggu í sveitinni um hálft sjötta hundrað manns, þar af um helmingur í þéttbýli, einkum í Reykjavíð. Í kjölfarið urðu talsverðar breytingar á sveitabýlunum. Búskapur dróst saman eða lagðist af á allmörgum býlum þar sem fólk fór að sækja vinnu sína til hinna nýju atvinnugreina. Búseta hefur því haldist á

flestum jörðum síðustu árin þrátt fyrir mikinn samdrátt í landbúnaði.”⁸ Í Skútustaðahreppi eru 22 bújarðir á 57 lögbýlum (2009).

Auk þéttbýlisins í Reykjahlíð er einnig all þéttbýlt á Skútustöðum og í Vogum þótt ekki sé um eiginlega þorpsmyndun að ræða.⁹

Aðliggjandi sveitarfélög eru Fljótsdalshérað, Norðurþing og Þingeyjarsveit. Mörk við sveitarfélagið Hornafjörð eru á Vatnajökli.

2.1.2. Náttúrufar

Andstæður eru miklar í náttúrufari Skútustaðahrepps. Ummerki eldsumbrota eru þar hvarvetna og yfirborð landsins er víða þakið jarðfræðilega ungum hraunum sem runnið hafa frá gossprungum eftir að ísöld lauk.

Mikill hluti Skútustaðahrepps, að undanskilinni byggðinni sjálfri, er ofan við gróðurfarsleg hálendismörk, en þau eru á þessum slóðum í 300-400 m hæð yfir sjávarmáli. Um fjórðungur af heildarflatarmáli hreppsins að frátöldum jöklum er gróið land og er gróður fjölbreytilegur hvað snertir plöntutegundir og gróðurfélög. Hins vegar hefur orðið og á sér reyndar enn stað gróður- og jarðvegseyðing víða í hreppnum og sandburður sunnan af hálendinu ógnar stöðugt gróðri.

Mývatn er höfuðeinkenni sveitarinnar. Það er fjórða stærsta vatn landsins, 36,5 km². Vatnið er í 277 m hæð yfir sjávarmáli, vogskorið, með fjölda hólma og eyja, yfir 40 talsins. Mývatn er grunnt, meðaltalsdýpi þess er um 3 m og mesta dýpi aðeins um 5 metrar.

Samspil vatnsins og landslags skapar sérstæða heild. Í Mývatni er mikill fjöldi gervigíga og eru flestar eyjar í vatninu af þeim uppruna. Vatnakerfi Mývatns og Laxár er mjög frjósamt og þéttsetið fuglum af óvenjumörgum tegundum. Við Mývatn er talið að fleiri andartegundir séu en á nokkrum öðrum stað á jarðríki. Annað fuglalíf er einnig fjölskrúðugt.



Mynd 2.3 Grímsstaðir, Mývatn, Bláffall.

⁸ Jón Gauti Jónsson, Árbók Ferðafélags Íslands 2006.

⁹ www.myv.is sótt í febrúar 2009



Mynd 2.4 Ferðamenn í Dimmuborgum.

Nytjar af Mývatni hafa ætíð verið snar þáttur í afkomu íbúanna. Áður fyrr var það einkum silungsveiði og eggjataka en í seinni tíð, allt fram til ársins 2004, einnig kísilgúrnám.

Náttúrufegurð við Mývatn er einstök og Mývatnssveit er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins. Sveitin er ekki síður tilkomumikil að vetri til. Nokkrir staðir við Mývatn draga sérstaklega að sér ferðamenn svo sem Dimmuborgir, Höfði, Hverfjall/Hverfell, Leirhnjúkur og Krafla, gervigígarnir við Skútustaði, Hverir austan Námaskarðs og Grjótagjá svo eitthvað sé nefnt.

Úr Mývatni rennur Laxá, ein gjöfulasta og eftirsóttasta veiðiá landsins. Í Mývatn rennur aðeins Grænilækur úr Grænavatni á yfirborði. Mest allt það vatn sem í Mývatn rennur fellur til neðanjarðar, bæði heitt og kalt.

Þrátt fyrir að Mývatn sé uppi á hálendi hefur sveitin verið fjölbyggð frá öndverðri byggð Íslands, en eflaust hefur mestu skipt hversu gjöfult vatnið hefur verið um aldir.

Um náttúrufar í Skútustaðahreppi er að öðru leyti vísað í Áfangaskýrslu 1.¹⁰

2.1.3. Veðurfar

Nokkrar sjálfvirkar veðurstöðvar eru í hreppnum. Veðurstofa Íslands er með sjálfvirka veðurstöð á Neslandatanga, Landsvirkjun við Bjarnarflag og Vegagerðin er með sjálfvirkar veðurstöðvar á Mývatnsheiði og Mývatnsöræfum. Mönnuð veðurstöð hefur verið í Reykjahlíð allt frá þriðja áratug síðustu aldar.

„Mývatnssveit er margrómuð fyrir veðurfar og á sér það sínar náttúrulegu skýringar. Vatnajökull sér um að þurrka allan raka úr sunnanáttum og norðanáttir hafa misst mátt sinn er þær ná inn til Mývatns. Þetta veldur því að sveitin er með þeim þurrviðrasamari á landinu með minna en 400 mm ársúrkomu en jafnframt er hún sólrík. Í þurrum árum getur þurrkurinn staðið gróðrinum mjög fyrir þrifum. Ef ekki nyti hins ríkulega lindavatns má gera ráð fyrir að sveitin væri ein eyðimörk yfir að líta. Hitastig er að meðaltali lítið eitt lægra en í láglandi sveitum norðanlands, einkum að vetrarlagi, og mismunur hámarks- og lágmarkshita er nokkuð mikill. Hiti fer yfir 20 stig að jafnaði nokkrum sinnum á sumri og eins er algengt að frost fari niður fyrir -20

¹⁰ Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur. Kafli 2.2

stig á vetrum og jafnvel í -30 stig. Það gerist þó ekki nema þegar loftið er þurr og kyrrt. Í miklum frostum myndast oft þoka yfir Mývatni austanverðu þar sem vatnið er alltaf íslaut vegna innstreymis uppsprettuvatns. Sveitin er fremur snjólétt sé miðað við nágrannasveitirnar nær sjónum.”¹¹

Nánar er fjallað um staðhætti í Áfangaskýrslu 1.¹²

2.2. SAMFÉLAG

2.2.1. Íbúafjöldi

Í Skútustaðahreppi bjuggu 386 íbúar í ársbyrjun 2011, þar af 187 í Reykjahlíð. Á síðustu 20 árum hefur íbúum fækkað í Skútustaðahreppi að meðaltali um 1,5% á ári.

Hagstofan vinnur mannfjöldaspá fyrir landið í heild og er þar gert ráð fyrir að árleg fjölgun landsmanna verði innan við 1% næstu 20 árin, eða að meðaltali 0,7% á ári. Hagstofan gerir ráð að frá og með árinu 2011 muni fólki fjölga aftur á landinu þrátt fyrir neikvæðan flutningsjöfnuð bæði þá og á árinu 2012¹³. Eftir það fari íbúum fjölgandi og verði árleg fjölgun í lok árs 2028 um 0,76 %.

Framreikningar á fólksfjölda og aldursskiptingu í Skútustaðahreppi til ársins 2028 eru hafðir með hér til þess að sýna þær breytingar sem spáð er á aldursamsetningu íbúanna næstu árin eftir lok skipulagstímabilsins enda verða þær tiltölulega snöggar og gefa tilefni til viðbúnaðar í tíma.

Til þess að meta íbúafjöldann í sveitarfélaginu næstu áratugina eru gerðar þrjár spár, spá A, B og C

Spá A: Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands fyrir landið allt.

Spá B: Íbúafjöldinn stendur í stað.


Spá C: Árleg fækkun sbr. árin á undan.

Á þessum grunni má áætla að íbúafjöldi sveitarfélagsins verði um 320 – 430 manns í lok skipulagstímabilsins eða árið 2022. Árið 2028 má á sama hátt áætla að um 300 –


¹¹ Jón Gauti Jónsson, Árbók Ferðafélags Íslands 2006

¹² Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur. 2. kafli

¹³ Hagtíðindi 2010:3, júlí 2010. <http://hagstofa.is/Hagtölur/Mannfjöldi>



Mynd 2.5 Spár um íbúafjölda í Skútustaðahreppi.



Mynd 2.6 Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi og Reykjahlíð 1998-2011.

450 manns búi í sveitarfélaginu. Utanaðkomandi aðgerðir geta haft mikil áhrif á brott- og aðflutning íbúa og hver íbúi vegur þungt í fámennu samfélagi. Óvissan í framreikningum er því talsverð.


Tæpur helmingur íbúa sveitarfélagsins býr í Reykjahlíð. Uppbyggingarmöguleikar atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar eru mestir þar og því gæti þetta hlutfall breyst er fram líða stundir.

2.2.2. Aldursskipting


Hér er aldursdreifing íbúa Skútustaðahrepps árið 2008 tekin til viðmiðunar. Með því að gera ráð fyrir sams konar breytingum á aldursdreifingu og Hagstofan reiknar með fyrir landið í heild er síðan áætluð aldursdreifing íbúa hreppsins fyrir árin 2020 og 2028.

Hlutfall barna er mjög lágt í sveitarfélaginu miðað við landið allt og hlutfall barna á grunnskólaaldri (6-15 ára) er ívið lægra í sveitarfélaginu en á landinu öllu. Hlutfall fólks á starfsaldri er nokkuð herra í sveitarfélaginu en landinu öllu. Hlutfall þeirra sem er á eftirlaunaaldri er herra í Skútustaðahreppi en á landsvísu.


Aldursdreifing í Skútustaðahreppi 2008



Áætluð aldursdreifing í Skútustaðahreppi 2020



Áætluð aldursdreifing í Skútustaðahreppi 2028






Mynd 2.7 Aldursdreifing í Skútustaðahreppi.



Á næstu tveim áratugum verða veigamiklar breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Hlutfall barna og ungmenna af heildarmannfjölda lækkar, hlutfall fólks á starfsaldri breytist lítið en hlutfall fólks á eftirlaunaaldri hækkar umtalsvert enda hafa lífslíkur fólks aukist og fæðingatiðni dregist saman. Ef lítið er fram í tímann fer hlutfallstala fólks á starfsaldri fyrst hækkandi en síðan lækkar hún. Öldruðum fjölgar ört hlutfallslega.

Lækkandi hlutfall skólabarna vegur á móti fjölgun íbúa í spá A þannig að tala barna og ungmenna á skólaaldri verður nánast sú sama eftir tuttugu ár og í dag þótt sú spá gangi eftir. Til samanburðar myndi fólki á eftirlaunaaldri fjölga um allt að 25 næstu tíu árin og um allt að 50 á næstu tuttugu árum miðað við spá A og miðað við kyrrstöðuspá B myndi öldruðum einnig fjölga.

Svokallaður aldurspíramídi sýnir vel hlutfall aldurshópa (10 ára aldurshópar). Aldursdreifing til sveita á Íslandi vísar nokkuð frá meðaltali landsins með hærri hlutfalli rosinna (40-69 ára) og lágu hlutfalli barna og fólks á fertugsaldri. Þessi frávik eru meiri í Skútustaðahreppi en að meðaltali í sveitum landsins. Ójafn aldurspíramídi er áhyggjuefni.



Mynd 2.8 Aldurspíramídar



Mynd 2.9 Atvinnuþátttaka í Skútustaðahreppi, hlutfallsskipting.

2.2.3. Íbúðarhúsnæði

Árið 2008 voru 2,5 íbúar á íbúð á landinu öllu en um 2,3 í Skútustaðahreppi.¹⁴. Reiknað er með því að fjöldi íbúa á íbúð breytist lítið á skipulagstímabilinu.

Þær spár sem gerðar voru um fólksfjölgunina gefa mismunandi mynd af þörf fyrir nýjar íbúðir, allt frá fólksfækkun og kyrrstöðu (spár B og C) upp í þörf fyrir um 15 íbúðir á skipulagstímabilinu (spá A). Síðan má reikna með um 13 íbúðum til viðbótar á tímabilinu 2020-2028 (spá A). Spá um íbúðarþörf tekur ekki til hugsanlegrar spurnar eftir íbúðum fyrir tvöfalda búsetu (annað heimili fólks með lögheimili annars staðar) eða ófyrirséðs aðflutnings nýrra íbúa. Á íbúðarsvæðum í Reykjahlíð er rými fyrir um 37 nýjar íbúðir miðað við þann þéttleika byggðar, sem miðað er við í kafla 4.3. Auk þess má líta til svæðis austan Múlavegar til síðari nota með u.þ.b. 36 íbúðalóðum.

2.2.4. Atvinnulíf

Árið 1998 voru skráð 237 ársverk í sveitarfélaginu en árið 2005 voru þau 233. Á árinu 2005 voru 233 íbúar á aldursbilinu 21-66 ára í Skútustaðahreppi. Skráð ársverk nema því 100% af íbúum á því aldursbili.

Lokun Kísiliðjunnar 2004 hafði mikil áhrif á atvinnulíf hreppsins. Að einhverju leyti hafa störf í þjónustugreinum komið í stað horfinna starfa þar en ársverkum í þjónustugreinum hefur fjölgað jafnt og þétt. Þau voru árið 2005 um 65% af ársverkum það árið. Þjónusta tengd ferðamönnum er þar stór liður og hefur störfum tengdum ferðaþjónustu fjölgað mest innan þjónustugreina.

Líklegt er að vægi þjónustugreina muni aukast á næstu árum og áratugum enda er ferðaþjónusta hvers konar vaxandi atvinnugrein á svæðinu.

2.3. TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Gerð er grein fyrir tengslum við aðrar áætlanir í 5. kafla forsenduheftis.

Áætlun	Tengsl við aðalskipulag Skútustaðahrepps
Alþjóðasamningar, Ramsarsáttmálinn, Bernarsamningurinn o.fl.	Markmið felld inn í Verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011-2016

¹⁴ Fasteignamat ríkisins

Áætlun	Tengsl við aðalskipulag Skútustaðahrepps
Samgönguáætlun	Stakar framkvæmdir, drög að nýrri brú á Jökulsá.
Náttúruverndaráætlun	Stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum.
Kerfisáætlun Landsnets 2010-2014	Kröflulína 3, línuleiðir að Þeistareykjum og Húsavík.
Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 1. áfangi (2003)	Kröfluvirkjun (stækkun) og Bjarnarflagsvirkjun eru á rammaáætlun 1 og í drögum að rammaáætlun 2.
Nefndarálit um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga (2007)	Tillögur um verndun tveggja birkiskóga-svæða í svfél., í Sellandafjalli og Hlíðardal.
Stefnumörkun ríkisstjórnar um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni (2008)	Áhersla á verndun lífríkis á landi og í ferskvatni, vörn gegn ágengum framaandi tegundum, endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni m.m.
Velferð til framtíðar, stefnumörkun stjórnvalda 2002-2020.	Markmið um flesta þætti umhverfismála, náttúruverndar, orkunýtingar o.fl.
Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjar-sýslum	Orkuvinnslusvæði og flutningsleiðir raforku.
Svæðisskipulag miðhálandisins	Verndarákvæði og mannvirki.
Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015	Forsenda og grunnur nýs skipulags.
Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2009-2021	Flutningslínur raforku, virkjanavegur.
Aðalskipulag Norðurþings 2005-2025	Veglína og brú við Jökulsá.
Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028	Óbyggðir
Aðalskipulag Hornafjarðar 2008-2028	Óbyggðir, Vatnajökull.
Mývatn og Laxá, verndaráætlun 2011-2016.	Náttúruvernd, verndarákvæði.
Lög og reglugerðir	Sjá forsenduhefti.

3. STEFNA SVEITARSTJÓRNAR

3.1. LEIÐARLJÓS

Náttúrufegurð, landslag, lífríki og jarðhiti eru mikilvægar forsendur búsetu, atvinnulífs og aðdráttarafls Skútustaðahrepps.

Í Skútustaðahreppi skulu vera góð búsetuskilyrði. Þar skal vera öflugt, fjölbreytt og framsækið atvinnulíf sem m.a. byggist á landsins gæðum og sérstöðu svæðisins.

Umhverfismál, náttúruvernd og tengsl við sögu og söguminjar skulu höfð að leiðarljósi við skipulag og uppbyggingu byggðar og atvinnulífs.

Reykjahlið verði styrkt sem þjónustukjarni sveitarfélagsins.

3.2. LANDNOTKUN

- Styrkja skal búsetu og skapa svigrúm til uppbyggingar fjölbreyttrar atvinnustarfsemi án þess að ganga um of á náttúrufar og umhverfisgæði sveitarinnar.
- Kappkosta skal að atvinnustarfsemi og mannvirkjagerð hafi ekki í för með sér óafturkræfar breytingar sem í framtíðinni rýri sérstöðu og gildi Mývatns-sveitar fyrir óvenju litskrúðugt og fjölbreytt lífríki, landslag og jarðmyndanir.
- Landnotkun til hverskonar atvinnustarfsemi og mannvirkjagerðar miðist við að bæta yfirbragð og ásýnd sveitarfélagsins.
- Lögð skal rík áhersla á náttúruvernd og söguminjar við nýtingu lands og landgæða. Forðast skal röskun jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.
- Stefnt er að því að gott landbúnaðarland verði áfram notað til búvöruframleiðslu. Landnotkun og breytingar á henni skulu fyrst og fremst miðast við að ekki verði skertir möguleikar til notkunar landsins til búvöruframleiðslu í framtíðinni.
- Stefnt er að því að hefðbundinn búskapur verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina sem fara vel á

slíkum svæðum, geta styrkt atvinnulífið í sveitarfélaginu og falla vel að umhverfinu.

- Stefnt er að því að búfjárhald færist alfarið út úr þéttbýlinu í Reykjahlíð og sauðfjárbættir í sveitarfélaginu verði í lokuðum beitarhólfum, þar sem sjálfbær landnýting er höfð að leiðarljósi".
- Stefnt skal að því að rýrt og orfoka land verði friðað fyrir búfjárbættir og grætt upp.
- Á hálendinu skal einungis gera ráð fyrir göngu- og útivistarskálum/gangnamannaskálum og byggingum á skálasvæðum/hálendismiðstöðum í eigu opinberra aðila, samtaka eða ferðaþjónustu- og útivistarféлага.
- Í Reykjahlíð verði öflug miðstöð opinberra þjónustu, verslunar og annarrar þjónustu í góðum tengslum við íbúa sveitarfélagsins og ferðamenn.
- Á sérhæfðum iðnaðarsvæðum fyrir orkuvinnslu í Kröflu og Bjarnarflagi er stefnt að því að áfram verði unnið að virkjun jarðvarma til almennra nota og atvinnuuppbyggingar.
- Frístundabyggð verði takmörkuð við fá afmörkuð svæði þar sem aðstæður og staðhættir leyfa.

3.3. BYGGÐAÞRÓUN OG BYGGÐAMYNSTUR

- Stefnt er að fallegri og aðlaðandi byggð með góðri byggingarlist sem m. a. felst í viðeigandi húsgerðum, innbyrðis samræmi og góðri aðlögun að eldri byggð og umhverfi.
- Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s.s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.
- Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingum öðrum en þeim sem tengjast bæjar- og húsabyrpingum sem þar eru fyrir.
- Lögð er áhersla á uppbyggingu og eflingu Reykjahlíðar sem þungamiðju byggðar, verslunar og þjónustu í sveitarfélaginu. Ekki er gert ráð fyrir að fjölga þéttbýliskjörnum í sveitarfélaginu umfram það sem orðið er.



Mynd 3.1



Mynd 3.2

- Stefnt er að því að byggðin í Reykjahlíð verði samfelld eftir því sem kostur er. Með nýbyggingum verði leitast við að bæta ásýnd og yfirbragð þéttbýlisins.
- Bygging frístundahúsa verði í takmörkuðum mæli heimil á lögbýlum/bújörðum samkv. ákveðnum reglum sem settar eru í aðalskipulagi.
- Bygging íbúðarhúsa án tengsla við búrekstur á núverandi lögbýlum verði heimil í takmörkuðum mæli þar sem aðstæður leyfa samkv. ákveðnum reglum sem settar verða í aðalskipulagi.

3.4. SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI

- Lögð er áhersla á gott skipulag samgöngukerfisins þar sem öryggi allra vegfarenda er í öndvegi.
- Skilgreindar verði göngu- og reiðleiðir í sátt við viðkvæma náttúru og umhverfi.
- Hugað verði að skilgreiningu nýrra vega um sveitina fjarri vatnsbökkum Mývatns vegna vaxandi gegnumaksturs þungaumferðar.
- Ekki er gert ráð fyrir nýjum akvegum á hálendinu en endurbætur og endurnýjun er þó heimil eftir því sem þörf krefur.
- Hugað skal sérstaklega að ferlimálum fatlaðra við skipulag og framkvæmdir, m. a. við útfærslu og framkvæmd stígakerfis þéttbýlisins.
- Íbúar alls sveitarfélagsins skulu hafa aðgang að öflugum og öruggum fjarskiptum (sími, tölvusamband, sjónvarp/hljóðvarp).
- Tryggja skal aðgengi að góðu neysluvatni m. a. með vel skilgreindum vatnsverndarsvæðum.
- Fráveitumálum verði hagað í samræmi við ákvæði reglugerða þannig að ekki verði hætt á umhverfismengun.

3.5. UMHVERFISMÁL

- Tekið skal mið af sjónarmiðum um sjálfbæra þróun samfélags og byggðar við skipulag og uppbyggingu sveitarfélagsins.
- Stefnt er að því að búseta og náttúruvernd verði í sátt og með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

- Lögð er áhersla á að varðveita sem best landslag og ásýnd svæðisins.
- Sérstök náttúrufyrirbæri skulu njóta hverfisverndar. Þau svæði skulu skilgreind og lúta sérstökum hverfisverndarákvæðum.
- Unnið skal að varðveislu menningarminja.
- Skilgreina skal ný efnistökusvæði í sveitarfélaginu í samráði við landeigendur og mikilvæga notendur og loka og ganga frá námum sem ekki eru lengur notaðar.
- Skógræktaráætlanir verði í samræmi við verndaráætlun sbr. lög um verndun Mývatns og Laxár.
- Skógræktaráætlanir skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til samþykktar.
- Þróaðar verði viðmiðunarreglur um skógrækt á landbúnaðarsvæðum. (Sjá 4.12.5).
- Í skógræktaráætlunum skal fyrst og fremst miðað við innlendar trjategundir. Það á sérstaklega við um verndarsvæði Mývatns og Laxár.
- Stefnt skal að uppgræðslu svæða í samstarfi við bændur, landeigendur og Landgræðslu ríkisins þar sem alvarlegt rof og gróður- og jarðvegseyðing á sér stað.
- Stefnt skal að því að rýrt gróðurlendi, auðnir og örfoka land verði friðað fyrir beit.

Skipulagskostir s.s. ný og breytt landnotkun var metin út frá eftirfarandi þáttum (sjá kafla 7.6):

UMHVERFISÞÆTTIR	LÝSING
Náttúruverndarákvæði	Afstaða svæðis til verndarsvæða og verndarákvæða. Hefur landnotkun áhrif á land eða náttúrufyrirbrigði, sem njóta formlegrar og skilgreindrar verndar?
Sérstök vernd, jarðmyndanir og vistkerfi	Eru náttúrufyrirbrigði sem tilgreind eru í 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og njóta sérstakrar verndar innan umrædds svæðis.
Byggðamynstur og yfirbragð byggðar	Litið til stefnu sveitarstjórnar eftir því sem við á.
Samgöngur	Litið til samhengis við núverandi vegakerfi. Umferðaröryggi.
Opið land, víðerni	Hefur viðkomandi landnotkun áhrif á opið land, óbyggð svæði eða víðerni sem hafa gildi vegna náttúrufars, útivistar og upplifunar eða auðlinda?
Landbúnaðarland, ræktað land	Miðað er við meginmarkmið jarðalaga sem stutt er markmiðum sveitarstjórnar um varðveislu góðs landbúnaðarlands.
Fornminjar	Samanburður við minjaskrá. Hefur landnotkun áhrif á skráða minjastaði?
Samræmi við stefnu sveitarstjórnar	Litið til þeirra þátta sem við eiga.
Samræmi við stefnu stjórnvalda.	Litið til þeirra þátta sem við eiga.

Flatarmál svæða og landnotkunarreita er tilgreint í töflum í viðkomandi köflum. Ekki er tilgreint flatarmál opinna svæða og landbúnaðarsvæða. Flatarmál svæða, sem merkt eru sem punktur eða staður á uppdrætti skulu ákvörðuð á lægra skipulagsstigi. Þar sem vísað er í uppbyggingu samkvæmt deiliskipulagi gildir einu hvort deiliskipulag liggir fyrir nú eða síðar.

4. LANDNOTKUN

4.1. ALMENN ATRIÐI

4.1.1. Merking og afmörkun reita

Landnotkunarreitir eru auðkenndir með litum í samræmi við skipulagsreglugerð en einnig með númeri og bókstaf. Númerin eru óháð landnotkun sem er auðkennd með bókstöfum. Verði landnotkun á tilteknum reit breytt breytist litur hans og bókstafsauðkenni en númer verður hið sama. Óbyggð svæði eru að jafnaði ekki merkt nema þar sem getið er um hugsanlega nýtingu þeirra síðar.

Meginregla við afmörkun landnotkunarreita er að fylgja eignamörkum, landfræðilegum mörkum eða miðlínunum aðliggjandi gatna, allt eftir því sem við á hverju sinni. Í þéttbýli mætast landnotkunarreitir í flestum tilvikum á miðlínunum gatna og sýnir samanlagt flatarmál reitanna því heildarflatarmál skipulagðra svæða (án óbyggðra svæða). Nýtingarhlutfall miðast við brúttóstærð reita (að miðlínu gatna).

4.1.2. Umhverfismat

Þótt ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 eigi einungis við efnisþætti, sem tilgreindir eru í viðaukum I og II við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 verða helstu viðfangsefni skipulagsvinnunnar, þ.e. ný og breytt landnotkun, metin út frá þeim viðmiðum, sem helst eru talin skipta máli auk stefnu sveitarstjórnar, annarra yfirvalda og markmiða laga. Verkerfi umhverfismats áætlana verður þannig beitt við ákvarðanatöku um landnotkun.

Gerð er grein fyrir umhverfismati vegna ákvarðana sveitarstjórnar um breytingar á gildandi aðalskipulagi í umhverfisskýrslu í kafla 7.

4.1.3. Byggingarlist og mannvirkjagerð

Mývatnssveit er ein merkilegasta náttúruperla landsins. Fegurð sveitarinnar er rómuð og einstök á heimsvísu. Mikill fjöldi ferðamanna leggur leið sína í Mývatnssveit til þess að upplifa óviðjafnanlegt umhverfi.

Því er það eindregin stefna skipulagsáætlunarinnar að manngert umhverfi skuli öðru fremur einkennast af góðri byggingarlist og sómasamlegri umgengni og frágangi bújarða og lóða. Mannvirki skulu felld að landi á smekklegan hátt með virðingu fyrir

náttúrunni. Umfang bygginga, húsgerð, form og litasetning skal vera í góðu samræmi við viðkvæmar aðstæður hverju sinni. Einfaldar skúrabýggingar s.s. endurnýttar vinnubúðir eða gámaeiningar eru ekki viðeigandi húsgerðir í einstöku umhverfi Mývatnssveitar. Þar sem mannvirki kunna að verða heimiluð á eldhrauni skal þess gætt að rask verði sem minnst, mannvirki verði aðlöguð sem best að landslagi og hugað að afturkræfni framkvæmda.

Byggingarnefnd og sveitarstjórn ber að meta þessi atriði við afgreiðslu byggingarleyfa með það að markmiði at tryggja gæði bygginga m.t.t. notagildis, endingar, tæknilegra gæða, útlits og formfegurðar.

Ákvæði sem stuðla að vandaðri umhverfismótun og góðri byggingarlist skulu sett í deiliskipulagi viðkomandi svæða sbr. stefnu sveitarstjórnar í kafla 3.3. Vísað er til stefnu íslenskra stjórnvalda um hönnun og byggingu opinberra mannvirkja hvað snertir markmið og sjónarmið um gæði byggingarlistar og mótun hins manngerða umhverfis.¹⁵

4.2. ÞÉTTBÝLI

Þéttbýli er í Reykjahlíð en auk þess er þéttbýlt á Skútustöðum og í Vogum. Ekki er gert ráð fyrir frekari þéttbýlismyndun í sveitinni. Á skipulagsupprætti eru dregin þéttbýlismörk, sem eru skipulagsmörk þéttbýliskjarnanna. Svæðið innan þéttbýlismarkna í Reykjahlíð er 64,8 ha og Skútustaða 21,6 ha. Á þéttbýlisupprætti skipulagsins er gerð grein fyrir skipulagi innan þéttbýlismarkna en á sveitarfélagsupprætti er þéttbýli táknað sem einn samfelldur landnotkunarreitur.

Innan þéttbýlismarkna gilda önnur viðmið um vegakerfi en utan þeirra, t.d. um helgunarsvæði þeirra gatna sem tilheyra þjóðvegakerfinu, fjarlægð bygginga frá þeim og hámarkshraða.

4.3. ÍBÚÐARSVÆÐI (ÍB)

Íbúðarsvæði (Íb) eru einungis í Reykjahlíð og á Skútustöðum. Á núverandi íbúðarsvæðum er allmargar óbyggðar lóðir, sem nærtækt er að nýta fyrir þær íbúðarbygg-

Stefna sveitarstjórnar:

Stefnt er að fallettri og aðlaðandi byggð með góðri byggingarlist sem m. a. felst í viðeigandi húsgerðum, innbyrðis samræmi og góðri aðlögun að eldri byggð og umhverfi.

Lög um náttúruvernd nr 44/1999

35. gr. Hönnun mannvirkja.

Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

LANDNOTKUNARFLOKKAR

Íb	Íbúðarsvæði
S	Svæði fyrir þjónustustofnanir
M	Miðsvæði
V	Verslunar- og þjónustusvæði
O	Opin svæði til sérstakra nota
A	Athafnasvæði
I	Iðnaðarsvæði
H	Hafnarsvæði
Ó	Óbyggð svæði
L	Landbúnaðarsvæði
F	Svæði fyrir frístundabyggð
E	Efnistökusvæði
R	Sorpförgunarsvæði
N	Náttúruverndarsvæði
Þ	Þjóðminjaverndarsvæði
Hv	Hverfisverndarsvæði

¹⁵. Menntamálaráðuneytið. Menningarstefna í mannvirkjagerð, stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Apríl 2007.

Þéttbýli:

Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð á milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.1.1)

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.3.2)



Mynd 4.1 Landnotkun í Reykjavíð.

ingar, sem þörf verður fyrir á næstu árum. Miðað er við að íbúðir verði fyrst og fremst í sérbýlishúsum, einbýlis-, rað- og parhúsum. Þéttleiki íbúðarbyggðar verði á bilinu 8-12 íb/ha og skal hann nánar skilgreindur í deiliskipulagi viðkomandi reita. Ný byggð skal eftir því sem við á taka mið af yfirbragði aðliggjandi byggðar.

Í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar er talsvert svigrúm fyrir aðra starfsemi innan íbúðarsvæða, svo fremi sem uppfylltar eru þær kröfur, sem þar eru settar. Ekki þarf að gera grein fyrir slíkri starfsemi í aðalskipulagi en skilgreina skal hana í deiliskipulagi eða með grenndarkynningum eftir því sem við á. Blanda íbúðarbyggðar og atvinnustarfsemi er æskileg að vissu marki og getur blönduð byggð haft eftirsóknarverða eiginleika. Auk íbúðarbyggðar á íbúðarsvæðum ert ráð fyrir íbúðarbyggð á miðsvæðinu í Reykjavíð, reitum 104-M, 108-M, 109-M og 113 M. Nánar er fjallað um miðsvæði í kafla 4.5.

Á Skútustöðum er skilgreint svæði fyrir blandaða landnotkun, verslunar- og þjónustusvæði/íbúðarsvæði (203-Íb/V) þar sem einkum er litið til gistiðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn.

Á nokkrum stöðum í bæjarlandinu eru stök íbúðarhús frá fyrri tíð á svæðum, sem skilgreind eru sem „óbyggð svæði“ án þess að áform séu uppi um að húsin eigi að víkja, en á „óbyggðum svæðum“ eru byggingarframkvæmdir almennt óheimilar sbr. skipulagsreglugerð. Á uppdráttum eru þessi hús auðkennd með hring með lit íbúðarsvæða, sem táknar að húsin séu í fullum rétti og að heimilt sé að byggja við þau eða endurnýja án þess að öll viðkomandi landareign/lóð sé skilgreind sem íbúðarsvæði.

Í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 var gert ráð fyrir íbúðarbyggð til síðari nota (þ.e. eftir skipulagstímabilið) austan íbúðarsvæðis 116-Íb. Þar gæti verið rými fyrir um 36 íbúðarlóðir miðað við hefðbundna einbýlishúsabyggð en nokkuð fleiri íbúðir ef byggð yrðu þar raðhús eða blönduð byggð. Svæðið er ekki sett inn á aðalskipulagsuppdrátt á þessu stigi.

Opin svæði og leiksvæði í íbúðarhverfum eru ekki sýnd sérstaklega í aðalskipulagi en afmörkun þeirra skal ákveðin í deiliskipulagi. Innra gatnakerfi er aðeins sýnt til skýringar í aðalskipulagi. Staðfestur aðalskipulagsuppdráttur sýnir stofn- og tengivegi svo og tengingu landnotkunarreita við ytra gatnakerfið.

Á íbúðarsvæðum í Reykjahlíð er rými fyrir um 40 nýjar íbúðir miðað við áætlaðan þéttleika byggðar. Auk þess má líta til svæðis 118 austan Múlavegar, sem ætlað er til síðari nota, með u.þ.b. 36-45 íbúðalóðum.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
110-Íb	1,3	Reykjahlíð I og IV	Eitt íbúðarhús, að öðru leyti óbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Lágrest byggð sérbýlishúsa. Áætlaður þéttleiki: 5 íb./ha. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
114-Íb	2,7	Reykjahlíð	Fullbyggt.	Óbreytt
116-Íb	9,5	Reykjahlíð	Meginhluti íbúðarbyggðarinnar. Byggt að hluta (42 íbúðir).	Lágrest byggð einbýlis- og parhúsa. Áætlaður þéttleiki: Um 8 íb/ha. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
203 Íb/V	1,7	Skútustaðir	Óbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Eins til tveggja hæða byggð. Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,15. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
331-Íb	0,2	Hrútavogstangi	Byggt að hluta. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Tvær einbýlishúsaloðir. Hámarksnýtingarhlutfall: N: 0,2.
372-Íb	0,45	Geiteyjarströnd	Byggt að hluta. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Fimm einbýlishúsaloðir.

4.4. SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR (S)

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir nýju svæði fyrir þjónustustofnanir upp með Hlíðavegi að norðanverðu (106-S). Að öðru leyti er um að ræða svæði fyrir skóla, heilbrigðisþjónustu, kirkjur og aðrar samfélags- og menningarstofnarnir. Fuglasafn Sigurgeirs Stefánssonar að Ytri-Neslöndum (342-S) og jarðböðin í Jarðbaðshólum (328-S) eru einnig skilgreind sem þjónustustofnanir.

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.3.1)



Mynd 4.2 Jarðböðin í Jarðbaðshólum. Hverfjall í bakgrunni.



Mynd 4.3 Reykjavíð. Miðsvæði, verslunar- og þjónustusvæði, stofnansvæði og opin svæði til sérstakra nota.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
102-S	0,1	Reykjahlíð	Reykjahlíðarkirkja	Fullbyggt
106-S/V	0,6	Meðfram Hlíðavegi að norðanverðu	Blönduð landnotkun. Óskipulagt, óbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Allt að tveggja hæða byggð að Hlíðavegi. Heilsugæslustöð, þjónustuíbúðir fyrir aldraða og aðrar stofnanir eða þjónustustarfsemi. N: 0,4. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
115-S	0,4	Sunnanvert við Hlíðaveg	Hreppsskrifst. og fl. Byggt að hluta	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
121-S	2,7	Norðan Hlíðavegar, austast í þéttbýlinu	Grunnskólalóð. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,2. Uppbygging skv. deiliskipulagi
122-S/V	1,1	Meðfram Hlíðavegi að norðanverðu	Blönduð landnotkun. Óskipulagt, óbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Allt að tveggja hæða byggð að Hlíðavegi. Þjónustuíbúðir, stofnanir eða þjónustustarfsemi. N: 0,4. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
206-S	0,03	Skútustaðir	Skútustaðakirkja	Fullbyggt
208-S	0,9	Skútustaðir	Náttúrurannsóknarstöð og félagsheimili. Byggt að hluta. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,4. Uppbygging samkv. deiliskipulagi
328-S	1,9	Jarðbaðshólar	Jarðböðin við Mývatn. Deiliskipulag liggur fyrir	Byggt að hluta. Uppbygging samkv. deiliskipulagi
342-S	1,6	Ytri- Neslönd	Fuglasafn Sigurgeirs Stefánssonar og tilheyrandi bílastæði. Fullbyggt	

4.5. MIÐSVÆÐI (M)

Í aðalskipulaginu eru nokkur svæði í Reykjahlíð skilgreind sem miðsvæði (104-M, 108-M, 109-M og 113-M). Tilgangurinn er að þar þróist og vaxi fram áhugaverð bæjarmynd og eftirsóknarvert umhverfi með áherslu á ferðapjónustu.

Skilgreint er nánast samfellt svæði fyrir miðsvæðisstarfsemi frá Hótel Reyknhlíð í norðri suður fyrir Hótel Reykjahlíð. Svæði 113-M er ætlað almennri miðbæjarstarfsemi en önnur svæði aðallega ferðapjónustu.

Bílastæðakrafa á lóðum miðsvæðisins skal taka mið af mögulegri samnýtingu bílastæða milli lóða og svæða. Þess skal gætt eftir því sem kostur er að bílastæði verði ekki ráðandi umhverfisþáttur í bæjarumhverfinu.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
104- M	4,3	Reynihlíð, Víðihlíð og grennd	Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Hótel og íbúðarhús.	Hótel og önnur gistiaðstaða ásamt verslunum og annarri þjónustustarfsemi svo sem stofnunum tengdum ferðapjónustu, upplýsingamiðstöð og gestastofa. Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,8. Allt að þriggja hæða byggingar. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
108- M	0,59	Hótel Reykjahlíð	Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Hótel ásamt annarri þjónustustarfsemi. Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,2. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Hámarks-hæð nýbyggingar eða viðbyggingar miðist við núverandi byggingu.
109- M	1,0	Reykjahlíð 4	Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Eitt íbúðarhús er á svæðinu.	Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,5. Allt að þriggja hæða byggingar. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu, sem þjónar heilu landssvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.4.1)



Mynd 4.4 Reykjahlíð

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.5.1)



Mynd 4.5 Verslun í Reykjahlíð.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
113-M	2,6	Reykjahlíð. Austan þjóðveggar	Deiliskipulag liggur aðeins fyrir á hluta svæðisins.	Stofnanir, verslun og önnur þjónustustarfsemi. Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,2. Lágrest byggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

4.6. VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI (V)

Á svæðum fyrir verslun og þjónustu utan þéttbýlis getur t.d. verið ferðaþjónusta, hótél, ráðstefnusetur, umfangsmikil veitingaþjónusta og bensinstöðvar.

Norðan þjóðveggar við Skútustaði er skilgreint verslunar- og þjónustusvæði (202-V) í stað blandaðrar landnotkunar verslunar- og þjónustusvæði/svæði fyrir þjónustustofnanir.

Á landbúnaðarsvæðum (á lögbýlum/bújörðum) er ákveðið svigrúm fyrir sérhæfðar byggingar fyrir ferðaþjónustu eða aðra viðeigandi starfsemi að mati sveitarstjórnar án þess að skilgreina þurfi slík svæði og afmarka sem verslunar- og þjónustusvæði í aðalskipulagi. Skilgreining slíkrar starfsemi í sveitinni umfram 1.500 m² heildarflatarmál bygginga (nýjar byggingar og gamlar) krefst sérstakrar afmörkunar í aðalskipulagi sbr. kafla 4.11.

Svæði fyrir verslun og þjónustu eru fyrst og fremst í Reykjahlíð og á Skútustöðum. Nokkur svæði skilgreind með blandaðri landnotkun, svæði til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæði, og eru þau tilgreind sérstaklega í kafla 4.8. Þar er aðallega um að ræða tjald- og hjólhýsasvæði ásamt tilheyrandi þjónustu. Um þau gilda eftir því sem við eiga ákvæði þessa kafla.

Tvö önnur svæði eru skilgreind sem blönduð landnotkun með verslun- og þjónustu. Um er að ræða gistiaðstöðu fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi þjónustu á Skútustöðum þar sem einnig er gert ráð fyrir íbúðarbyggð (203-Ib/V), sjá kafla 4.3, og í Reykjahlíð er svæði upp með Hlíðarvegi norðanverðum þar sem gert er ráð fyrir þjónustustofnunum ásamt verslun og þjónustu (106-S/V), sjá kafla 4.4. Þar er einkum litið í húsnæðis og þjónustu fyrir aldraða og aðra starfsemi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
107- V	2,2	Reykjahlið 1	Óbyggt svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hótel eða önnur gisti- aðstaða ásamt tilheyrandi þjónustu. Hámarks- nýtingarhlutfall, N:0,5. Allt að fjögurra hæða byggingar. Uppbygging skv. deiliskipulagi
202- V	1,3	Skútustaðir norðan þjóðvegjar	Byggt að hluta til og nýtt fyrir hótelfarsemi. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Nýtingarhlutfall lóðar: 0,13	Hótel eða önnur gisti- aðstaða ásamt tilheyrandi þjónustu. Hámarks- nýtingarhlutfall, N: 0,4. Allt að tveggja hæða byggingar. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
204-V	0,8	Skútustaðir 2 sunnan þjóðvegjar	Hótel og þjónusta. Fullbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hótel eða önnur gisti- aðstaða ásamt tilheyrandi þjónustu. Fullbyggt.
338-V	2,9	Dimmuborgir	Þjónustuhús fyrir ferða- fólk. Deiliskipulag liggur fyrir	Uppbygging skv. Deiliskipulagi.
344-V	3,5	Vítismór, (Víti/Leirhnjúkur)	Óbyggt svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Þjónusta fyrir ferðamenn. Hámarksbyggingarmagn: 1.200 m². Uppbygging skv. deiliskipulagi.
359-V	17	Stöng, Heiðmörk	Byggt að hluta og nýtt sem gistaðstaða fyrir ferðamenn. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Gisti- og þjónustuaðstaða fyrir ferðamenn. Allt að þriggja hæða byggingar. Uppbygging skv. deili- skipulagi.
363-V	33	Grímsstaðir norðan Kísilvegjar (87)	Óbyggt svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hótel og ferðaþjónusta. Allt að tveggja hæða byggingar. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
364-V	2,7	Grjótagjá	Óbyggt svæði. Innan hverfisverndarsvæðis. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Þjónustuaðstaða við heita laug. Lágreist bygging. Hámarksstærð: 500 m². Uppbygging skv. deili- skipulagi. Sérstakar



Mynd 4.6 Grjótagjá

Blönduð landnotkun með verslun og þjónustu - sjá kafla

- 4.3 Íbúðarsvæði
- 4.4. Svæði fyrir þjónustustofnanir
- 4.8. Blönduð landnotkun, opin svæði til sérstakra nota/verslunar- og þjónustusvæði

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
				kröfur skal skilgreina í deiliskipulagi vegna sérstöðu svæðisins og verndargildis.
365-V	9,0	Arnarvatn sunnan þjóðveggar	Óbyggt svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hótel og þjónusta fyrir ferðamenn. Allt að tveggja hæða byggingar. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
374-V	0,9	Þjónustusvæði við Hverfjall.	Óbyggt, óskipulagt svæði innan verndarsvæðis.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Aðstaða og þjónusta fyrir ferðamenn.
521-V	4	Þjónustusvæði við Dettifoss.	Óbyggt. Deiliskipulag er í vinnslu.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Aðstaða og þjónusta fyrir ferðamenn.

4.7. OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA (O)

Í Reykjahlíð eru nokkur svæði með mannvirkjum sem tengjast íþróttum og útivist. Utan þéttbýlis í Reykjahlíð eru m. a. golfvöllur og hesthúsasvæði. Kirkjugarðar eru við stofnanasvæði Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðakirkju.

Nokkur svæði eru skilgreind með blandaðri landnotkun verslunar og þjónustu annars vegar og opins svæðis til sérstakra nota hins vegar. Um þau gilda eftir því sem við eiga ákvæði þessa kafla en þau eru talin upp í kafla 4.8.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
101- O	0,4	Norðan Reykjahlíðar	Kirkjugarður Reykjahlíðarkirkju ásamt stækkun	Grafir skv. skipulagi
120- O	3,5	Íþróttasvæði vestan grunnskólans í Reykjahlíð	Íþróttasvæði	Starfsemi og uppbygging skv. lóðarskipulagi
205-O	0,2	Skútustaðir sunnan þjóðveggar nr. 1	Kirkjugarður Skútustaðakirkju ásamt stækkun	Grafir samkv. skipulagi

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með ákveðið útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald-, tjaldvagna, felli- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallýbrautir og skotvöllir svo og garðlönd og trjáræktarsvæði.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.12.1).

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
321- O	3,1	Vestan Bjarnarflags norðan þjóðveggar nr. 1	Hesthúsasvæði. Í uppbyggingu. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
322- O	23,9	Krossdalur norðan Reykjahlíðarþéttbýlis	Níu holu golfvöllur	Uppbygging skv. golfvallarskipulagi.
346-O	10,3	Kröflusvæði	Skíðasvæði	Engir skilmálar. Togbrautir og skíðalyftur heimilar eftir þörfum og í samæmi við starfsleyfi.
355-O	10,3	Höfði	Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Útivistarsvæði Frágangur skv. deiliskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir byggingum á svæðinu.



Mynd 4.7 Höfði, Vindbelgur.

4.8. BLÖNDUÐ LANDNOTKUN, OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA/ VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI/ (O/V)

Nokkur svæði eru skilgreind með blandaðri landnotkun verslunar og þjónustu annars vegar og opins svæðis til sérstakra nota hins vegar. Þau eru til hagræðis tekin saman hér. Um þau gilda eftir því sem við eiga ákvæði í köflum 4.6 og 4.7.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
100-O/V	2,5	Reynihlíð austan Reykjahlíðarkirkju	Á svæðinu eru gömul landbúnaðarmannvirki. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Gisti- og þjónustuaðstaða fyrir ferðamenn. Uppbygging skv. deiliskipulagi
111-O/V	2,5	Bjarg vestan þjóðveggar nr. 1	Tjaldsvæði ásamt þjónustu fyrir ferðafólk. Byggt að hluta. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Tjaldsvæði ásamt tilheyrandi þjónustumannvirkjum. Lágreistar byggingar. Starfsemi og uppbygging skv. deiliskipulagi.
320-O/V	14,5	Vestan Bjarnarflags, norðan þjóðveggar nr.1 (Kringla).	Lón og nánasta umhverfi. Ekki liggur fyrir deiliskipulag.	Lágreistar byggingar Starfsemi og uppbygging skv. deiliskipulagi

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
323-O/V	15,8	Reykjahlíð sunnan og vestan flugvallar (Hlíð).	Svæði fyrir fjölbreytilega ferðaþjónustu, smáhýsi, gistiskála, tjaldsvæði ásamt tilheyrandi þjónustu. Deiliskipulag liggur fyrir.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
334-O/V	5	Vogar 1, 2, 4 og Björk austan þjóðvegur.	Deiliskipulag hluta svæðis liggur fyrir.	Tjaldsvæði og gistiaðstaða í lágreistum húsum ásamt tilheyrandi þjónustustarfsemi. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
337-O/V	2,3	Vogar 3 austan þjóðvegur.	Deiliskipulag liggur fyrir.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
352-O/V	1,6	Geiteyjarströnd, vatnsmegin þjóðvegur.	Byggt að hluta. Deiliskipulagstillaga liggur fyrir.	Gistiaðstaða og ferðaþjónusta, lágreistar byggingar. Uppbygging samkv. deiliskipulagi
367-O/V	2,1	Vogar 1 úr landi Bjarkar.	Óbyggt svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.	Tjaldsvæði og gistiaðstaða í lágreistum húsum ásamt tilheyrandi þjónustustarfsemi Uppbygging skv. deiliskipulagi

Ákvæði skulu sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um form, efni, útlit og litaval nýbygginga sbr. markmið/stefnu sveitarstjórnar í kafla 3.3.

4.9. ATHAFNASVÆÐI (A)

Óljós skil geta því verið milli þess sem skilgreina þarf sem athafnasvæði og starfsemi sem vel getur fallið innan skilgreiningar fyrir landbúnaðarsvæði s.s. vörugæmslur, verkstæði og úrvinnsluiðnaður sem tengist landbúnaði og búrekstri.

Á landbúnaðarsvæðum (á lögbýlum/bújörðum) er ákveðið svigrúm fyrir sérhæfðar byggingar fyrir athafnastarfsemi án þess að skilgreina þurfi slík svæði og afmarka sem athafnasvæði í aðalskipulagi. Skilgreining fyrrgreindrar starfsemi í sveitinni

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s. s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.6.1)

umfram 1.500 m² heildarflatarmál bygginga (nýjar byggingar og gamlar) krefst sérstakrar afmörkunar í aðalskipulagi sbr. kafla 4.11.


Í aðalskipulaginu eru skilgreind fjögur svæði fyrir athafnasvæði (117-A, 119-A, 330-A og 373-A) en þau voru í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 skilgreind sem iðnaðarsvæði. Athafnasvæði í landi Garðs er nýtt og telst með afmörkun þess fullnýtt svigrúm jarðarinnar fyrir annan atvinnurekstur en landbúnað sbr. ákvæði í kafla 4.12.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
117- A	1,4	Austast í þéttbýli Reykjahlíðar norðan þjóðveg nr.1	Byggt að hluta. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,5. Uppbygging skv. deiliskipulagi
119- A	0,6	Austast í þéttbýli Reykjahlíðar norðan þjóðveg nr.1	Byggt að hluta til. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,5. Uppbygging skv. deiliskipulagi
330-A	0,9	Hrútavogstangi	Aflögð dælustöð fyrrum Kísilverksmiðju. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Uppbygging skv. deiliskipulagi
373-A	8,7	Athafnasvæði í landi Garðs	Óbyggt, óskipulagt	Athafnasvæði. N<1. Búseta möguleg í tengslum við atvinnurekstur. Uppbygging skv. deiliskipulagi

4.10. IÐNAÐARSVÆÐI (I)

Iðnaðarsvæði í Skútustaðahreppi eru fyrst og fremst orkuvinnslusvæðin í Kröflu og Bjarnarflagi. Þau eru sérhæfð svæði fyrir jarðvarmavirkjanir en í deiliskipulagi svæðanna má einnig skilgreina lóðir fyrir aðra starfsemi, sem fellur að meginstarfseminni eða nýtur nálægðar við hana. Í Bjarnarflagi er einnig afmarkað iðnaðarsvæði þar sem Kísiliðjan var áður (319-I). Á Hólasandi er gert ráð fyrir tengivirki fyrir flutningskerfi raforku (300-I).

Ekki er gerð grein fyrir virkjunum eða heimarafstöðvum undir 200 kW á aðalskipulagsuppdraetti. Bygging nýrra vatnsaflsvirkjana allt að 200 kW krefst ekki breytinga á aðalskipulagi. Bygging heimarafstöðva/virkjana er háð framkvæmda- og byggingarleyfi.



Mynd 4.8 Athafna- og iðnaðarsvæði í Reykjahlíð

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.7.1)

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
123-I	0,2	Við Múlaveg í Reykjahlíð	Gámasvæði. Móttaka fyrir flokkað sorp	Án bygginga. Uppbygging og aðstaða skv. deiliskipulagi
300- I		Hólasandur	Tengivirki	Óbreytt
314- I	1.513	Kröflusvæði	Virkjun, orkuvinnslu-svæði. Deiliskipulag í vinnslu.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Ákvæði deiliskipulags taki eftir því sem við á mið af úrskurði Skipulagsstofnunar 24.10.2010.
319- I	55,9	Bjarnarflag norðan þjóðveg nr.1	Orkuvinnslusvæði. Nánast óbyggt. Deiliskipulag liggur fyrir	Uppbygging skv. deiliskipulagi
327- I	46,1	Bjarnarflag sunnan þjóðveg nr.1	Virkjun og orkuvinnslusvæði. Nánast óbyggt. Deiliskipulag liggur fyrir	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
369-I	32,3	Bjarnarflag, fyrrum lóð Kísiliðjunnar	Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Söfnunarsvæði fyrir óvirkan úrgang er undir Kolatorfu. Áform um tímabundin not undir vinnubúðir vegna byggingar Bjarnarflags-virkjunar	Hámarksnýtingarhlutfall, N:0,4. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

4.11. ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkja-gerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.12.1)

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru. Þau eru auðkennd með ljós-grænum lit en ekki merkt sérstaklega á skipulagsupprætti. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en vegslóðum, línulögnum (jarðstrengjum) og **gangnamanna- og neyðarskýlum sbr. kafla 4.12 svo og stökum íbúðarhúsum sbr. kafla 4.3**. Skógrækt er þar heimil að teknu tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og vatnsverndar.

Fjallendið ofan skilgreindra landbúnaðarsvæða er skilgreint sem óbyggt svæði. Það verður eftir sem áður nýtt á hefðbundinn hátt sem óræktað landbúnaðarland til beitar með þeim takmörkunum sem við eiga.

4.12. LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Afmörkun landbúnaðarlands á aðalskipulagsupprætti (sveitarupprætti) miðast við mörk sveitaruppráttar sunnan og vestan Mývatns en austurmörk þess eru dregin um 4 km austan vatnsins. Markalínan fylgir síðan skálínu sunnan Hlíðarfjalls og þaðan til vesturs um 5 km norðan vatns. Afmörkunin byggist ekki á greiningu á landnotkun heldur er um að ræða einfalda viðmiðun. Innan þessara marka er allt land, sem ekki er skilgreint til annarra nota, talið landbúnaðarland.

Land utan þessara marka svo og land sem sýnt er á sveitarfélagsupprætti er í óbyggðum, þ.e. óbyggt svæði skv. skilgreiningu skipulagsreglugerðar. Þar er um að ræða óræktað land sem nýtt er m.a. sem beitarland og afréttur sbr. 4.11.

Á sveitarupprætti er landbúnaðarland sýnt með tvennum hætti. Annars vegar almenn afmörkun á sveitarupprætti sbr. lýsingu hér að ofan en hins vegar eru helstu ræktarlönd sýnd með dekkri lit. Þar er fylgt einfaldri greiningu loftmynda en ekkert mat lagt á gæði landsins umfram það sem þar kemur fram.

Gert er ráð fyrir að hefðbundinn búskapur verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina sem henta slíkum svæðum. Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins t.d. um byggð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum mið af því. Leitast skal við að haga nýtingu góðs landbúnaðarlands í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að ekki verði skertir möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni. Önnur landnotkun á þeim svæðum getur því í vissum tilvikum komið til greina ef hún kemur ekki í veg fyrir nýtingu landsins til landbúnaðar síðar.

Landbúnaðarsvæði eru að mestu leyti óbyggt land. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir starfsemi og byggingum sem tengist landbúnaði (búrekstri). Aðrar atvinnugreinar svo sem skógrækt og ferðaþjónusta innan vissra marka eru taldar til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum má gera ráð fyrir aðstöðu fyrir léttan iðnað (athafnastarfsemi) ef um er að ræða tiltölulega lítinn hluta af umfangi og starfsemi viðkomandi býlis eða landbúnaðarsvæðis (sjá kafla 4.12.1). Slíka athafnastarfsemi þarf ekki að skilgreina sérstaklega sem athafnasvæði (A). Að jafnaði skal hún ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi.

Skilgreina skal í deiliskipulagi nýjar lóðir fyrir frístundahús, íbúðarhús og nýbyggingar fyrir ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi en landbúnað. Ekki eru sett

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999

36. gr. *Ræktun.*

Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðum.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.14.1).

Jarðalög 81/2004

I. kafli. Markmið, skilgreiningar, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr. *Markmið.*

Markmið þessara laga er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.



Mynd 4.9 Helluvað



Mynd 4.10 Ferðapjónusta í Vogum

sérstök ákvæði eða stærðarmörk um landbúnaðarbyggingar í aðalskipulagi en vísað til 2. mgr. greinar 4.14.2 í skipulagsreglugerð um deiliskipulag á landbúnaðarsvæðum. Nýrækt krefst ekki breytingar á aðalskipulagi en taka skal mið af verndarákvæðum vegna náttúrufars og menningarminja þar sem það á við. Jarðamörk og eignamörk eru ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti.

Á opnum svæðum utan girðinga og ræktarlanda verða hefðbundnar landnytjar landbúnaðarins heimilar með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum um verndarsvæði þar sem það á við. Svæðin eru auk þess opin til almennrar útivistar. Mannvirkjagerð skal þar vera í lágmarki og miðast fyrst og fremst við reiðvegi og merktar gönguleiðir.

Minnt er á ákvæði í stefnu aðalskipulagsins í kafla 3 um að sauðfé verði einungis í lokuðum beitarhólfum.

Áform og umsóknir um breytta landnotkun skal meta út frá gæðum viðkomandi lands og byggðapróunar. Frávik frá meginstefnu geta komið til álita ef með því næst mikilvægur árangur á öðrum sviðum í samræmi við önnur markmið sveitarstjórnar.

Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að einnig ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

Á skipulagstímabilinu verði unnið að því að banna lausagöngu búfjár og koma afréttarbeið í lokuð beitarhólf.

4.12.1. Eðli og umfang annarrar atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum

Eins og fram hefur komið verður á landbúnaðarsvæðum heimilt að nýta byggingar og reisa byggingar fyrir atvinnustarfsemi, sem fellur vel að búrekstri og nýtingu viðkomandi jarðar og ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt, án þess að gera þurfi grein fyrir þeirri landnotkun á aðalskipulagsupprætti. Fyrst og fremst er átt við atvinnugreinar sem eru eðlileg viðbót við búreksturinn og stoðgreinar við landbúnað, sem áfram verður meginlandnotkun á svæðinu. Þetta á t.d. við um almenna ferðapjónustu s.s. „ferðapjónustu bænda“, gístiaðstöðu og greiðasölu í tengslum við hana en einnig léttan iðnað og ýmsa aðra athafnastarfsemi.

Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað mega vera allt að 1.500 m² (samtals gömul hús og ný) á hverju lögbýli (bújörð) þar sem aðstæður leyfa.

Reglan gildir aðeins fyrir lögbýli/bújarðir sem eru 15 ha eða stærri. Rekstur, sem krefst stærri bygginga verður hins vegar einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir viðkomandi landnotkun á aðalskipulagsupprætti (V eða A) og kemur því til greina þar sem aðstæður leyfa, en krefst breytingar á aðalskipulagi. Uppbygging sem hér hefur verið lýst er ekki heimil á lögbýlum/bújörðum þar sem land er minna en 15 ha að óbreyttu aðalskipulagi.

Almenn stærðarviðmiðun miðar að því að auðvelda minni háttar uppbyggingu og rekstur atvinnugreina sem styðja við hefðbundinn landbúnað og búsetu á svæðinu. Meginreglan er að önnur atvinnustarfsemi verði hluti bújarða en ekki á sjálfstæðum lóðum. Verði slík starfsemi skilin frá búrekstri krefst það formlegrar breytingar á aðalskipulagi.


Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvelda bændum að skjóta fleiri stoðum undir búrekstur sinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna.

4.12.2. Frístundahús á landbúnaðarsvæðum

Þar sem aðstæður leyfa kemur til álita að afmarka allt að þrjár lóðir fyrir stakstæð frístundahús á núverandi lögbýlum/bújörðum. Skilyrði slíkrar uppbyggingar er að bújörð/lögbýli sé ekki minni en 15 ha. Bygging fjögurra eða fleiri frístundahúsa verður einungis á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind fyrir frístundabyggð (F). Taka skal tillit til náttúru og umhverfissjónarmiða við skipulag frístundabyggðar. Gott landbúnaðarland skal ekki nýta undir frístundabyggð nema sérstakar ástæður gefi tilefni til þess.

4.12.3. Íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á núverandi lögbýlum/bújörðum auk íbúðarhúsa sem fyrir eru (í árslok 2011) og tilheyra búrekstrinum án sérmerkingar á aðalskipulagsupprætti. Ný íbúðarhús skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð á jörðinni og fylgja eftir því sem kostur er byggðarmynstri viðkomandi svæðis. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar.



Mynd 4.11 Landbúnaðarbyggingar í Reykjahlíð.

Uppbygging sem hér hefur verið lýst er ekki heimil á lögbýlum/bújörðum þar sem land er minna en 15 ha.

Ekki er gert ráð fyrir þéttbýli í sveitinni umfram það sem þegar er.

4.12.4. Landskipti, uppbygging

Við landskipti, þ.e. þegar bújörð/lögbýli er skipt upp, verða auk jarðarinnar/lögbýlisins til „jörð“ (15 ha og stærri), „spildur“ (3 ha-14 ha) og „skikar“ (<3 ha).

Með umsókn um landskipti til sveitarstjórnar skal fylgja framkvæmdáætlun og/eða heildaráætlun um landnotkun bújarðar þar sem m.a. koma fram upplýsingar um uppbyggingaráform, aðstæður og landkosti, flokkun landbúnaðarlandsins, fyrirhugað gatnakerfi og aðkomu, fjölda og stærðir jarða, spildna og lóða svo og tímaáætlun uppbyggingar. Slík áætlun getur verið forsenda deiliskipulags viðkomandi jarðar eða hluta hennar.

Við mat og afgreiðslu umsókna um landskipti og fyrirhugaða uppbyggingu verður einkum litið til eftirtalinna þátta:

- Vegakerfi á jörðinni sé einfalt og tengingum við vega- og þjónustukerfi sveitarfélagsins ekki fjölgað.
- Ný hús verði ekki byggð á góðu landbúnaðarlandi sbr. ákvæði jarðalaga og flokkun landbúnaðarlands.
- Ný hús rýri ekki eftirsóknarverð gildi umhverfisins, sem sóst er eftir með búsetu í sveitinni s.s. aðgengi að opnu landi, ósnertri náttúru, útsýni og búsetulandslagi.
- Ný hús hafi ekki neikvæð áhrif á útsýnisstaði - hvorki með því að loka eða takmarka aðgengi að þeim né skaða ásýnd áhugaverðra staða og svæða.
- Ný hús loki ekki almennum göngu- og reiðleiðum, hvorki fornum né nýjum.
- Ný íbúðarhús verði ekki sett á svæði sem áhugaverð eru til almennrar útivistar.
- Staðsetning bygginga taki mið af staðbundnum hefðum þar sem það á við og ný hús taki eftir því sem við á mið af byggingarhefð svæðisins.
- Ný hús skulu vera í samræmi við og styrkja búsetulandslag svæðisins.
- Ekki verði blandað í nábýli frístundabyggð og íbúðarbyggð.

Jarðir (15 ha og stærri)

„Jarðir“ eru 15 ha og stærri. Um samþykktar jarðir gilda sömu ákvæði um byggingar og á bújörðinni/lögbýlinu enda við það miðað að spildan verði áfram nýtt til hefðbundinna landbúnaðarnota.

Spildur(3-14 ha)

„Spildur“ geta verið frá 3 ha upp í 14 ha. Miðað er við að samþykktar spildur verði nýttar fyrir tómstundabúskap svo sem hestamennsku, sem beitarland og til minni háttar atvinnustarfsemi t.d. gróðurhúsaræktunar.

Skikar (<3 ha)

„Lóðir“ eru minni en 3 ha. Að fengnu samþykki sveitarstjórnar er á hverri lóð heimilt að byggja eitt íbúðarhús, eitt gripahús/gróðurhús og eitt geymsluhús. Hámarksnýtingarhlutfall á skikum er N: 0,02.

Að uppfylltum skilmálum aðalskipulags yrðu ný hús eða nýjar þyrpingar skilgreindar í deiliskipulagi.

Heiti	Landstærðir	Þéttleiki	Heimildir til uppbyggingar skv. aðalskipulagi
Bújörð/lögbýli/jarðarhlutar	15 ha og stærri	Almenn ákvæði	3 íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri. 3 frístundahús. Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað: 1.500 m ² (nýjar byggingar og þær sem fyrir eru).
Spildur	3-14 ha	Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,02	1 íbúðarhús 1 gripahús/gróðurhús 1 geymsluhús
Skikar	<3 ha	Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,01	1 íbúðarhús

Uppbyggingarheimildir á landbúnaðarsvæðum
Yfirlitstafla



Mynd 4.12 Við Laxá.

4.12.5. Skógrækt

Reynsla er af skógrækt við erfið skilyrði í sveitarfélaginu og nú þegar þekja náttúrulegir og gróðursettir skógar nokkurt landssvæði í Skútustaðahreppi. Því eru allar forsendur fyrir metnaðarfullum markmiðum í skógrækt enda hafa Norðurlandsskógar sett sér það markmið að 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli verði þakið skógi. Skógrækt hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem skjól fyrir akra, beitolönd og byggð.

Skógrækt er varanleg og sjálfbær mótvægisáðgerð gegn gróðureyðingu, jarðvegs-eyðingu og viðurkennd aðferð við bindingu á koltvísýringi (CO²) sem m.a. myndast við rekstur núverandi og fyrirhugaðra gufuaflsvirkjana í sveitarfélaginu.

Skógræktarsvæði eru ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsupprætti en skipulagsáætlunin gerir bæði ráð fyrir skógrækt sem atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum og til skjóls, landbóta og útivistar. Þó skal miðað við að gott landbúnaðarland verði áfram nýtt fyrir hefðbundinn landbúnað og matvælaframleiðslu. Á góðu landbúnaðarlandi er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla ræktun og búpeningi. Stefnt er að því að rækta ekki skóg á því landi sem best hentar til búvöruframleiðslu.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal tilkynna nýræktun skóga sem taka yfir 200 ha eða stærra svæði til Skipulagsstofnunar, sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna sbr. 3. viðauka laganna. Samkvæmt lögunum er öll skógrækt á verndarsvæðum einnig tilkynningarskyld framkvæmd og gildir það um verndarsvæði Mývatns og Laxár. Skógrækt á verndarsvæðinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt 3. gr. laga nr. 97/2004. Samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, t.d. með skógrækt. Að auki skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem hætta er á að öðrum náttúruminum á náttúruminjasrá verði spillt.

Um opin svæði utan marka landbúnaðarlands á skipulagsupprætti gilda sömu heimildir og takmarkanir fyrir skógrækt og á skilgreindum landbúnaðarsvæðum eftir því sem við á. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar (skv. 37. náttúruverndarlaga) og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.

Í nefndaráliti umhverfissráðherra (2007) var m.a. lögð áhersla á verndun og endurheimt stórra samfelldra birkiskóga, fjölbreytni svæða, beitarstýringu og gróðursetningu birkis á skógræktarsvæðum. Sérstaklega var lagt til að vernda tvö birkiskógasvæði í Skútustaðahreppi, annars vegar skógarleifar vestan í Sellandafjalli en þar eru síðustu skógarleifarnar á stóru svæði og hins vegar í Hlíðardal í Mývatnssveit þar sem óvenju samfelldur skógur er í mikilli hæð. Á þessu stigi er ekki afmarkað verndarsvæði í Sellandafjalli vestanverðu en skóglendið í Hlíðardal er innan hverfisverndarsvæðis. Þar er skógarvernd bætt við sem verndarviðfangi. Auk þessara svæða er skógarræma í Strandarholti, sem verður innan hverfisverndarsvæðis 354-Hv og Seljahjallaskógur og skógarleifar norðan Bláfjalls innan náttúruverndarsvæðis 375-N. Umhverfisstofnun skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar (39. gr. náttúruverndarlaga nr. 22/1999).

Skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulag og skipulagsákvæði. Skógræktaráætlanir sem ná yfir 2 ha. svæði eða stærri skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til samþykktar til þess að tryggja að þær verði í samræmi við stefnu sveitarstjórnar um skógrækt, náttúruvernd og minjavernd. Mælt er með því að fyrirhugaðar framkvæmdir verði kynntar sveitarstjórn áður en slík áætlunargerð hefst. Í skógræktaráætlun skal m.a. gera grein fyrir fornleifum og náttúruminum þannig að kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetuminum verði ekki spillt á því svæði sem áætlunin tekur til. Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gildir að öðru leyti eftirfarandi:

- 1) Taka skal tillit til þekktra fornminja. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 50 m. Tryggt verði eðlilegt aðgengi að slíkum minjum. Skráning fornminja getur því verið forsenda leyfisveitinga.
- 2) Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.
- 3) Ekki skal plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða.
- 4) Þess skal gætt að skógur loki ekki gönguleiðum meðfram strönd, ám og vötnum eða hindri aðgengi að þeim. Ekki er heimilt að loka alfaraleiðum eða fornum vegum/leiðum með skógi.

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.11.1)

4.13. SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Allmörg frístundahús eru í sveitinni frá fyrri tíð og í nokkrum tilvikum hafa gömul íbúðarhús og aðrar byggingar verið gerð upp og notuð sem frístundahús. Talsverð ásókn hefur verið í frístundahúsalóðir í Mývatnssveit.

Á undanförnum áratugum hefur nánast algjört bann verið í gildi í sveitinni við byggingu frístundahúsa þar sem ekki hefur verið samkomulag um stefnu varðandi uppbyggingu svæða fyrir frístundabyggð. Því hafa lengst af engin skipulögð svæði fyrir frístundabyggð verið í hreppnum.

Aðalskipulagsáætlunin gerir ráð fyrir svæðum fyrir frístundabyggð í sveitarfélaginu. Litið er svo á, að með vel skipulagðri frístundabyggð sé land tekið í fóstur af viðkomandi lóðarhafa með uppgræðslu og ræktun lands í huga. Æskilegur er viss fjölbreytileiki hvað varðar stærð og staðsetningu svæða fyrir frístundabyggð og valið getur staðið á milli stórra svæða með góðu aðgengi að þjónustu og lítilla, jafnvel afskekktara svæða, þar sem hægt er að njóta friðsældar í nánum tengslum við náttúruna. Dreifing svæða fyrir frístundabyggð getur og stuðlað að jafnara álagi á landið þegar umferð ferðamanna er í hámarki á sumrin og þess vegna góður kostur að gera ráð fyrir litlum, takmörkuðum sumarbústaðasvæðum í sveitinni. Staðsetningu slíkra svæða þarf að velja af gaumgæfni, einkum út frá forsendum náttúruverndar og gera verður miklar kröfur til frágangangs svæða, frárennslis- og sorpmála svo og umgengni gesta.

Margt mælir með því að þjónustusvæði fyrir ferðamenn svo sem svæði fyrir frístundabyggð séu staðsett í góðum tengslum við aðra þjónustu svo sem verslun og sundlaug. Náttúrufegurð skiptir þar og miklu máli.

Val svæða fyrir frístundabyggð er mjög háð aðstæðum á jörðunum og vega þar þyngst sjónarmið náttúruverndar. Forsendur til að skipuleggja frístundabyggð eru mjög mismunandi í sveitarfélaginu.

Í kafla 7, Umhverfisáhrif, er gerð grein fyrir því verklagi sem viðhaft hefur verið við mat sveitarstjórnar á fyrirliggjandi umsóknum um svæði fyrir frístundabyggð, úrvinnslu og niðurstöðu. Gert er ráð fyrir því að sú vinnuaðferð sem þar er kynnt, verði áfram viðhöfð.

Heimilt verður að byggja allt að þrjú frístundahús á landbúnaðarsvæðum (lög-býlum/bújörðum) án þess að þær lóðir séu skilgreindar sérstaklega á aðalskipulags-

uppdrætti sem svæði fyrir frístundabyggð. Skilyrði fyrir slíkri uppbyggingu eru að bújörð/lögbýli sé ekki minni en 15 ha.

Á svæðum fyrir frístundabyggð getur verið þjónustuaðstaða í smáum stíl og smáverlanir tengdar viðkomandi svæði. Óheimilt er að skrá lögheimili í frístundahúsum í hreppnum enda heilsársbúseta á frístundasvæðum ekki leyfileg samkvæmt landslögum.

Í deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð skal gera grein fyrir þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu að þeim. Ennfremur skal þar kveðið á um stærð og gerð húsa, form, efnisnotkun, útlit og litaval nýbygginga eftir því sem við á.

Frístundabyggð skal rísa sem mest á samfelldum svæðum. Við deiliskipulagingu skal leitast við að samnýta aðkeyrslu frá þjóðvegi, bílastæði, lagnir, rotþrær, göngustíga og útivistarsvæði. Gera þarf sérstaklega grein fyrir sorphirðu í deiliskipulagi hvers svæðis.

Að jafnaði skal gera ráð fyrir að um fjórðungur lands, sem skilgreint er sem frístundabyggð í aðalskipulagi, verði tekinn frá í deiliskipulagi sem opið svæði til almennrar útivistar í þágu frístundabyggðar á viðkomandi svæði. Í deiliskipulagi skal m.a. sýna gönguleiðir og merkja útsýnisstaði og aðra staði, sem máli skipta fyrir almenna útivist eftir því sem við á, þannig að komist verði hjá því að lóðir loki leiðum eða svæðum sem hafa gildi fyrir almenning og viðkomandi svæði í heild. Við deiliskipulag frístundabyggðar skal ennfremur taka tillit til skráðra minjastaða. Meginregla verði sú að minjastaðir verði utan afmarkaðra lóða.

Stærð frístundalóða skal að jafnaði vera á bilinu 0,5 til 2,0 ha. Heildargrunnflötur mannvirkja á hverri frístundalóð sem er allt að 0,5 ha sé að hámarki 180 m². Miðað er við að á hverri lóð verði aðeins reist eitt frístundahús. Gestahús er þó heimilt. Á stærri lóðum skal nýtingarhlutfall að hámarki vera N: 0,02. Skipulagsákvæði eru nánar útfærð í yfirlitstöflu og deiliskipulagi. A.m.k. 20 m skulu vera á milli byggingarreita og þeir a.m.k. 30 m frá mörkum lögbýla og mörkum annarra landnotkunarreita.

Á skipulagsuppdrætti og yfirlitstöflu eru sýnd núverandi svæði fyrir frístundabyggð með fjórum húsum eða fleiri svo og fyrirhuguð stækkun þeirra og ný hverfi. Stærð svæða og fjöldi lóða á nýjum svæðum eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.



Mynd 4.13 Péturskirkja



Mynd 4.14 Hálendismiðstöðin í Drekgili.

Um frístundasvæði gilda ákvæði kafla 4.1.3 um gæði byggðar og bygginga á sama hátt og á öðrum byggðum svæðum.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
332- F	7,7	Vogar 1 og Björk austan þjóðvegur.	Óbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. skilmála. Uppbygging skv. deiliskipulagi
336- F	14,6	Vogar 3 austan þjóðvegur . (Birkiland)	Í uppbyggingu. Deiliskipulag liggur fyrir 30 lóðir < 1ha.	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. skilmála. Uppbygging skv. deiliskipulagi
356-F	5,0	Litlaströnd við Kráká	Óbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. skilmála. Uppbygging skv. deiliskipulagi
357-F	9,1	Sunnan við Gautlönd	Óbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. skilmála. Uppbygging skv. deiliskipulagi
358-F	2,9	Norðan við Gautlönd austan Arnarvatns	Óbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. Skilmála. Uppbygging skv. deiliskipulagi
360-F	5,0	Stöng/Heiðmörk	Óbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. skilmála. Uppbygging skv. deiliskipulagi
368- F	5,4	Vogar 3 austan þjóðvegur. (Birkiland, stækkun)	Óbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. skilmála. Uppbygging skv. deiliskipulagi

4.13.1. Skálar

Núverandi gangnamannaskálar, neyðarskýli og fjallaskálar eru merkt á skipulagsuppdrátt sem frístundabyggð. Endurbygging þeirra og endurnýjun er heimil.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
500- F	-	Drekagil	Hálendismiðstöð. Byggð að hluta. Deiliskipulag liggur fyrir.	Uppbygging skv. gildandi deiliskipulagi.
501- F	-	Suðurábotnar	Fjallaskáli	Óbreytt
502- F	-	Herðubreiðarlindir	Fjallaskáli	Óbreytt
503- F	-	Stóraflesja	Fjallaskáli	Óbreytt
505-F	-	Dyngjufell	Fjallaskáli	Óbreytt
506-F	-	Bræðrafell	Fjallaskáli	Óbreytt
508-F	-	Kistufell	Fjallaskáli	Óbreytt
509-F	-	Heilagsdalur	Fjallaskáli	Óbreytt
510-F	-	Rauðuborgakofi við Stóru Rauðku	Gangnamannaskáli	Óbreytt
511-F	-	Péturskirkja við Hrauntagl	Gangnamannaskáli	Óbreytt
512-F	-	Hlíðarhagi við Eilífsvötn	Gangnamannaskáli	Óbreytt

4.14. LANDGRÆÐSLA

Í ritinu jarðvegsrof á Íslandi sem Landgræðsla ríkisins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins gáfu út árið 1997 kemur fram að auðnir þar sem mikið rof á sér stað þekja um 78% alls lands í sveitarfélaginu. Byggð og gróðurlendi þekja um 19% og afgirt land um 3%. Um fjórðungur þess lands sem flokkað er sem „byggð og gróðurlendi“ er þó flokkað sem auðnir, þannig að yfir 80% alls lands í sveitarfélaginu eru taldar auðnir.

Landgræðsla ríkisins telur að neðan 500 metra hæðarlínu séu í sveitarfélaginu 26 skilgreind svæði samtals um 27 þús. ha þar sem jarðvegsrof er alvarlegt og brýnt að bregðast við með aðgerðum. Þá eru nokkur víðfeðm svæði þar sem rof er virkt, en ekki eins brýnt að grípa til aðgerða, þó það sé vissulega æskilegt.

Markmið með landgræðslu er að endurheimta landgæði á landbúnaðarsvæðum. Æskilegt er að í landbúnaði sé viðhöfð beitarstýring sem tryggji sjálfbæra nýtingu lands þannig að búfjárbætt taki mið af beitarþoli og ástandi lands.

Landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð á aðalskipulagsupphætti. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi til þess að skilgreina ný landgræðslusvæði svo fremi sem afmörkun þeirra hefur ekki neikvæð áhrif á náttúruvernd, minjavernd, söguminjar eða aðra skilgreinda hagsmuni. Landgræðsla er heimil hvarvetna sem hennar er talin þörf í sveitarfélaginu. Uppgræðsluáðferðir skulu m.a. taka mið af alþjóðlegum samningum sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til að fara eftir. Þetta eru m.a. samningur um fjölbreytileik náttúrunnar (líffræðilega fjölbreytni), rammisamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og samningur Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun en meta verður hvaða leiðir eru taldar hentugastar í hverju tilviki fyrir sig. Haft skal samráð við Umhverfisstofnun um fyrirkomulag landgræðslu á náttúruverndarsvæðum og heilbrigðiseftirlit um uppgæðsluáðferðir á vatnsverndarsvæðum. Afmörkun landgræðslusvæða getur verið tímabundin uns settum markmiðum verður náð og landið þá tekið til annarra nota, t.d. til landbúnaðar eða útivistar án sérákvæða eða takmarkana. Innan friðaðra svæða og verndarsvæða kunna landgræðsluáform að vera háð samþykki Umhverfisstofnunar sbr. 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

4.15. EFNISTÖKUSVÆÐI

Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er efnistaka s.s. malarnám, sandnám og grjótnám. Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra svo og ákvæðum skipulagslaga og VI. kafla laga um náttúruvernd. Á friðlýstum svæðum og innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár er öll efnistaka auk þess háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána og valda ekki landbroti. Taka ber mið af væntanlegum rannsóknarniðurstöðum þar að lútandi við gerð áætlana um slíka efnistöku. Leita skal umsagnar Veiðimálastofnunar áður en áformað er að taka efni úr ám.

Námurétthöfum er skylt að vinna áætlanir um efnistökusvæði þar sem m.a. er gerð grein fyrir áætluðu efnismagni, vinnslutíma og frágangi að efnisnámi loknu og sækja

Um mat á umhverfisáhrifum efnistöku.

Samkvæmt 1. viðauka við lög nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal ávallt meta umhverfisáhrif eftirfarandi framkvæmda:

Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri.

Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra.

Eftirfarandi efnistaka er tilkynningarskyld skv. 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum:

Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri.

Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.

Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.

Stefnumörkun 2010.

Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fúm afmörkuðum námusvæðum; fáar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar.

um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir notkun þeirra sbr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og laga nr. 44/1999, gr. 47 og 48 um náttúruvernd.

Eftir 1. júlí 2008 varð óheimilt að nýta gamlar efnisnámur án framkvæmdaleyfis óháð stærð þeirra. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar og afla starfsleyfis hjá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Gerð er krafa um góða umgengni, skipuleg vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.

Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi skv. 37. gr. laga um náttúruvernd (sjá kafla 5.1.3.) eða svæði sem eru friðlýst eða njóta annarrar verndar skv. kafla 5.1.

Gert er ráð fyrir nýjum efnisnámmum vegna lagningar nýrra háspennulína (Kröflulínu og Hólasandslínu) og vegagerðar og viðhalds, þar á meðal námum á eyrum Jökulsár á Fjöllum (gert er ráð fyrir þremur kostum þar sem efnisnám fer eftir því hvernig áin rennur hverju sinni). Einnig er gert ráð fyrir tveim nýjum námum sem nýtast munu vegna framkvæmda í Kröflu og Bjarnarflagi (376-E Randir og 377-E Sandskarð). Stefnt er að því að námu við Sandfell verði lokað.

Auk þeirra náma, sem merktar eru á skipulagsuppdraetti er gert ráð fyrir fjölda smárra náma til viðhalds hálendisvega, sem ekki eru merktar á aðalskipulagsuppdraetti. Miðað er við stuttar fjarlægðir frá nýtingarstað og minni háttar áhrif á umhverfið.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
301- E	12,7	Kollóttualda	Í notkun.	Almenn ákvæði
302- E	11,2	Hrafnabjörg	V/háspennulína	Almenn ákvæði
303- E	10,5	Víðidalshnjúkur	V/háspennulína	Almenn ákvæði
304- E	13,7	Reykjahlíðarheiði	V/háspennulína	Almenn ákvæði
312- E	-	Grænagilsöxl	Í notkun	Almenn ákvæði
313- E	14,8	Sandabotnaskarð	Í notkun	Almenn ákvæði og sérákvæði
324-E	2,6	Flugvallarnáma (Við flugvöll í Reykjahlíð)	Í notkun	Almenn ákvæði
339-E	0,3	Garður	Í notkun	Almenn ákvæði
340-E	0,5	Stangarafleggjari	Í notkun	Almenn ákvæði

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
341-E	0,3	Hofsstaðir	Í notkun	Almenn ákvæði
366-E	-	Námaskarð	Í notkun	Almenn ákvæði. Náman verður nýtt á meðan þörf er fyrir þá tegund jarðefna sem þar eru (m.a. v/malarvega). Sérstök ákvæði verði sett um umgengni og frágang á vinnslutíma.
376-E	49,6	Syðst í Jörundar-grjótum	Ný. Fyllingar- og burðarefni.	Almenn ákvæði. Áfangaskipt nýting.
377-E	1,4	Í Sandskarði sunnan við Svarthól.	Ný. Burðarlagsefni.	Almenn ákvæði.
378-E	-	Gautlönd	Ný.	Almenn ákvæði.
515-E	-	Norðan við Hrossaborg	Í notkun. Grjót	Almenn ákvæði
516-E	-	Við Jökulsá	Í notkun. Fyllingarefni, burðarlag	Almenn ákvæði
517-E	-	Eyrar Jökulsár	Í notkun. Klæðingarefni	Almenn ákvæði
518-E	-	Eyrar Jökulsár	Í notkun. Klæðingarefni	Almenn ákvæði
519-E	-	Klapparnáma	Í notkun. Klæðning, burðarlag, rofvarnargrjót	Almenn ákvæði
520-E	-	Eyrar Jökulsár	Klæðingarefni	Almenn ákvæði

4.16. SORPFÖRGUN

Ekkert sorpförgunarsvæði er í Skútustaðahreppi. Sveitarfélagið er aðili að Sorpsamlagi Þingeyinga. Félagið safnar sorpi í Suður-Þingeyjarsýslu og á Húsavík og flytur til förgunar í sorpbrennslustöð á Húsavík. Sorphirðing í hreppnum fer fram vikulega á sumrin en hálfsmánaðarlega á vetrum. Spilliefnamóttaka er starfrækt á vegum sorpsamlagsins í Reykjahlíð og víðar. Söfnunarstaður fyrir óvirkan úrgang (múrbrot og þ.h.) er undir Kolatorfu en sorpsamlagið annast söfnun og förgun, sjá einnig kafla 4.10. Seyrulosunarsvæði er á Litluströnd en er ekki skilgreint í aðalskipulagi.

4.17. VÖTN OG ÁR

Til vatnafars svæðisins telst bæði grunnvatn og yfirborðsvatn, s.s. votlendi, tjarnir, lindir, vötn, ár og lækir. Í tengslum við búsetu manna eru mikilvægustu hlutar vatnafarsins þau svæði, hrein og ómenguð, sem nýtast til vatnstöku, og þar eru vatnsbólin sjálf og grenndarsvæði þeirra mikilvægust. Vatnafar hefur einnig áhrif á lífríki svæðisins.

Gerð er grein fyrir vatnsbólum og vatnsverndarsvæðum og stefnu um vatnsgæði í ám og vötnum í kafla 5.3.



Mynd 4.15 Hverfjall

Skilgreining samkvæmt skipulagsreglugerð (nr. 400/1998):


“Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru og landslags. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlög um verndun einstakra svæða”

Nokkur ákvæði úr lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999 m.s.br.):

Um friðlýstar náttúruminjar:

Flokkar friðlýstra náttúruminja er eftirfarandi (50.gr):

- 1) Þjóðgarðar (sbr. 51. og 52. gr.);
- 2) Friðlönd (53. og 54. gr);
- 3) Náttúruvætti (53. og 54. gr);
- 4) Friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi (53. og 54. gr);
- 5) Fólkvangar (55. gr.)



Mynd 5.1 Mörk Vatnajökulspjóðgarðs (græn lína).

5. VERNDARÁKVÆÐI OG TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

Í þessum kafla er annars vegar fjallað um friðunar- og verndarákvæði vegna náttúrufars og menningarminja og hins vegar þá þætti, sem lúta að takmörkun á landnotkun í sveitarfélaginu s.s. vatnsverndarsvæði og svæði undir náttúruvá.

5.1. NÁTTÚRUVERND

5.1.1. Náttúruverndarsvæði

Náttúruverndarsvæði eru afmörkuð í aðalskipulagi sveitarfélaga í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999. Náttúruverndarsvæði eru eftirtalin svæði sbr 8. gr. laganna:

- a) friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti og fólkvangar.
- b) önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá sbr. 67. gr.
- c) afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Í Skútustaðareppi hafa fjögur svæði verið friðlýst í samræmi við a) lið 8. gr laga um náttúruvernd, sjá kafla 5.1.3, 5.1.4 og 5.1.5. Ákvæði og umgengnisreglur um friðuð svæði eru sett af Umhverfisstofnun. Breytingar á þeim teljast ekki breyting á aðalskipulagsákvæðum.

Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar sbr 37. gr laga um náttúruvernd:

- a) Eldvörp, gervigígar og eldhraun
- b) Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri
- c) Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri
- d) Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðubreiður, 100 m² að stærð eða stærri
- e) Sjávarfitjar og leirur.

5.1.2. Náttúruverndaráætlun

Í Náttúruverndaráætlun er gert ráð fyrir stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs í Jökulsár-gljúfrum. Miðað er við að suðurmörk þjóðgarðsins verði eftir línu sem dregin er frá Selfossi í Jökulsá á Fjöllum í topp Eilífs. Landskiki milli þessarar línu og sveitarfélagamarka við Norðurþing er í Skútustaðahreppi. Um er að ræða samfellda, heildstæða landslagsheild með stækkun þjóðgarðs.

Ekki eru önnur svæði innan sveitarfélagsins tilgreind í Náttúruverndaráætlun.

5.1.3. Þjóðgarðar

Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður sumarið 2008, sbr lög nr 60/2007. Um hann gildir reglugerð nr. 608/2008. Suðurhluti Skútustaðahrepps er innan marka þjóðgarðsins.

Í reglugerð um þjóðgarðinn eru ákvæði um framkvæmdir og landnýtingu, umgengni, dvöl og umferð, náttúruvernd og rekstur. Mörk þjóðgarðsins eru sýnd á sveitarfélagsupprætti.


5.1.4. Friðlönd

Herðubreiðarfriðland, friðlýst 1974 (513-N). Gróðurvin á hálendinu. Hvannabreiður og eyrarós setja svip á gróðurlandið. Fjalla-Eyvindur átti sér þar griðastað um tíma.

Mörk friðlýsta svæðisins eru þessi: Frá ármótum Kreppu og Jökulsár bein lína að rótum Herðubreiðar þar sem hún nær lengst í suðaustur, (2) þaðan vestur, norður og austur með fjallsrótum þangað sem þær ná lengst í norðaustur og (3) síðan bein lína að Jökulsá um hátind Fremstafells. (4) Að austan ræður Jökulsá.

5.1.5. Náttúruvætti

Askja, friðlýst 1978 (514-N). Sigdæld og eldstöðvar í Dyngjufjöllum. Botn Öskju er þakinn úfnum apalhraunum. Í suðausturhorninu er Öskjuvatn sem varð til við jarðfall í eldsumbrotum 1875. Mörk hins friðlýsta svæðis: Fylgja hábrúnum öskjunnar allt í kring. Vikraborgir í Öskjuhrauni teljast til náttúruvættisins. Askja er innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs. Um svæðið gilda sérstakar reglur umfram almenn ákvæði um þjóðgarðinn (sjá ramma á spássíu).



Mynd 5.2 Friðlýst náttúruverndarsvæði í Skútustaðahreppi

Reglur um Herðubreiðarfriðland:

- Jarðrask og mannvirkjagerð er óheimilt á friðlandinu án leyfis Umhverfisstofnunar. Ferðafélagi Akureyrar skal þó heimilt að hafa þar áfram skála, enda sé staðsetning, stærð og gerð mannvirkja háð samþykki stofnunarinnar.
- Óheimilt er að skerða gróður, skaða dýralíf eða spilla vatni á friðlandinu.
- Akstur utan merktra slóða er bannaður.
- Fólk er hvatt til að ganga ekki á grónu landi utan gangstíga
- Ekki má fara með hesta utan merktra akvega á svæðinu og bannað er að beita þeim.
- Heimilt er að tjalda á merktum tjaldsvæðum, en utan þeirra aðeins með leyfi eftirlitsmanna Umhverfisstofnunar.
- Við (friðlýstum) rústum má enginn hrófla.
- Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu.
- Reglur þessar skerða ekki rétt bænda í Mývatnssveit til smölunar, fiskræktar eða meindýraveiða á svæðinu, enda sé tilgangur friðlýsingar virtur.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar eða þess, sem fer með umboð stofnunarinnar. Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Reglur um Öskju, náttúruvætti:

- Mannvirkjagerð og jarðrask allt er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.
- Akstur er hvergi leyfður innan hins friðlýsta svæðis nema um rudda slóð og bílastæði við Vikraborgir.
- Gangandi fólki er heimil för um svæðið og dvöl þar enda sé þess gætt að ekki spillist gróður eða minjar.

Askja er innan Vatnajökulspjóðgarðs. Sjá einnig reglugerð nr. 608/2008.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar. Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Skútustaðagígur, friðlýst 1973 (210-N). Gervigígabyrping við sunnanvert Mývatn. Mörk náttúruvættisins eru þessi: Vestan Stakhólstjarnar lína hugsuð um 3 m frá rótum Hræðuhvers að mörkum skólalóðar og með þeim að vegi, en síðan vegurinn til móts við suðvesturhorn tjarnarinnar og þaðan stystu leið í tjörn. Að austan hugsuð lína, skemmst 20 metra utan róta syðstu gíga, beina leið milli tjarnar og Mývatns.

Dimmuborgir, friðlýst 2011 (371-N). Dimmuborgir eru minjar tæmdrar hraunbólur sem myndaðist fyrir um 2300 árum þegar hraun rann frá Lúðents- og Þrengslaborgum yfir Mývatn og í sjó fram í Aðaldal. Í sama gosi mynduðust m.a. gervigígarnir við Skútustaði og Mývatn varð til í núverandi mynd. Þar sem Dimmuborgir mynduðust hefur fyrirstaða í hrauninu valdið því að hraunbráð safnaðist fyrir undir storkinni hraunskán og myndaði hringlaga gúl eða hraunbólur, um 2 km. Í þvermál og um 20 m á hæð. Síðan braust hraunbráðin fram um Borgarás, bólan tæmdist og storkið hraunþakið hrundi en eftir urðu sérstakar hraunmyndanir og landslag. Gufa úr undirlagi hraunsins og myndun gervigíga áttu hlut að máli við myndun fyrirstöðunnar og hraunborganna sem eftir stóðu. Hið friðlýsta svæði er 423,5 ha að stærð.

Í auglýsingu umhverfisráðherra um náttúruvættið Dimmuborgir í Skútustaðahreppi dags. 22. júní 2011 er ítarlega gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um svæðið.

Hverfjall (Hverfell), friðlýst 2011 (353-N). Hverfjall (Hverfell) er stór hringlaga öskugígur, um 1000 m í þvermál, sem rís 90-150 m yfir umhverfið. Gígurinn myndaðist fyrir um 2500 árum í þeytigos í grunnu stöðuvatni. Hlíðar hans eru brattar og þéttsettar af vatnsrásum. Hann er í röð fegurstu og reglubundnustu öskugígamyndana sem gefur að líta á Íslandi og talinn í röð þeirra stærstu sinnar tegundar á jörðinni. Hverfjall (Hverfell) er syðsti hluti a.m.k. 1800 m langrar gossprungu. Norðan þess eru því minni gígar úr sama gosi auk túffstappa mynduðum við gjóskuflóð frá Hverfjalli (Hverfelli). Jarðbaðshólar og hraun runnin frá þeim að Mývatni milli Reykjahlíðar og

Voga mynduðust einnig á sama tíma. Hið friðlýsta svæði er 312,72 ha að stærð.

Í auglýsingu umhverfisráðherra um náttúruvættið Hverfjall (Hverfell) í Skútustaðahreppi dags. 22. júní 2011 er ítarlega gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um svæðið.

Seljahjallagil, Bláhvammur, Þrengslaborgir og nágrenni í landi Grænavatns, friðlýst 2012. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir, auk þess sem svæðið hefur mikið fræðslu- og útivistargildi. Náttúruvættið tekur einnig til búsvæðaverndar fálka í Mývatnssveit að hluta. Á svæðinu er að finna minjar frá jarðeldunum sem skópu Mývatn og umgjörð þess. Nyrst í gílinu hefur leysingavatn grafið nýtt gil ofan í hraunið og koma þar fram miklir klettadrangar með einhverju fegursta og fjölbreyttasta stuðlabergi á austanverðu Norðurlandi. Í Bláfjalli og Bláfjallsfjallgarði eru fjölbreyttar móbergs- og grágrýtismyndanir frá ísöld með giljum og hvömmum sem grafist hafa út við lok ísaldar.

5.1.6. Önnur friðuð svæði

Í gildi eru lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr 97/2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.


Lögin eiga að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni á víðáttumiklu vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Hluti svæðisins, þ.e. Mývatnssveit og öll Laxá (20.000 ha) hefur verið verndaður samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsáttmálinn).

Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hölmum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lög þessi til eftirtalinna votlendissvæða, ásamt 200 m bakka meðfram vötnum, ám og lækjum: Sortulækjar, Geirastaðahrauns, Sandvatns ytra, Belgjarskógar, Slýja, Neslandatanga, Framengja, Krákár frá Strengjabrekku að Laxá, Grænavatns, Helluvaðsár og Arnarvatns, ásamt votlendi sem því tilheyrir. Þá taka löginn enn fremur til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár.

Reglur um Skútustaðagíga, náttúruvætti:

- Gjalltaka og mannvirkjagerð öll er bönnuð og hvers konar jarðrask, er breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.
- Nytjar graslendis milli gíga eru leyfðar, sem hingað til, en þó þannig, að búvélar valdi ekki spjöllum á gígum.
- Frekari ræktun og gerð nýrra ökuslóða er háð leyfi Umhverfisstofnunar.
- Bannað er að tjalda á eða í gígum.
- Gangandi fólk er heimil för um svæðið utan ræktaðs lands eftir merktum stígum, en öllum er skylt að ganga vel um og snyrtilega.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að náttúruverndarlögum.



Mynd 5.3 Friðlýst náttúruverndarsvæði í sveitinni í Skútustaðahreppi

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlun-um sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjá-gróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúru-legs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

(Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.22.1)



Mynd 5.4 Hverir

Á grundvelli laganna um verndun Mývatns og Laxár var unnin verndaráætlun fyrir svæðið, sem undirrituð var í maí 2012.

5.1.7. Hverfisverndarsvæði (Hv)

Í upphaflegri útgáfu gildandi aðalskipulags, sem unnin var skv. þágildandi skipulags-lögum, voru ekki skilgreind hverfisverndarsvæði. Þess í stað var vísað í náttúru-verndarkort Náttúruverndarráðs frá 1987 og merktir verndarflokkar 1a, 1b, 2 og 3.

Lögin um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu nr. 97/2004 taka fyrst og fremst til verndunar lífríkis Mývatns og Laxár, votlendissvæða þar í kring og vatnasviðs Mývatns. Hins vegar er fjöldi merkra jarðmyndana utan verndarsvæðisins. Óvísða á gosbelti landsins er að finna jafnmikinn fjölbreytileika jarðmyndana og í Skútustaðahreppi.

Í aðalskipulaginu eru því afmörkuð allmörg hverfisverndarsvæði utan verndar-svæðisins en einnig innan verndarsvæðisins. Samkvæmt skipulags- og byggingar-lögum er sveitarstjórn mögulegt að setja fram stefnu og skilyrði um vernd náttúru-minja, menningarsögulegra svæða eða bygginga vegna náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Hér er um að ræða svo nefnda hverfisvernd sem ekki felur í sér lögformlega friðun. Í aðalskipulagi skal þá gera grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis skulu njóta forgangs og tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og íbúa um landnotkun og framkvæmdir.

Hægt er að skilgreina hverfisvernd innan annarra landnotkunarreita, t.d. íbúðar-byggðar, opinna svæða til sérstakra nota eða iðnaðarsvæða eins og gert er á orkuvinnslusvæðum í Kröflu.

Við breytingar á aðalskipulaginu sem gerðar voru vegna iðnaðarsvæða (orkuvinnslusvæða) í Kröflu og Bjarnarflagi voru skilgreind hverfisverndarsvæði í samræmi við heimildir í þágildandi skipulags- og byggingarlögum. Þau hverfisverndarsvæði voru síðan tekin upp og útfærð nánar í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2015. Um er að ræða 15 svæði (HK1 - HK15) innan marka Skútustaðahrepps (Krafla og Bjarnarflag). Um svæðin gilda almenn ákvæði aðalskipulags Skútustaðahrepps 1996-2015 með síðari breytingum auk nokkurra viðbótarákvæða svæðisskipulagsins.

Svæðin eru:

- Dalfjall norður undir Hvíthóla.
- Gígaröð og misgengi sunnan við Kröflustöð.
- Hveragil vestan Kröflu.
- Víti og nánasta umhverfi.
- Leirhnjúkur og gígaröð til norðurs.
- Hituhólar, gígaröð frá Mývatnseldum.
- Hvannhólsdalur.
- Þríhyrningar.
- Halaskógaborg og nánasta umhverfi.
- Austurhlíð Dalfjalls og láglendið að Kröfluafleggjara.
- Dalborg.
- Gígar úr Heiðarsporðsgosreininni.
- Námafjall og Hverarönd.
- Krummaskarðsmisgengi.
- Hrossaborg.

Í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum var einu hverfisverndarsvæði, Hrauntröð, bætt við. Hverfisverndarsvæðið „Dalfjall norður undir Hvíthóla“ var einnig stækkað þannig að það nær yfir Hraunfoss og hrauntungu fram úr Hvíthólaklifi. Stækkunin nær inn á skilgreint orkuvinnslusvæði skv. gildandi aðalskipulagi og svæði fyrir flutningslínur raforku. Við mannvirkjagerð skal leitast við að viðhalda einkennum svæðisins og skal gæta fyllstu varúðar við allar framkvæmdir.

Auk þess voru gerðar lítills háttar breytingar á afmörkun nokkurra núverandi hverfisverndarsvæða og viðeigandi viðbótarákvæði sett.

Í aðalskipulaginu 2011-2023 eru nokkur svæði til viðbótar skilgreind sem hverfisverndarsvæði sbr. töflu í kafla 5.1.8.

Samkvæmt skipulagsákvæðum er unnt að breyta mörkum svæða og ákvæðum um hverfisvernd í aðalskipulagi án þess að breyta þurfi svæðisskipulaginu.



Mynd 5.5 Hverir

5.1.8. Almenn hverfisverndarákvæði

Um hverfisverndarsvæði í Skútustaðahreppi gilda eftirfarandi almenn ákvæði auk sérákvæða, sem tiltekin eru vegna einstakra svæða:

- Umferð og nytjar sem ekki hafa neikvæð áhrif á viðfang hverfisverndar er heimil.
- Hefðbundin landbúnaðarafnot eru áfram heimil (t.d. ræktun, beit, veiðar).
- Jarðrask og röskun jarðmyndana eða gróðurlendis er óheimil.
- Mannvirkjagerð takmarkast við viðhald og endurbyggingu núverandi mannvirkja.

Nr.	Stærð	Svæði	Viðfangsefni verndunar	Skipulagsákvæði
103-Hv	1,2	Eldá innan þéttbýlis-marka (tvískipt)	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndarákvæði
305-Hv (HK1) ¹⁶	4.803	Leirhnjúkur, hraun og gígaröð til norðurs.	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndarákvæði
306-Hv (HK2)	37	Hithólar, gígaröð frá Mývatnseldum	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndarákvæði
307-Hv (HK5)	77,1	Þríhyrningar. Innan svæðisins eru Hvíthólar	Jarðmyndanir, landmótun og landslag Naðurtunga, á vólsta	Almenn hverfisverndarákvæði
308-Hv (HK15)	7,3	Hrauntröð inni á Leirhnjúkshrauni vestan Þríhyrninga	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndarákvæði
309-Hv (HK3)	14,7	Víti og nánasta umhverfi	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndarákvæði
310-Hv (HK4)	44,1	Hveragil vestan Kröflu	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndarákvæði.
311-Hv (HK6)	21,5	Gígaröð og misgengi sunnan við Kröflustöð	Jarðmyndanir, landmótun og landslag. Skógur í Hlíðardal	Almenn hverfisverndarákvæði



Mynd 5.6 Við Leirhnjúk. Þríhyrningar.

¹⁶ Númer í sviga vísa til greinargerðar Svæðisskipulags jarðhitasvæða í Þingeyjarsýslum

Nr.	Stærð	Svæði	Viðfangsefni verndunar	Skipulagsákvæði
315-Hv (HK8, HK10)	458	Austurhlíð Dalfjalls og láglendið að Kröflu afleggjara og norður undir Hvíthóla	Jarðmyndanir, landmótun og landslag. Birkiskógur.	Almenn hverfisverndar-ákvæði. Skógarvernd.
316-Hv (HK7)	57,8	Hvannhólsdalur. Norðurmörkum svæðisins breytt lítillaga	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði
317-Hv (HK9)	-	Halaskógaborg og nánasta umhverfi	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði
318-Hv (HK11)	14,9	Krummaskarðsmisgengi.	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði
325-Hv (HK12)	13,5	Dalborg, gígar úr Heiðarsporðsgosreininni	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði
326-Hv (HK13)	233	Námafjall og Hverir.	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði
329-Hv (HK14)	10,9	Hrossaborg, stakur sprengigígur.	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði
345-Hv	37,9	Hrafninnuhryggur suðaustan við Kröflu	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði
347-Hv	835	Eldá, efri hluti	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði
348-Hv	112	Stóragjá, Grjótagjá og Varmholtsgjá	Sérstæðar jarðmyndanir og útivistargildi.	Almenn hverfisverndar-ákvæði
349-Hv	69	Jarðbaðshólar	Jarðmyndanir, landmótun og landslag, fágætar plöntur	Almenn hverfisverndar-ákvæði
350-Hv	10.322	Búrfellshraun	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði
354-Hv	1.070	Lúdent, Lúdentarborgir, Strandarholt	Sérstæðar og fjölbreyttar jarðmyndanir, landmótun og landslag. Birkiskógur.	Almenn hverfisverndar-ákvæði. Skógarvernd.

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001, IV. kafla, segir m.a.: 9. grein: Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á ... Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr. 10. grein: Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. 11. grein:Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landa-reign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram. 12. grein: Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaraðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins [Umhverfisstofnun] hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. 13. grein: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. 14. grein: Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.
--

Nr.	Stærð	Svæði	Viðfangsefni verndunar	Skipulagsákvæði
361-Hv	1262	Belgjarskógur	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði
362-Hv	230	Eldá, neðri hluti	Jarðmyndanir, landmótun og landslag	Almenn hverfisverndar-ákvæði

5.2. MENNINGARMINJAR

„Í Skútustaðahreppi er mikið af áhugaverðum fornleifum og fullyrða má að óvíða hafi farið fram eins blómlegar fornleifarannsóknir á allra síðustu árum. Sveitin er því betur í stakk búin að kynna fornleifar á svæðinu og sögu þess fyrir ferðamönnum en flestar aðrar sveitir landsins.“¹⁷ Mikilvægt er að taka mið af þekktum fornleifum við allar framkvæmdir, skógrækt og skipulag byggðar. Fornleifar geta gefið staðnum, svæðinu eða byggðinni aukið vægi og orðið áhugavert viðfangsefni í ferðaþjónustu og útivist.

5.2.1. Friðlýstar fornleifar

Í skrá Fornleifastofnunar um friðlýstar fornleifar eru eftirtaldir minjastaðir í Skútustaðahreppi.¹⁸:

- Arnarvatn. Fornleifar á Mýnessási; þær eru á norðurenda ássins við Laxá. Sbr. Árb. 1901: 11-12. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.76.19

¹⁷ Merkar fornleifar í Skútustaðahreppi: Samantekt vegna aðalskipulags. Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2009. FS427-09021.

¹⁸ Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990. Fornleifanefnd.. Sótt 2011 á <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20060404110211841.pdf>

¹⁹ Fornleifum þessum er friðlýst á jörðina Skútustaði, sbr. bréf sýslum., dags. 10.07.1990, og ljósrít af skjali frá honum. Minjarnar eru eigi að síður í landi Arnarvatns og leiðrétting þar að lútandi kemur fram á eintaki Þjóðminjasafns en henni var aldrei þinglýst. (Sjá einnig Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Eysteins Sigurðssonar, Arnarvatni).

²⁰ Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I, II, III og IV. Fornleifastofnun Íslands FS022-96011, FS049-96012, FS086-96013 og FS118-96014. Reykjavík 1996-2000.

- Hofstaðir. Hoftóft norður á túninu; lítil hringmynduð tóft fyrir austan hana, fornt garðlag með brekkubrúninni upp frá litla hringnum, og hestarjett við garðlagið. Sbr. Árb. 1906: 12-13 (með uppdrætti); Bruun 1928: 39-47. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.
- Hörgsdalur. "Þrælsgerði", er svo heitir, dálítil túngirðing, forn, austan á holtinu, sem er fyrir austan heimatúnið, og forn bæjarrúst í. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 1931.

5.2.2. Fornleifaskrá

Fornleifastofnun Íslands vann á árunum 1996-2000 fornleifaskráningu fyrir Skútustaðahrepp í fjórum áföngum og voru 1.262 minjastaðir skráðir. Um 540 þeirra voru skilgreindir í hættu. Ástæða þess að minjastaðir eru taldir í hættu geta verið margskonar. Flestir minjastaðanna eru taldir í hættu vegna almenns rasks og framkvæmda sem fylgir búskap svo og mannaferða, einkum vegna gríðarlegs fjölda ferðamana við Mývatn. Fornleifaskráningin var unnin samhliða fornleifauppgrefti í sveitarfélaginu á þessum tíma.

Í fyrsta áfanga voru fornleifar í landi Hofstaða og 5 nágrannajarða til suðurs skráðar. Sumarið 1997 voru teknar fyrir 8 næstu jarðir þar fyrir austan. 1998 var haldið áfram til austurs, suðurs með vatninu og jarðirnar Haganes, Skútustaðir, Álftagerði, Krákár-bakki, Grænavatn og Garðar skráðar. Einnig voru skráðar fornleifar á afrétti Skútustaða sunnan við Baldursheim en 1996 höfðu fornleifar í Suðurárbotnum í landi Grænavatns verið skráðar. Í lokaáfanga sumarið 1999 var skráð í löndum Kálfastrandar, Geiteyjarstrandar, Voga, Reykjahlíðar og Grímsstaða auk afréttarlanda þeirra sem jörðunum tilheyra.²⁰

Minjastaðir geta haft gildi fyrir útivist og ferðaþjónustu og er það eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar að finna og skilgreina staði eða svæði sem þurfa á verndun að halda eða henta til kynningar fyrir útlendum jafnt sem innlendum ferðamönnum og skólabörnum.²¹

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum. (Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.20.1).



Mynd 5.7 Hofstaðir, Laxá

²¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Reykjavík 1999. Bls 104



Mynd 5.8 Í Herðubreiðarlindum



Mynd 5.9 Gamli bærinn á Grænavatni

Árið 2009 tók Fornleifastofnun Íslands saman yfirlit yfir merkar fornleifar í Skútustaðahreppi í þeim tilgangi að þær yrðu merktar inn á aðalskipulagsupprátt.²² Alls voru valdir 22 minjastaðir, m.a. út frá kynningargildi þeirra, og lagt til að þeir yrðu merktir sérstaklega. Jafnframt voru fyrirbyggjandi gögn fornleifaskrárinnar yfirfarin og hnit allra skráðra minjastaða leiðrétt og færð inn á loftmyndir. Gögnin voru þar með gerð aðgengileg og nothæf til viðmiðunar við alla áætlanagerð á svæðinu.

Þótt valdir minjastaðir séu merktir sérstaklega á aðalskipulagsupprætti njóta allir skráðir minjastaðir verndar samkvæmt þjóðminjalögum. Minjastaðirnir eru valdir m.a. með hliðsjón af aðgengi og hugsanlegu hlutverki þeirra í kynningu og fræðslu um sögu og minjar í Skútustaðahreppi.

Ekki eru sett sérstök skipulagsákvæði um minjastaði en um þá gilda m.a. ákvæði IV. kafla þjóðminjalaga.

Nr.	Svæði	Lýsing
401-Þ	Minjar í heimatúni Hörgsdals	Vel varðveitt bærarstjæði.
402-Þ	Steinbogi í landi Helluvaðs	Rústir forns kotbýlis rétt við áningarstað á þjóðvegi 1.
403-Þ	Selstöður frá Arnarvatni	Haft var í seli á þessum stað fram til 1890.
404-Þ	Selstöður frá Grímsstöðum	Rústir og túngarðar við Sandvatn.
405-Þ	Litlu-Gautlönd	Fornt býli skammt norðan Gautlanda.
406-Þ	Sel og býli suður af Baldursheimi	Fornbýlin Þorleifsstaðir, Hrutavíðissel og Kristínarsel suðvestan Baldursheims.
407-Þ	Hrísheimar	Athyglisverður og um margt einstakur minjastaður m.a. v/járnvinnslu.
408-Þ	Minjar í Geldingaey	Fjölbreyttar minjar um nýtinug úthaga fyrir á öldum. Einnig umdeilt stíflustæði frá 1960.
409-Þ	Selhagi í landi Haganess	Aðgengileg og skemmtilega staðsett rúst bæjarhúsa.
410-Þ	Öskuhaugurinn á Skútustöðum	Öskuhaugur frá víkingaöld fram til 20.

²² Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Merkar fornleifar í Skútustaðahreppi: Samantekt vegna aðalskipulags*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2009. FS427-09021.

Nr.	Svæði	Lýsing
		aldar.
411-Þ	Minjar í Mikley á Mývatni	Fjölbreytilegar fornleifar frá löngu tímaskeiði.
412-Þ	Gamli bærinn á Grænavatni og fornleifar í túninu í kring	Merkileg torfbygging með stóru frambæjarhúsi úr timbri frá 1913.
413-Þ	Minjar suður af Grænavatni, m.a. Sveigakot, Oddastaðir	Fornar leifar smábýla, jafnvel frá víkingaöld.
414-Þ	Botnakofi og Botnatóft	Leitarmannakofi og tvíhlaðin tóft úr hraungrýti, líklega frá 18. eða 19. öld.
415-Þ	Gröf í landi Reykjahlíðar	Tóftir útihúsa í Gröf, sem ekki fóru undir hraun í Mývatnseldum. Í jaðri tjaldsvæðis.
416-Þ	Stöng í landi Reykjahlíðar	Bæjarleifar undir hraunjaðri Eldhrauns frá 1729 (sunnan við Slý). Að hluta frá því fyrir 1300.
417-Þ	Skarðssel og Hali í landi Reykjahlíðar	Minjar rétt við Kröfluaflleggjara. Syðri tóftirnar, Hali, hugsanlega skáli frá því fyrir 1104.
418-Þ	Eyvindarkofi í Herðubreiðarlindum	Útilegumannakofi og gangnamannakofi, sögustaður.
419-Þ	Sæluhúsið við Jökulsá á Fjöllum	Sæluhús við ferjustað, byggt um 1880.
-	Fornt garðakerfi í Skútustaðahreppi	Umfangsmikil garðlög frá fyrstu öldum byggðar í landinu, um 300 km. Garðakerfið er sýnt á skipulagsupprætti (ómerkt).
421-Þ	Brenna í landi Geirastaða	Fornlegar rústir og garðar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Við Sandvatn.
422-Þ	Hofsstaðir	Stór skálatóft frá 10. öld.
-	Kuml í Skútustaðahreppi.	Fimm fundarstaðir: Við Vindbelg, í landi Ytri-Neslanda, í landi Grímsstaða, í landi Baldursheims og í túni á Gautlöndum. Ómerkt.

Auk ofantalinna minjastaða, sem merktir eru á aðalskipulagsuppdraetti eru eftirtaldir minjastaðir skráðir í Svæðisskipulagi miðhálandisins.²³ Úr skrá svæðisskipulagsins er sleppt sögustöðum án eiginlegra minja.

Nr.	Svæði	Lýsing
450-Þ	Hlíðarhagi við Eilífsvötn	Búsetuminjar
451-Þ	Hlíðarhagi við Eilífsvötn	Búsetuminjar
452-Þ	Klaustur á Austurfjöllum, austurafrétti Mývetninga	Miðstöðvar gangnamanna
453-Þ	Kofaborg við Skógarmannafjöll	Miðstöðvar gangnamanna
454-Þ	Fjallagjáarkofi á Austurfjöllum, austurafrétt Mývetninga	Miðstöðvar gangnamanna
455-Þ	Á Heilagsdal	Samgönguleiðir
456-Þ	Fremrinámur	Aðrar minjar
457-Þ	Fremrinámur	Aðrar minjar
458-Þ	Leið yfir Hafragjá (Bræðraklif) ²⁴	Samgönguleiðir
459-Þ	Miðfellskofi (Tumbi) austan í Miðfelli á Mývatnsöræfum	Búsetuminjar
460-Þ	Leið austur yfir Jökulsá hjá Ferjufjalli	Samgönguleiðir
461-Þ	Í Herðubreiðarlindum	Útilegumannabústaðir
462-Þ	Í Herðubreiðarlindum	Útilegumannabústaðir
463-Þ	Í Herðubreiðarlindum	Útilegumannabústaðir
464-Þ	Kolmúladalur	Miðstöðvar gangnamanna
465-Þ	Leið til Möðrudals á Fjöllum um Suðurárbotna	Samgönguleiðir
466-Þ	Í norðurjaðri Ódáðahrauns við upptök Suðurár	Leifar hins forna eyðibýlis Hrauntungu í norðurjaðri Ódáðahrauns

²³ Miðhálandi Íslands. Svæðisskipulag 2015 Greinargerð

²⁴ Ábendingar hafa borist um að örnefnið Bræðraklif eigi ekki við þennan stað. Í handriti Péturs Jónssonar að Örnefnaskrá í Reykjavíki stendur: Bræðraklif, ruddur og lagaður stígur yfir Hafragjá.

Nr.	Svæði	Lýsing
467-D	Suðurárbotnar	
468-D	Stóraflesja	

5.2.3. Húsavernd

Einungis Skútustaðakirkja (byggð 1862) fellur undir ákvæði 6. gr. laga um húsafríðun. Um er að ræða timburhús en byggingarár kirkjunnar eru 1861-1863. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Hönnuður kirkjunnar var Þórarinn Benjamínsson forsmiður frá Akurseli í Öxarfirði.

Nokkur gömul hús, hlaðin úr hraunsteinum standa enn að Grænavatni (412-D). Gamli bærinn er með framhúsi úr timbri, sá eini af þeirri gerð sem enn stendur Norðanlands (og líklega á öllu landinu). Búið var í bænum allt fram til 1970.

Nokkur gömul útihús, fjárhús og hlöður með upprunalegum veggjum eru einnig að Grænavatni en bárujárnsþak hefur verið sett á flest þeirra. Sérstaklega ber að nefna tvær gamlar fjóshlöður skammt frá bænum, sporöskjulagaðar með upprunalegum dyrabúnaði og hurðum.

“Gamli bærinn” í Reykjahlíð var byggður 1912 og er því með eldri steinsteyptum húsum á landinu. Oft er Reykjahlíðabæjarins auk þess minnst sem fyrsta raðhúss á landinu.

Staður	Gerð	Bygg.efni	Byggingarár
Sæluhús við Jökulsá	bústaður ferjumanns	hlaðið steinhús	1881
Grænavatn	gamli bærinn	timbur/torf	1908
Reykjahlíð	gamalt íbúðarhús	steinsteypa	1912
Kálfaströnd	gamalt íbúðarhús	timbur	1915
Skútustaðir	gamli prestsbústaðurinn	steinsteypa	1926
Haganes	íbúðarhús	steinsteypa	1929
Stöng	gamalt íbúðarhús	steinsteypa	1929
Vogar 3	íbúðarhús	steinsteypa	1929
Helluvað	íbúðarhús	steinsteypa	1931

Elstu íbúðarhús í Skútustaðahreppi

Bæja- og húsakönnun er sjónlistarleg og byggingarlistarleg skoðun, greining, úttekt, mat og skráning bæjarumhverfis og einstakra bygginga og studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda. Þannig fæst yfirsýn yfir bæi, bæjarhluta, þéttbýlismyndun og hús í þéttbýli og dreifbýli.


Vefur Húsafriðunarnefndar:
<http://www.hfrn.is/fraedsla/husakannanir/>

Lög um húsafriðun nr 104/2001

6. gr. Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.



Mynd 5.10 Sæluhúsið við Jökulsá.



5.11 Vatnsverndarsvæði í Skútustaðahreppi, mörk fjarsvæðis sbr. vatnasvið Mývatns og Laxár (lög 97/2004) (norðurhluti) og gildandi aðalskipulag (suðurhluti).

5.3. VATNSVERND

5.3.1. Vatnsverndarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

Í tengslum við gerð aðalskipulags Skútustaðahrepps 1996-2006 vann Freysteinn Sigurðsson hugmyndir að vatnsverndarsvæði. Austaraselslindir eru skilgreindar sem brunnsvæði en lindirnar spretta upp í jarðvegsgræfum, en þær munu koma undan lekri grágrytismyndun ofan á þéttara og nokkuð ummynduðu bergi. Mörk grannsvæðisins eru um 0,5-1,0 km til hvorrar handar frá vatnsbólunum, þaðan efst á hæðina austan á Halaskógarfjalli, í koll Kröflu, austurhnjúk Graddabungu, hæst á Hágöng, í koll Jörundar og niður austan lindanna.

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er skilgreint annað vatnsverndarsvæði. Það er vatnasvið lindanna til Syðri-Flóa. Meginvatnið rennur líklega eftir sprunguskaranum sunnan að, en til nyðri hluta lindasvæðisins. Á þeirri hlið sem snýr að Mývatni þarf að gera ráð fyrir nægu rými fyrir búskap. Mörkin eru dregin úr Kráká rétt innan við Baldursheim þar sem svonefndar Rennur liggja frá ánni og í útsuðurhnjúk Hverfjalls með nauðsynlegu viki inn fyrir búskaparumsvif á Grænavatni og í Garði og ferðamannaferil um Dimmuborgir. Úr Hverfjalli eru mörkin dregin í Búrfell og þaðan fylgja þau mörkum skipulagssvæðis í hvirfil Bláfjalls. Mörk grannsvæðis liggja þaðan í koll Sellandafjalls og þaðan í upphafsstað við Kráká. Mörk fjarsvæðisins fylgja mörkum skipulagssvæðis að austan og sunnan og af Sellandafjalli í mörk Bárðdælahrepps við Suðurá.

Freysteinn Sigurðsson viðrar það að setja vernd á vatnasvið Krákár, t.d. sunnan framlengingar á markalínu fyrrgreinds svæðis gegnt Mývatni, nærri því í stefnu á Kollhóla og Grænpollaás.

Einnig þarf almennt að taka mið af þeirri vernd sem lífríki Mývatns og Laxár er ætlað samkvæmt lögum um verndun þess svæðis.

5.3.2. Vatnasvið Mývatns og Laxár.

Lögin um verndun Mývatns og Laxár, nr 97/2004, taka einnig til vatnasviðs Mývatns og Laxár. Í lögnum segir að forðast beri að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gæti vernd vatnsins og árinna samkvæmt ákvæðum laganna, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.

Umhverfiráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um varnir gegn hvers konar mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár, þar á meðal grunnvatnskerfi. Þessi reglugerð hefur ekki verið sett.

5.3.3. Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.

Í reglugerð 796/1999 er kveðið á um að langtímamarkmið fyrir vötn skuli koma fram á skipulagsuppdráttum svæðis- og aðalskipulags og að sýna skuli flokkun þeirra á skýringaruppdráttum við gerð deiliskipulags.

Grunnvatn og yfirborðsvatn skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðar um varnir gegn mengun vatns í eftirtalda flokka:

Flokkur A:	Ósnortið vatn
Flokkur B:	Lítið snortið vatn
Flokkur C:	Nokkuð snortið vatn
Flokkur D:	Verulega snortið vatn
Flokkur E:	Ófullnægjandi vatn

Í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns og skipulagsreglugerðar skal setja langtímamarkmið um ástand strandsvæða í aðalskipulagi. Samkvæmt reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólþ var frestur til ársloka 2005 til að fullnægja ákvæðum um hreinsun og losun skólþs.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur kannað ástand helstu fallvatna í landshlutanum.²⁵ Meginniðurstöður eru þær að ástand ána er gott. „Aðeins flokkun Laxár fyrir fosfat (PO₄-P) var ekki í besta mengunarflokki.”²⁶ Lagt er til langtíma-markmið um náttúrulegt ástand (mengunarflokk A). Búast má við auknu álagi á árnar jafnframt auknum umsvifum. Til þess að sporna við mengun þarf að tryggja fullnægjandi meðferð skólþs og áburðar, m.a. húsdýraskíts. Einnig gæti komið til álita að draga úr magni ofanvatns á byggðum svæðum/þéttbýli og sjá til þess að það seytili niður í jarðveginn áður en það nær ánum.

²⁵ Flokkun vatna á Norðurlandi eystra. Fnjóská, Skjálfandafljót og Laxá í Þingeyjarsýslu. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Mars 2006

²⁶ Sama heimild. bls 38.

	Fnjóská			Skjálfandafljót			Laxá		
	Raunverulegt ástand	Náttúrulegt ástand	Mengunar-ástand	Raunverulegt ástand	Náttúrulegt ástand	Mengunar-ástand	Raunverulegt ástand	Náttúrulegt ástand	Mengunar-ástand
Saurkólí	I	I	A	I	I	A	I	I	A
t-P	I	I	A	II	II	A	II	II	A
PO ₄ -P	II	II	A	II	II	A	III	II	B
t-N	I	I	A	I	I	A	II	II	A
NH ₄ -N	I	I	A	II	II	A	II	II	A
TOC	II	II	A	II	II	A	III	III	A
Cu	I	II	A	II	II	A	II	II	A
Zn	I	I	A	I	I	A	I	I	A
Cd	II	II	A	II	II	A	II	II	A
Pb	I	I	A	I	I	A	I	I	A
Cr	II	II	A	II	II	A	II	II	A
Ni	I	I	A	I	I	A	I	I	A
As	I	I	A	I	I	A	I	I	A

5.12 Mengunarflokkun Fnjóskár, Skjálfandafljóts og Laxár.

	Fnjóská		Skjálfandafljót		Laxá	
	Markmið	Staða	Markmið	Staða	Markmið	Staða
Saurkólí í 100 ml*	I <14	Uppfyllt	I <14	Uppfyllt	I <14	Uppfyllt
t-P (µg/l)	I <40	Uppfyllt	II <40	Uppfyllt	II <40	Uppfyllt
PO ₄ -P (µg/l)	II <20	Uppfyllt	II <20	Uppfyllt	II <20	Ur 21,9
t-N (µg/l)	I <300	Uppfyllt	I <300	Uppfyllt	II <750	Uppfyllt
NH ₄ -N (µg/l)	I <10	Uppfyllt	II <25	Uppfyllt	II <25	Uppfyllt
TOC (mg/l)	II <3	Uppfyllt	II <3	Uppfyllt	III <6	Uppfyllt
Cu (µg/l)	II ≤3	Uppfyllt	II ≤3	Uppfyllt	II ≤3	Uppfyllt
Zn (µg/l)	I ≤5	Uppfyllt	I ≤5	Uppfyllt	I ≤5	Uppfyllt
Cd (µg/l)	II ≤0,1	Uppfyllt	II ≤0,1	Uppfyllt	II ≤0,1	Uppfyllt
Pb (µg/l)	I ≤0,2	Uppfyllt	I ≤0,2	Uppfyllt	I ≤0,2	Uppfyllt
Cr (µg/l)	II ≤5	Uppfyllt	II ≤5	Uppfyllt	II ≤5	Uppfyllt
Ni (µg/l)	I ≤0,7	Uppfyllt	I ≤0,7	Uppfyllt	I ≤0,7	Uppfyllt
As (µg/l)	I ≤0,4	Uppfyllt	I ≤0,4	Uppfyllt	I ≤0,4	Uppfyllt

5.13 Langtímamarkmið fyrir einstaka flokkunarþætti í Fnjóská, Skjálfandafljóti og Laxá miðað við markmið um mengunarflokk A.

	Fnjóská		Skjálfandafljót		Laxá	
	Markmið	Staða	Markmið	Staða	Markmið	Staða
Saur-kóli í 100 ml ^a	I	<14	Uppfyllt	I	<14	Uppfyllt
t-P (µg/l)	I	<40	Uppfyllt	II	<40	Uppfyllt
PO ₄ -P (µg/l)	II	<20	Uppfyllt	II	<20	Úr 21,9
t-N (µg/l)	I	<300	Uppfyllt	I	<300	Uppfyllt
NH ₄ -N (µg/l)	I	<10	Uppfyllt	II	<25	Uppfyllt
TOC (mg/l)	II	<3	Uppfyllt	II	<3	Uppfyllt
Cu (µg/l)	II	≤3	Uppfyllt	II	≤3	Uppfyllt
Zn (µg/l)	I	≤5	Uppfyllt	I	≤5	Uppfyllt
Cd (µg/l)	II	≤0,1	Uppfyllt	II	≤0,1	Uppfyllt
Pb (µg/l)	I	≤0,2	Uppfyllt	I	≤0,2	Uppfyllt
Cr (µg/l)	II	≤5	Uppfyllt	II	≤5	Uppfyllt
Ni (µg/l)	I	≤0,7	Uppfyllt	I	≤0,7	Uppfyllt
As (µg/l)	I	≤0,4	Uppfyllt	I	≤0,4	Uppfyllt

5.14 Langtímamarkmið fyrir einstaka flokkunarþætti í Fnjóská, Skjálfandafljóti og Laxá miðað við markmið um mengunarflokk A.

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri). Um landnotkun á svæðum þar sem hætta er talin stafa af ofanflóðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð um nýtingu hættusvæða. (Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.18.1)

Stefnt er að því að grunnvatn og yfirborðsvatn verði í flokki A sbr. reglugerð 796/1999. Þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn er stefnt að tveggja þrepa hreinsun.

Sveitarstjórn mun leggja fram fráveituáætlun fyrir sveitarfélagið til samþykktar hjá Umhverfisstofnun.

5.3.4. Vatnasvið Mývatns og Laxár.

Lögin um verndun Mývatns og Laxár, nr 97/2004, taka einnig til vatnasviðs Mývatns og Laxár. Í lögnum segir að forðast beri að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gæti vernd vatnsins og árinna samkvæmt ákvæðum laganna, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.

Umhverfissráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um varnir gegn hvers konar mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár, þar á meðal grunnvatnskerfi. Þessi reglugerð hefur ekki verið sett.

5.4. SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnavirkjum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar, m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja.

Landrekssprungan liggur um Skútustaðahrepp. Umbrot á sprungunni valda landrisi, landsigi og jarðskjálftum. Umbrot eiga sér stað á nokkur hundruð ára fresti. Jarðskjálftar verða vart stærri en 4 á Richter kvarða. Ekki eru dæmi um verulegt tjón á byggingum vegna jarðskjálfta en tjón hefur hins vegar orðið af gliðnun sprungna.

Í Mývatnseldum 1729 rann hraun frá eldstöðvum við Leirhnúk niður í byggð við Reykjahlið þar sem nú heitir Eldhraun. Mikil eldvirkni og umbrot voru á svæðinu í Kröflueldum 1975-1984 með öflugum jarðskjálftum, jarðsigi, sprungum og hraunrennsli.

Svæði undir náttúruvá hafa ekki verið kortlögð sérstaklega í sveitarfélaginu. Ekki er talin ástæða til að afmarka í aðalskipulagi hættusvæði í byggð vegna náttúruhamfara.

Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir nýrri byggð eða landnýtingu á þekktum hættu-
svæðum.

5.4.1. Ofanflóð

Hvorki skriðuföll né snjóflóð ógna byggð í hreppnum og engar sögur fara af
mannskaða af þeim sökum. Engin þörf er fyrir snjóflóðavarnir í sveitarfélaginu.


Ekki eru dæmi um teljanlegt tjón af völdum vatnsflóða enda lítið um yfirborðsvatn og
gljúpur berggrunnur er undir mestum hluta byggðarinnar. Þó er fyrir séð ógn vegna
mögulegs hlaupvatns undan Dyngjujökli í kjölfar goss í Bárðarbungu.

Snjóþungi á þökum útihúsa hefur nokkrum sinnum valdið tjóni í sveitinni.

5.4.2. Jarðskjálftar

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í sex hönnunarhröðunarsvæði þar sem
taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili, sjá
mynd 5.14. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $a_g = 0,5$ (0,5g) en það
er 50% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,4g.
Síðan koma 0,3g, 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g.²⁷

Við hönnun á mannvirkjum er skal notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers
svæðis. Í Skútustaðahreppi er miðað við hönnunarhröðunina 0,2 g.



Mynd 5.15. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500
ára meðalendurkomutíma.

Björn Ingi Sveinsson, Páll Halldórsson 2009.

²⁷ Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma.
Björn Ingi Sveinsson, Páll Halldórsson 2009.

Samkvæmt vegalögum (nr. 80/2007) er vegakerfi landsins skipt í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi (gatnakerfi í þéttbýli), almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Þeir skulu ásamt sveitarfélagsvegum mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Vegagerðin styðst við flokkun þjóðvega í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi.

Stofnvegir eru meginsamgönguleiðir milli þéttbýlisstaða og land-svæða. Tengivegir tengja helstu áfangastaði við stofnveganetið. Saman mynda stofnvegir og tengivegir meginumferðarkerfi land-svæða og skulu þeir sýndir í aðalskipulagi.

Undir samgöngur falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir, götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjóltreidda- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki.

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega, sjá vegalög. Um skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða flugvalla, sjá lög um loftferðir og reglur um einstaka flugvelli. Um skilgreiningar hafna, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Í þéttbýli flokkast götur í stofnbrautir, safnbrautir og húsagötur. Stofnbrautir eru eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautakerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli. Safnbrautir eru helstu umferðargötur innan hvers hverfis. Þær tengja húsagötur við tengi- og stofnbrautir. Húsagötur eiga fyrst og fremst að veita aðgang að húsum og starfsemi við viðkomandi götu.

(Skipulagsreglugerð, nr. 400/1998, gr. 4.16.1)

6. SAMGÖNGUR OG VEITUR

6.1. SAMGÖNGUR

6.1.1. Vegakerfi

Á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags Skútustaðahrepps eru sýndir stofnvegir, tengivegir og þeir héraðsvegir sem lengri eru en 2 km. Einnig eru sýndir „aðrir vegir“ þar sem nauðsynlegt er talið að gera grein fyrir núverandi vegum óháð flokkun eða eignarhaldi. Þar á meðal eru landsvegir um eyðibýggðir. Á þéttbýlisuppdrætti eru sýndar stofnbrautir, tengibrautir og aðrar götur í þéttbýli, sem nauðsynlegt er að gera grein fyrir á aðalskipulagsuppdrætti.


Utan þéttbýlis eru landnotkunarreitir almennt afmarkaðir 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu tengivega og annarra vega. Stefnt er að því að ný byggð verði almennt ekki nær miðlínu stofn- og tengivega í dreifbýli en 100 m og 50 m frá öðrum vegum sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar (gr. 4.16.2). Frávik, þar sem aðstæður leyfa m.a. með hliðsjón af umferðaröryggi og hljóðvist, skulu einungis heimiluð í samráði við veghaldara.

Halda skal tengingum við stofnvegi í lágmarki. Ný hús á bújörðum nýti fyrst og fremst núverandi heimreiðar þannig að tengingum við þjóðveg verði ekki fjölgað umfram það sem nauðsynlegt er.

Ekki verður gert ráð fyrir neinum nýjum vegum eða slóðum utan þéttbýlis í aðalskipulagsáætluninni en gert er ráð fyrir breyttri veglínu Hringvegar 1 við Jökulsá á Fjöllum og nýrri brú yfir ána. Einnig er gert ráð fyrir lítills háttar breytingu á legu vegar 848 í gegn um Skútustaði.

Minni háttar lagfæringar og breytingar á hálendisvegum krefjast ekki breytingar á aðalskipulagi. Grundvallarbreytingar og umtalsverða færslu fjallvega skal þó skilgreina í aðalskipulagi. Stefnt er að breytingu á vegi við Herðubreiðartögl og Upptýppinga. Ekki verður gerð frekari grein fyrir þeim á þessu stigi máls.

Bæta þarf umferðaröryggi á þjóðvegakerfinu m.a. vegna búfjár og með uppsetningu vegriða þar sem aðstæður gefa tilefni til. Slíkar aðgerðir eru ekki skilgreindar í aðalskipulagi.



Mynd 6.1 Vegakerfi í sveitinni

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

Vegnr.	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	ÁDU	SDU	VDU
1	Mývatnssveitarvegur (848)	Kísilvegur (87)	308	535	165
1	Kísilvegur (87)	Mývatnssveitarvegur (848)	471	818	253
1	Mývatnssveitarvegur (848)	Jarðbaðsvegur (8815)	751	1153	499
1	Jarðbaðsvegur (8815)	Veðurstöð, mastur	376	683	164
1	Veðurstöð, mastur	Dettifossvegur (862)	302	592	116
1	Dettifossvegur (862)	Jökulsá (ankeri)	273	539	101

Tafla 6.1. Umferð á þjóðvegi 1 um Mývatnssveit 2010.

Skýringar:

ÁDU: Ársdagsumferð er meðalumferð á dag yfir árið

Sumardagsumferð er meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september

Vetrardagsumferð er meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember

Vefur Vegagerðarinnar nóv. 2011.

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/>

Haft skal samráð við Vegagerðina um hugsanlegar breytingar á stofn- og tengivegum, legu reið-, hjóla- og göngustíga og um framkvæmdir vegna umferðaröryggis. Breytingar á vegum án vagnnumera innan Vatnajökulsþjóðgarðs skulu unnar í samráði við stjórn þjóðgarðsins.

Eftirtaldir vegir eru sýndir á sveitarfélagsupprætti og háðir ákvæðum skipulagsins²⁸:

Nr	Heiti	Vegflokkur
1	Hringvegur nr. 1 frá Mátvatni í vestri austur á land.	Stofnvegur
87	Kísilvegur	Stofnvegur
862	Dettifossvegur	Tengivegur
848	Mývatnssveitarvegur	Tengivegur
860	Grjótagjárvegur	Tengivegur
863	Kröfluvegur og Leirhnúksvegur	Tengivegur
884	Dimmuborgarvegur	Tengivegur
885	Námaskarðsvegur	Tengivegur
8815	Jarðbaðsvegur	Tengivegur
8816	Hverfjallsvegur	Tengivegur
8819	Mývatnsheiðarvegur (Stangarvegur)	Tengivegur
F88	Öskjuleið	Landsvegur
F894	Öskjuvatnsvegur	Landsvegur
F910	Austurleið	Landsvegur
-	Leið norðan Dyngjufjalla	
-	Vegur að Svartá	
-	Gæsavatnaleið	
-	Vikrafellsleið	
-	Leið í Heilagsdal	

Auk þessara vega eru sýndir „aðrir vegir“, þ.e. héraðsvegir, sem eru lengri en 2 km. (8839 Hofstaðavegur, 8826 Haganesvegur, 849 Baldursheimsvegur) Breytingar á vegakerfi héraðsvega verða skilgreindar í deiliskipulagi.


²⁸ Úr vegaskrá Vegagerðarinnar 2010

6.1.2. Hugmyndir um breytt vegakerfi

- Ört vaxandi umferð um vegakerfið á bökkum Mývatns, einkum alls konar þungaflutningar um Mývatnssveit austur á land eða vestur um, veldur áhyggjum sveitarstjórnar vegna hugsanlegra mengunarslysa. Þess vegna hafa lauslega verið skoðaðir nokkrir kostir á nýrri legu vegar sem nýst gæti slíkri gegnumumferð en skapaði ekki þá miklu mengunarhættu sem stafað getur af óbreyttu skipulagi vegakerfisins. Hugmyndir þessar ganga í meginatriðum út á það að nýr vegur verði lagður frá Þjóðvegi nr. 1 við Máskot til austurs norðan Mávats, yfir Laxárdal norðan Sandvatns og á Kísilveg (87) við Selás. Vegarlagningin mundi auk þess stytta Hringveg nr 1 um rúma 6 km.
- Reifaðar hafa verið hugmyndir um að leggja nýjan veg frá Þjóðvegi 1 vestan Reykjahlíðar norður fyrir flugvöll ofan byggðar í Reykjahlíð og niður á Hringveg nr. 1 í Bjarnarflagi.
- Komið hefur fram hugmynd um nýjan veg austan byggðar sem í framtíðinni tengdi saman áhugaverða ferðamannastaði austan Mývatns. Með veginum, áningastöðum og bílastæðum myndi aðgengi að áhugaverðum gönguleiðum batna þar á meðal Hverfjalli, Dimmuborgum, Lúdent, Þrengslaborgum og fleiri náttúruperlum sveitarinnar.

Vegurinn lægi frá Þjóðvegi nr. 1 við Bjarnarflag austan Jarðbaðshóla (aðkoma að jarðböðunum), áfram til suðurs vestan Hrossaborgar að Grjótagjá og þaðan í stefnu meðfram vesturhlíðum Hverfjalls og sem leið liggur á milli þess og Dimmuborga þar sem gert yrði ráð fyrir áningarstað og bílastæðum. Þá væri gert ráð fyrir því að aðalaðkoma í Dimmuborgir yrði austanfrá. Framhald vegarins gæti legið áfram til suð-austurs og suður fyrir Garðsbruna og tengdist Þjóðvegi 848 á Garðsgrundum (sjá skýringarmynd). Til athugunar gæti einnig komið að leið C lægi austan Hverfjalls en sú leið hefði minni áhrif á nútímahraun og birkiskóg.

Hugmyndir þessar eru á þessu stigi ekki settar inn á aðalskipulagsuppdrátt. Um er að ræða nýja nálgun og viðkvæm náttúruverndarsvæði. Því eru þær kynntar hér til umhugsunar og frekari úrvinnslu hjá heimamönnum og þeim stofnunum og sveitarfélögum sem málið varðar. Ef hugmyndir þessar fá framgang verður gerð breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps þar sem umræddir vegir verða skilgreindur.



Mynd 6.2 Framtíðarhugmyndir um breytingar á vegakerfi.

- A Máskot – Kísilvegur
B Ofan byggðar í Reykjahlíð
C Ferðamannavegur



Mynd 6.3 Herðubreið.

6.1.3. Gönguleiðir, hjólréiðastígar og reiðleiðir

Gönguleiðir

Á skipulagsupprætti eru eingöngu sýndar megin gönguleiðir. Gönguleiðir, gamlar og nýjar, eru mikilvægar fyrir almenning og ferðapjónustu og eru helst nýttar til almennrar útivistar og náttúruskoðunar. Samgönguleiðir með sögulegan bakgrunn (alfaraleiðir fyrir bílaöld) hafa ekki síður aðrattarafl fyrir ferðafólk og útivistarfólk en stíkaðar leiðir um óbyggðir. Lögð skal áhersla á skráningu og kortlagningu gamalla samgönguleiða og stefnt er að því að þær verði opnar gangandi, hjólandi og ríðandi ferðamönnum, allt eftir aðstæðum á hverri leið og í samráði við viðkomandi landeigendur.

Gangstéttar meðfram götum í þéttbýli mynda samfelld stíganet fyrir gangandi vegfarendur. Stígakerfi Reykjahlíðar er ekki merkt sérstaklega á þéttbýlisupprætti. Á sveitarfélagsupprætti eru merktar helstu gönguleiðir sveitarinnar utan þéttbýlis.

Hjólréiðastígar

Unnin hefur verið áætlun um gerð hjólastígs umhverfis Mývatn²⁹. Tilgangur hennar var að skilgreina legu hjólastígs og opna möguleika hjólréiðafólks til að upplifa og ferðast um landslag og náttúru Mývatnssveitar út frá forsendum vistvænna samgangna og um leið að stuðla að öruggari umferð á þjóðveginum innan sveitarinnar.

„Hjólaleið umhverfis Mývatn þarf að tengja saman helstu ferðamannastaði s.s. Dimmuborgir, Hverfjall, Grjótagjá, Höfða, Skútustaðagíga, Laxá, Belgjarskóg, **Slútnes, Jarðböðin og fl. Auk þessara staða og utan við þennan algengasta hring eru** margir mikilvægir staðir s.s. Námaskarð, Víti og Krafla.

Þar sem aðstæður leyfa og ef það er hagkvæmt er gert ráð fyrir að lega hjólaleiðar fylgi núverandi slóðum ef það rýrir ekki upplifun eða veldur slyshættu. Á þeim köflum þar sem það er hægt er gert ráð fyrir að nýta gamla þjóðveginn s.s. á milli Skútustaða og Garðs og frá Reykjahlíð inn með Eldhrauninu að Fagraneshólum. Á

²⁹ VSÓ ráðgjöf. Hjólastígur umhverfis Mývatn. Tillaga og hagsmunir. Forsendur í aðalskipulagi. Desember 2011.

hringleiðinni eru einnig víða smá bútar sem er reiknað með að hægt verði að nota gamla vegstæðið.³⁰

Frumtillaga að legu hjólaleiðar umhverfis vatnið er dregin á aðalskipulagsuppdretti. Útfærsla og nákvæm lega hjólaleiðar verður ákvörðuð endanlega á lægra skipulagsstigi í samræmi við þá stefnu sveitarstjórnar að örugg hjólaleið verði umhverfis Mývatn. Frávik frá frumtillögunni, sem skilgreind kunna að verða í deiliskipulagi eða með grenndarkynningu, krefjast ekki breytinga á aðalskipulagi.

Áningarstaðir

Talin er þörf á því að bæta aðgengi almennings að Mývatni m.a. með áningarstöðum við þjóðveginn svo og við hjólaleiðina. Slíkir áningarstaðir verða ekki ákvarðaðir í aðalskipulagi. Staðsetning og útfærsla skal unnin á lægra skipulagsstigi, annað hvort með deiliskipulagi viðkomandi svæðis eða með grenndarkynningu eftir því sem við á.

Reiðleiðir


Mikilvægt er að tryggðar verði öruggar reiðleiðir innan sveitar, m.a. vegna hestaleiga í hreppnum. Hins vegar er brýnt að komið verði til móts við sífellt vaxandi umferð ferðahópa sem fara ríðandi um sveitina á sumrin. Gert er ráð fyrir reiðleið með áningarstöðum umhverfis Mývatn. Henni tengjast reiðleiðir að og frá svæðinu. Þær eru helstar:

- Frá bænum Arnarvatni um Helluvað niður Laxárdal vestan Laxár (Þingeyjarsveit).
- Frá Kráká við þjóðveg nr. 1 um Gautlönd til Bárðardals.
- Frá Grímsstöðum að Sandvatni til Þeistareykja, Reykjahverfis eða Laxárdals.
- Frá Reykjahlíð um Dalfjall til austurs.


Lega reiðleiðanna umhverfis Mývatn verður í stórum dráttum eftirfarandi:

- Frá Grímsstöðum í Reykjahlíð eftir gamla veginum.
- Frá Arnarvatni austur með Mývatni í Skútustaði meðfram þjóðvegi.
- Frá Skútustöðum í Garð á gamla þjóðveginum.

³⁰ VSÓ ráðgjöf. Hjólastígur umhverfis Mývatn. Tillaga og hagsmunir. Forsendur í aðalskipulagi. Desember 2011.



Mynd 6.4 Gönguleiðir í sveitinni



Mynd 6.5 Núverandi reiðleiðir í sveitinni

- Frá Garði í Reykjahlíð austan Garðsbruna, þaðan austan Lúdentarborga og Strandarholts austan Hverfjalls og Námafjalls að Dalborg.

Hesthúsahverfið er norðan þjóðvegur vestan Bjarnarflags. Þaðan liggur reiðleið í austurátt meðfram þjóðvegi nr. 1 allt austur að Jökulsá á Fjöllum.

Meginreiðleið liggur austur með hringvegi/þjóðvegi nr. 1 austur að Jökulsá á Fjöllum og síðan vestan árinna til suðurs meðfram vegi allt til Herðubreiðarlinda og þaðan áfram meðfram vegi til suðurs, suður og austur yfir Jökulsá sunnan Upptýppinga. Reiðleiðir eru mikilvægar fyrir vaxandi ferðaþjónustu á skipulagssvæðinu. Á skipulagsupprætti eru aðeins sýndar helstu reiðleiðir. Stefnt er að heildarendurskoðun reiðleiða í sveitarfélaginu.

6.2. GATNAKERFI Í REYKJAHLÍÐ.

Stofnvegur, þjóðvegur nr 1 og safngatan Hlíðavegur mynda aðalgatnakerfi í Reykjahlíðarþéttbýli. Innra gatnakerfi Reykjahlíðar, hefðbundið gatnanet, er skilgreint í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Innanbæjarumferð er meiri en stærð bæjarins gefur tilefni til eins og víðast hvar í þéttbýli á Íslandi. Staðsetning Reykjahlíðarþéttbýlisins í þjóðleið á milli austur- og mið-norðurlands hefur auk þess í för með sér umtalsverða gegnumumferð.

Engar breytingar eru gerðar á megingatnakerfi Reykjahlíðar. Tengingar þess við aðalgatnakerfi eru sýndar á aðalskipulagsupprætti.

Stuðlað er að bættu umferðaröryggi allra vegfarenda með settum hámarksökuhraða innanbæjar 30 km/klst.

Meðaltalsumferð á þjóðvegi 1 sunnan Reykjahlíðar (ÁDU) er um 750 bílar á sólarhring en meða sumarumferð (SDU) er um 1.150 bílar/sólarhring (sjá töflu 6.1).

6.3. UMFERÐARHÁVAÐI OG LOFTGÆÐI

Ekki liggur fyrir kortlagning hávaða samkvæmt ákvæðum reglugerðar um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1000/2005. Þjóðvegaumferð fer í gegn um Reykjahlíð og Skútustaði. Þó má ætla að umferð sé langt undir viðmiðunarmörkum reglugerðarinnar um það umferðarmagn á vegum sem gefur tilefni til gerðar hávaðakorta fyrir nærliggjandi þéttbýli. Loftgæði á einstökum svæðum í Skútustaða-

hreppi hafa ekki verið rannsökuð og gefur umferðin þar ekki tilefni til sérstakra aðgerða vegna loftmengunar og svifryks.

Jarðhitasvæði í grennd við Reykjahlíð svo og fyrirhuguð jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi hafa áhrif á loftgæði í þéttbýlinu. Sjá nánar kafla 7.5.1

6.4. ÖNNUR SAMGÖNGUMANNVIRKI

6.4.1. Flugvöllur H

Flugvöllur (351-H) hefur um langt skeið verið um 1 km norðan Reykjahlíðarþéttbýlis. Flugbrautin er klædd bundnu slitlagi. Flugvöllurinn þjónar útsýnisflugi, einkum yfir sumarmánuðina, en auk þess sjúkra- og neyðarflugi. Flugáhugamenn hafa þar einnig aðstöðu, en áhugi á einkaflugi hefur farið vaxandi í hreppnum á síðari árum. Flugvöllurinn og flugreksturinn er mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu í Mývatnssveit.

Um er að ræða um 7-10 ha svæði, eina 1.000 m langa Flugbraut nánast í norður/suður stefnu. Þar standa afgreiðsluhús og flugskýli.

Á skipulagstímabilinu eru ekki ráðgerðar frekari breytingar eða stækkun flugvallarins í Reykjahlíð.

Flugbraut er í Herðubreiðarlindum (malarbraut, lendingarstaður án þjónustu). Brautin er ekki merkt á aðalskipulagsupprætti.

6.5. VEITUR

6.5.1. Almenn atriði

Stofnlagnir veitukerfa eru sýndar á skipulaguppdráttum eftir því sem við á.

Minni háttar veitumannvirki s.s. dælustöðvar, rotþrær, endurvarpsstöðvar og -möstur, dælustöðvar og dreifistöðvar raforku (litlar spennistöðvar) eru ekki skilgreind í aðalskipulagi. Þau skulu ákvörðuð í deiliskipulagi eða með grenndarkynningu eftir því sem við á. Jarðstrengi hvers konar, sem fylgja stígum og vegum/götum, þarf ekki að sýna á aðalskipulagsupprætti.

Á þéttbýlisupprætti eru aðeins sýndar þær lagnir sem fara um opið eða óbyggt land eða einkalóðir. Heimtaugar og götulagnir eru ekki háðar aðalskipulagsákvæðum.

6.5.2. Vatnsveita

Í reglugerð um neysluvatn (536/2001) og reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999 með síðari breytingum (533/2001)) er gerð grein fyrir reglum sem gilda um vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði umhverfis þau.

Fjallað er um vatnsból og vatnsverndarsvæði í kafla 5.3.

Helstu vatnsból og afmörkun vatnsverndarsvæða þeirra eru sýnd á aðalskipulags-uppdrætti svo og stofnlagnir vatnsveitu.

6.5.3. Fráveita

Samkvæmt reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp var frestur til ársloka 2005 til að fullnægja ákvæðum um hreinsun og losun skólps.

Fráveitumál eru almennt í góðu lagi í hreppnum. Þó er einhvað um gamlar rotþrær og án siturlagna og síubeða. Úrbætur eru í eðlilegu ferli. Nýjar rotþrær eru yfirleitt í góðu lagi³¹. Ekki er heimilt að byggja húsnaði í hreppnum af neinu tagi án þess að það sé tengt við rotþrær. Þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn er stefnt að tveggja þrepa hreinsun þannig að ákvæðum laga og reglugerða um heilbrigðis- og hollustuhætti verði uppfyllt. Sveitarstjórn stefnir að því leggja fram fráveituáætlun til kynningar og samþykktar hjá Umhverfisstofnun fyrir árslok 2015.

Sveitarfélagið sér um að rotþrær séu tæmdar eftir þörfum. Seyru úr rotþróum er fargað á viðurkenndan hátt í samræmi við gildandi reglur. Um rotþrær gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp (798/1999) og reglugerðar um meðhöndlun seyr (799/1999).

6.5.4. Hitaveita

Sveitarfélagið rekur Hitaveitu Reykjahlíðar sem sér Reykjahlíð og byggðinni frá Grímsstöðum austur og suður um í Álftagerði fyrir heitu vatni. Hitaveitan hefur samning við eigendur Reykjahlíðar og Voga um kaup á heitu vatni og á og rekur dreifikerfi sem nær til allra íbúðarhúsa á sölusvæðinu. Í dreifbýlinu eru sérveitur án aðildar sveitarfélagsins.

³¹ Byggt á upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti NA-lands á Akureyri og heilbrigðisfulltrúanum á Húsavík.

Stofnæða- og dreifikerfi veitunnar hefur byggst upp samhliða uppbyggingu þéttbýlisins í Reykjahlíð þannig að unnt er að afhenda heitt vatn til allra þeirra sem þess óska innan þeirra marka sem tæknilegar og/eða fjárhagslegar forsendur leyfa. Stofnlagnir hitaveitunnar eru sýndar á skipulagsupprætti.

6.5.5. Rafveita

Rarik sér um dreifingu og sölu á rafmagni í sveitarfélaginu. Dreifikerfi sveitarinnar er tengt byggðalínu við Kröflustöð. Rafmagni hefur lengst af verið dreift með loftlínunum nema í Reykjahlíð en stór hluti dreifikerfisins hefur verið lagður í jörð í kjölfar óveðurs í september 2012. Miðað er við að jarðstrengir liggi að mestu meðfram vegum (neðst í vegfláa) og stígum eða um raskað land. Gert er ráð fyrir að jarðstrengir leysi loftlínur af hólmi við raforkudreifingu. Í vissum tilvikum geta loftlínur áfram komið til álita s.s. þar sem farið er um nútímahraun og niðurgráfin lögn hefði í för með sér óafturkræft jarðrask.

Dreifikerfi rafveitu er ekki sýnt á aðalskipulagi. Nýjar dreifilagnir og breytingar eru ekki háðar breytingu á aðalskipulaginu.

6.5.6. Flutningslínur raforku

Um sveitarfélagið liggja meginflutningslínur Landsnets milli landshluta. Þær tengjast tengivirki í Kröflustöð. Kröflulína 1, 132 kV liggur til vesturs sunnan Hlíðarfjalls og norðan byggðar í Reykjahlíð. Kröflulína 2, 132 kV, liggur til austurs um Austaraselsheiði og yfir Jökulsá á Fjöllum sunnan við Ferjuás.

Áformaðar eru nýjar 220 kV flutningslínur frá Kröflu til vesturs að nýju tengivirki á Hólasandi. Þaðan er annars vegar gert ráð fyrir tveim línuleiðum til norðurs, um Þeistareyki og vestan Lambafjalla að Bakka við Húsavík og hins vegar tengingu til suðvesturs að núverandi Kröflulínu og vestur um land. Einnig er gert ráð fyrir nýrri Kröflulínu 3 til austurs frá Kröflustöð, sem tengist virkjunum á Austurlandi. Megnidrættir þessarar flutningslína voru ákvarðaðir í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Raforka frá væntanlegri virkjun í Bjarnarflagi verður flutt um jarðstreng að tengivirki í Kröflustöð.

Hugsanlegt er að með tilkomu nýrra flutningslína norðan Hlíðarfjalls og tengivirkis á Hólasandi gefist kostur á að færa Kröflulínu 1 noran Reykjahlíðar í nýja línustæðið.



Mynd 6.6 Kröfluvirkjun.

Flutningslínur raforku (132 kV og hærri spenna, kerfi Landsnets) skal vera í samræmi við aðalskipulag.

6.5.7. Fjarskipti

Ljósleiðari liggur á botni Mývatns á milli Reykjahlíðar og Skútustaða en þar eru símsstöðvar, sjálfstæðar útstöðvar frá Húsavík. Sjónvarps- og útvarpssendir er á Skógarhlíð norðan Námaskarðs. GSM-stöð er í Reykjahlíð 1. Örbylgjusamband er frá Skógarhlíð að Grímsstöðum á Fjöllum.

Fjarskiptabúnaður og -mannvirki verða þróuð áfram á skipulagstímabilinu eftir þörfum og samhliða þróun byggðar. Fjarskiptabúnaður s.s. endurvarpar eru ekki sýndir á aðalskipulagsupprætti. Gera skal grein fyrir þeim í deiliskipulagi eða með grenndarkynningu eftir því sem við á. Miðað er við að ljósleiðarar og aðrir fjarskiptastrengir fylgi vegum og stígum að mestu (neðst í vegfláa). Forðast skal langingu þeirra um óraskað land s.s. eldhraun. Stofnlagir fjarskipta meðfram vegum og stígum þarf ekki að sýna á aðalskipulagsupprætti. Dreifilagnir eru ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti.



Mynd 8.1 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, Skútustöðum.

7. UMHVERFISSKÝRSLA

7.1. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM SKIPULAGSÁÆTLUNAR

Samkvæmt 3. grein laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 gilda ákvæði laganna um þær skipulagsáætlanir, sem marka stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þær áætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra. Í 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010 er enn fremur kveðið á um að í skipulagsáætlunum skuli „gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á.“

Þótt ekki sé gert ráð fyrir nýjum framkvæmdum sem tilgreindar eru í viðaukum laga um mat á umhverfisáhrifum í endurskoðuðu aðalskipulagi Skútustaðahrepps umfram þær, sem þegar eru staðfestar í gildandi aðalskipulagi (virkjanir og flutningslínur raforku), er áætlunin unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana (105/2006) eftir því sem við á.

Einhverjar framkvæmdir gætu komið til álita í sveitarfélaginu að breyttu aðalskipulagi, sem væru matsskyldar skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) eða tilkynningarskyldar skv. 2. viðauka sömu laga. Engar forsendur eru á þessu stigi til þess að gera nánari grein fyrir slíkum möguleikum enda verði farið með viðkomandi mál þegar þau koma á dagskrá í samræmi við ákvæði laga.³²

Eins og fram kemur í kafla 4. Landnotkun, var úrvinnsla úr fyrirbyggjandi umsóknunum um ný svæði fyrir frístundabyggð, verslunar- og þjónustusvæði svo og íbúðaþyrpingar í hreppnum mikilvægur þáttur í aðalskipulagsvinnunni.

Þótt ákvæði laga um umhverfismat áætlana eigi einungis við efnisþætti, sem tilgreindir eru í viðaukum I og II við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 voru helstu viðfangsefni skipulagsvinnunnar, ný og breytt landnotkun, metin út frá þeim viðmiðum, sem helst eru talin skipta máli miðað við stefnu sveitarstjórnar,

³² Sjá nánar viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

annarra yfirvalda og markmiða laga. Verkferli umhverfismats áætlana er þannig beitt við ákvarðanatöku um landnotkun.

7.1.1. Yfirlit

Í umhverfisskýrslu er fjallað um áhrif stefnu sveitarstjórnar sem sett er fram í kafla 3, þ.e. á umhverfið; jákvæð, neikvæð eða engin/óveruleg áhrif. Einnig er fjallað um samræmi stefnu sveitarstjórnar við markmið laga sem málið varðar, gildandi áætlanir um Skútustaðahrepp og umhverfisverndarsjónarmið stjórnvalda.

7.2. TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Vísað er til kafla 5 í áfangaskýrslu 1, forsendur³³.

7.3. STAÐHÆTTIR

Vísað er til kafla 2 í áfangaskýrslu 1, forsendur.

7.4. UMHVERFISVANDAMÁL

Áætlunin gerir ekki ráð fyrir öðrum framkvæmdum en virkjunum í Bjarnarflagi og Kröflu svo og háspennulínunum sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum sbr. 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000. Þær áætlanir/framkvæmdir hafa þegar verið metnar á öðrum skipulagsstigum sbr. kafla 7.5.1.

Önnur hugsanleg atriði sem huga þarf að í framtíðinni eru:

- Frekari virkjun jarðvarma á sérhæfðum iðnaðarsvæðum í Kröflu og Bjarnarflagi til almennra nota og atvinnuuppbyggingar.
- Skilgreining nýrra efnistökusvæða
- Þungaflutningar á bökkum Mývatns.

Matskyldar framkvæmdir skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum

Sem dæmi um aðrar framkvæmdir sem gætu komið til álita innan hreppsins að breyttu aðalskipulagi og væru matsskyldar skv. 1. viðauka reglugerðarinnar má nefna:

- Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50MW uppsett varmafl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafi eða meira.
- Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.
- Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.
- Verksmiðjur sem framleiða pappír og pappu og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.

Sem dæmi um framkvæmdir sem gætu komið til álita innan hreppsins að breyttu aðalskipulagi og væru tilkynningarskyldar skv. 2. viðauka reglugerðarinnar má nefna:

- Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
- Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.

³³ Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Afangaskýrsla 1. Forsendur

7.4.1. Áhrif Bjarnarflagsvirkjunar á hljóðstig og loftgæði³⁴

Samkvæmt niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar mun hljóðstig aukast tímabundið vegna borunar og borhola í blæstri. Samkvæmt hljóðstigs-reikningum mun hljóðstig frá virkjun í rekstri verða innan viðmiðunarmarka á útivistarsvæði við Jarðböðin, við útsýnispall á Námabrekku og í Reykjahlíð.

Útblástur jarðhitalofttegunda mun aukast með tilkomu Bjarnarflagsvirkjunar. Verkfræðistofan Vatnaskil³⁵ hefur unnið dreifingarspá fyrir brennisteinsvetni frá fyrirhuguðum jarðvarmavirkjunum á Norðausturlandi. Efnasambandið brennisteinsvetni (H_2S) er ein af jarðhitalofttegundunum og eykst streymi þess út í andrúmsloftið við vinnslu jarðhita og prófun vinnsluhola. Lofttegundin er lyktarsterk og eitruð í miklu magni. Lofttegundinni fylgir hin svokallaða hveralykt sem finnst á flestum háhitasvæðum landsins vegna náttúrulegs útstreymis lofttegundarinnar um gufuaugu, hveru og aðra yfirborðsvirkni. Íslensk heilsuverndarviðmið hafa nýlega, með reglugerð nr. 514/2010, verið sett við $50 \mu g/m^3$ að meðaltali á sólarhring fyrir styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Heilsuverndarmörkin eru sett við $5 \mu g/m^3$ að meðaltali á ári. Þessi mörk eru mun lægri en alþjóðleg heilsuverndarviðmið frá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO) en þau eru $150 \mu g/m^3$ að meðaltali á sólarhring. Þó má geta þess að lykt finnst af H_2S við mjög lágan styrk eða einungis $7 \mu g/m^3$. Við þennan styrk finnur um helmingur fólks einhverja lykt. Fæstir þeirra bera þó kennsl á lyktina sem brennisteinslykt. Helmingur fólks finnur ekki lykt við þennan styrkleika. Til þess að þorri almennings finni lykt þarf styrkurinn að vera mun hærri. Til að mynda hafa sums staðar verið sett óþægindamörk við $42-50 \mu g/m^3$, en rannsóknir sýna að við þann styrk skynji um 80% almennings lyktina sem brennisteinslykt. Enn fleiri finna einhverja lykt. Í dreifingarspá Vatnaskila var reiknaður meðalstyrkur brennisteinsvetnis og líkindi þess að styrkur þess nái heilsuverndarmörkum. Niðurstöðum reikninganna voru eftirfarandi:

³⁴ Landsvirkjun, Mannvit, Teiknistofa arkitekta. Deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar Skútustaðahreppi. Maí 2011. Byggt á umhverfisskýrslu í greinargerð.

³⁵ Vatnaskil, 2010. *Þeistareykjavirkjun og Kröfluvirkjun II. Dreifingarspá fyrir brennisteinsvetni frá jarðvarmavirkjunum á Norðausturlandi*. Unnið fyrir Landsvirkjun og Þeistareyki ehf., 09.14.

- Við núverandi aðstæður, Gufustöðin (3 MW_e) og Kröflustöð (60 MW_e), eru 0% líkur á að hlaupandi sólarhrings meðalstyrkur fari yfir heilsuverndarmörk í Reykjahlíð.
- Með fyrirhugaðri Bjarnarflagsvirkjun (90 MW_e) og núverandi Kröflustöð (60 MW_e) eru um 15% líkur á því að hlaupandi sólarhrings meðalstyrkur fari yfir heilsuverndarmörk við Reykjahlíð.

Styrkur brennisteinsvetnis á orkuvinnslusvæðinu verður töluvert hærri en í Reykjahlíð og við Jarðböðin Á orkuvinnslusvæðinu og á svokölluðu þynningarsvæði, sem hefur ekki verið skilgreint enn, gilda ekki viðmið reglugerðar nr. 514/2010. Þar verður því að uppfylla reglugerð nr. 390/2009, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Reiknilíkön, sambærileg því sem framangreindir útreikningar byggja á, hafa frekar tilhneigingu til að oftúlka útbreiðslumörk og styrk loftdreifingar. Þau hafa ekki verið óvissu háð. Landsvirkjun gerir ráð fyrir að setja upp einn eða tvo síritandi mæla á svæðinu, eftir forskrift Umhverfisstofnunar, sem mæla styrk brennisteinsvetnis í lofti samfellt.

Gert er ráð fyrir því í hönnun Bjarnarflagsvirkjunar að mögulegt verði að setja upp hreinsibúnað á útblástur hennar ef mældur styrkur brennisteinsvetnis fer yfir viðmiðunarmörk reglugerða. Landsvirkjun mun í samráði við leyfisveitendur grípa til aðgerða til mótvægis ef reynsla af rekstri virkjunarinnar leiðir í ljós að þess gerist þörf.

Gert er ráð fyrir að settur verði upp síritandi mælir í Reykjahlíð til að mæla styrk brennisteinsvetnis (H₂S) í lofti. Ef styrkurinn fer jafn oft yfir heilsuverndarviðmið og reikningar segja til um verður gripið til frekari aðgerða til mótvægis.

7.5. MAT Á STEFNU SVEITARSTJÓRNAR Í AÐALSKIPULAGINU

Markmið um: (ágrip)	Áhrif	Skýringar - athugasemdir
Landnotkun		
Mannvirkjagerð og atvinnustarfsemi miðist við að bæta yfirbragð og ásýnd sveitarfélagsins, bæði í sveit og þéttbýli	+	Stefnan hefur jákvæð áhrif á umhverfið



Mynd 7.2 Reykjahlíðarkirkja

	Markmið um: (ágrip)	Áhrif	Skýringar - athugasemdir
	Áhersla á náttúruvernd og söguminjar við nýtingu lands og landsgæða	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
	Blönduð starfsemi, þjónustustofnanir, verslun, og þjónusta meðfram Hlíðavegi	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
	Landbúnaður færir alfarið út úr þéttbýlinu í Reykjahlíð	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
	Áhersla á landbúnað á góðu landbúnaðarlandi	+	Í samræmi við meginmarkmið jarðalaga
	Styrking búsetu með víðtækari landnotkunarheimildum á landbúnaðarsvæðum	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
	Á sérhæfðum iðnaðarsvæðum fyrir orkuvinnslu í Kröflu og Bjarnarflagi verði áfram unnið að virkjun jarðvarma til alm. nota og atvinnuuppbyggingar	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið umfram það sem þegar er ákveðið í skipulagi. Umhverfisáhrif virkjananna hafa verið metin.
	Frístundabyggð verði takmörkuð við fá, afmörkuð svæði og falli sem best að náttúru og landslagi	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
	Á hálendinu aðeins gert ráð fyrir skálum og byggingum á skálasvæðum og hálendismiðstöðvum sem ekki eru í einkaeign	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
Byggðapróun og -mynstur			
	Falleg og aðlaðandi byggð, innbyrðis samræmi og góð aðlögun að eldri byggð	+	Stefnan hefur jákvæð áhrif á umhverfið
	Vatnsmegin vegar við Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingum öðrum	+	Stefnan hefur jákvæð áhrif á umhverfið

	Markmið um: (ágrip)	Áhrif	Skýringar - athugasemdir
	en þeim sem tengjast bæja- og húsaþyrpingum sem þar eru fyrir		
	Áhersla á uppbyggingu og eflingu Reykjahlíðar sem þungamiðju byggðar	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
Samgöngur og þjónusutkerfi			
	Öryggi allra vegfarenda í öndvegi	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
	Megin göngu- og reiðleiðir í sátt við náttúru og umhverfi	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
	Hugað verði að nýjum vegum fyrir þungaumferð fjarri vatnsbökkum Mývatns	+	Stefnan hefur jákvæð áhrif á umhverfið
	Ekki er gert ráð fyrir nýjum akvegum á hálendinu	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
Umhverfismál			
	Búseta og náttúruvernd í sátt með sjálfbæra þróun að leiðarljósi	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
	Búfjárbætt alfarir í lokuðum beitarhólfum	+	Stefnan hefur jákvæð áhrif á umhverfið
	Varðveisla ásýndar og landslags svæðisins	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
	Sérstök náttúrufyrirbæri njóti hverfisverndar með takmarkandi ákvæðum	+	Stefnan hefur jákvæð áhrif á umhverfið
	Unnið að varðveislu menningarminja	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið
	Loka skal óvirkum efnistökusvæðum	+	Stefnan hefur jákvæð áhrif á umhverfið
Skógrækt			
	Skógrækt til skjólmyndunar fyrir akra, beitolönd og byggð	+	Stefnan hefur jákvæð áhrif á umhverfið

	Markmið um: (ágrip)	Áhrif	Skýringar - athugasemdir
	Ákvæði um skógrækt, plöntuval og fl. verði skilgreind í deiliskipulagi. Fyrst og fremst skal miðað við innlendar plöntutegundir, einkum á verndarsvæðum	0	Stefnan hefur ekki áhrif á umhverfið

7.5.1. Samræmi stefnu sveitarstjórnar við alþjóðasamninga.

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu er í samræmi við alþjóðasamninga svo sem um fuglavernd, votlendi, líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamninginn um verndun villtra plantna, dýra og lífssvæða í Evrópu sbr. kafla 5 í áfangaskýrslu 1, forsendur³⁶. Engin byggð eða framkvæmdir eru áætlaðar á þeim svæðum sem fyrrnefndir alþjóðasamningar taka til.

7.5.2. Samræmi stefnu sveitarstjórnar við landsáætlanir.

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu er í samræmi við og styður gildandi landsáætlanir.

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu er í samræmi við og styður Samgönguáætlun sem gerir ráð fyrir gerð Dettifossvegjar vestari (862) og Grjótagjárveg (860).

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu er í samræmi við og styður Náttúruverndar-áætlun sem gerir ráð fyrir stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. Um er að ræða samfellda, heildstæða landslagsheild með stækkun þjóðgarðs. Einkenni svæðisins eru birkiskógar, fornminjar og útivistargildi.

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu er í samræmi við Kerfisáætlun Landsnets 2010-2014. Í áætluninni er gert ráð fyrir nýrri 220 kV línu (Kröflulínu 3) frá Kröfluvirkjun að Fljótsdalsvirkjun. Auk þess er gert ráð fyrir flutningslínunum frá Kröflu um tengivirki á Hólasandi og þaðan um Þeistareyki og vestan Lambafjalla til Húsavíkur vegna áforma þar um orkufrekan iðnað.

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu stangast hvorki á við Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 1. áfanga (2003) né drög að 2. áfanga áætlunarinnar. Í

³⁶ Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur.

áætluninni er lagt mat á virkjunarkosti og þeir flokkaðir m.t.t. orkugetu, hagkvæmni, áhrifa á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og mismunandi hagsmuna sem nýta þau gæði sem bundin eru í þessum auðlindum.

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu er í samræmi við og styður við nefndarálit um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga sem m. a. tekur til tveggja birkiskógasvæða í Skútustaðahreppi, þ.e. annars vegar vestan í Sellandafjalli en þar eru síðustu skógarleifarnar á stóru svæði og hins vegar í Hlíðardal í Mývatnssveit þar sem óvenju samfelldur skógur er í mikilli hæð.

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu stangast ekki á við Stefnumörkun ríkisstjórnar um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni (2008). Þar er lagður grunnur að því að innleiða markmið samningsins í íslenskri stjórnsýslu og styrkja framkvæmd hans með sérstakri aðgerðaráætlun.

7.5.3. Samræmi stefnu sveitarstjórnar við stefnumið stjórnvalda.

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu sem einkum tekur til landnotkunar, byggðaðróunar, byggðamynsturs samgöngu- og þjónustukerfa og umhverfismál í sveitarfélaginu er í samræmi og styður við áhersluatriði stjórnvalda, Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2006-2009.

Heilnæmt andrúmsloft

Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verður haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.

Hreint og heilnæmt ferskvatn

Meðal annars fyrir tilstuðlan vel skilgreindra vatnsverndarsvæða er kostur á nægu heilnæmu vatni í sveitarfélaginu sem er ómengað af efnum og örverum til neyslu og annarra nytja. Skilgreint verndarsvæði Laxár og Mývatns dregur m.a. úr mengun í Mývatni, Laxá og öðrum ám og lágmarkar neikvæð áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd og útivistargildi.

Útivist í sátt við náttúruna

Með skilgreiningu umfangsmikilla náttúruverndarsvæða í hreppnum er tekið tillit til útivistargildis svæða og stuðlað að frjálsum aðgengi almennings að náttúru sveitarfélagsins. Vexti í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu verði mætt með aðgerðum sem koma í veg fyrir skaða á náttúrunni svo sem með



Mynd 7.3 Hverir, Námafjall



Mynd 7.4 Votlendi, Neslönd.

skilgreindum göngustígum, reiðleiðum tjaldsvæðum og öðrum þjónustusvæðum.

Varnir gegn náttúruvá

Í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir nýrri byggð eða landnýtingu á þekktum hættusvæðum.

Vernd lífríkis Íslands

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu styður við vernd lífríkisins í Skútustaðahreppi.

Vernd víðerna

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu svo og skilgreining umfangsmikilla hverfisverndarsvæða styður við vernd víðerna í Skútustaðahreppi.

Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu svo og skilgreining umfangsmikilla hverfisverndarsvæða styður við sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða

í Skútustaðahreppi.

Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

Stefna sveitarstjórnar í aðalskipulaginu svo og skilgreining náttúruverndarsvæða, einkum hverfisverndarsvæða styður við vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

7.5.4. Samræmi stefnu sveitarstjórnar við svæðisskipulagsáætlanir.

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 er í fullu samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 og Svæðisskipulag miðhálendisins 2015. Vísað er til kafla 5.4 í Áfangaskýrslu 1. Forsendur³⁷.

7.5.5. Samræmi stefnu sveitarstjórnar við aðalskipulagsáætlanir.

Í gildi er aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015 með síðari breytingum (10 breytingar).

³⁷ Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Áfangaskýrsla 1. Forsendur.

Aðalskipulagið 2011-2023 er í öllum aðalatriðum byggt á gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 en í kafla 8 er gerð grein fyrir breytingum frá þeirri áætlun.

Mörk Skútustaðahrepps og annarra sveitarfélaga eru að mestu í óbyggðum. Næst byggð eru vesturmörk við Þingeyjarsveit sunnan Mávats. Sameiginlegar skipulagslínur aðliggjandi sveitarfélaga eru fyrst og fremst vegir, flutningslínur raforku og fjar-skiptalagnir. Gæta þarf samræmis við skipulagsákvæði í Aðalskipulagi Þingeyjar-sveitar 2009-2021 og aðalskipulagi Norðurþings 2005-2025 vegna virkjunaráforma og náttúruverndar. Mörk við sveitarfélagið Hornafjörð eru á Vatnajökli.

7.5.6. Samræmi stefnu sveitarstjórnar við staðbundnar áætlanir.

Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við og styður Verndaráætlun Mývatns og Laxár, sem staðfest var og tók gildi 14. maí 2011. Um er að ræða tillögur að friðlýsingum á landsvæðum sem ekki falla undir gildissvið laga nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár en eru eigi að síður mikilvæg fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða. Í áætluninni er lagt til að 11 svæði verði friðlýst sérstaklega en í sumum tilvikum skarast þau. Svæðin hafa ekki hlotið lögformlega friðlýsingu en unnið er að því. Í aðalskipulagsáætluninni er hluti svæðanna skilgreindur sem hverfisverndarsvæði með hverfisverndarákvæðum.

Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við og styður Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, sem staðfest var 28. febrúar 2011. Það á m.a. við um vegakerfi og skálasvæði á hálendinu, hálendismiðstöð í Drekgili og fyrirhugað þjónustusvæði við Dettifoss.

7.5.7. Samræmi stefnu sveitarstjórnar við markmið í gildandi lögum og reglugerðum (Viðmið og umhverfisverndarmarkmið).

Skipulagslög nr 123/2010

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna um að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.



Mynd 7.5 Laxá



Mynd 7.6 Bjarnarflag

Lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna um að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.

Jarðalög nr. 81/2004

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna um að stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölpætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu nr. 97/2007

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna um að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Lög um Vatnajökulshjóðgarð nr. 60/2007

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna um að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Einnig að auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.

Lög um Náttúruvernd nr. 44/1999

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna um að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Einnig um að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Einnig um að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og

Þjóðminjalög nr. 107/2001

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna um að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Lög um landgræðslu nr. 17/1965

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna um að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og græða upp eydd og vangróin lönd.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna um að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið reglugerðarinnar um að draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Einnig um að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á vatni og að flokkun vatns lúti tilteknum reglum, sbr. ákvæði reglugerðarinnar.

Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið reglugerðarinnar um að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið reglugerðarinnar um að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri.

Vegalög nr. 80/2007

Stefna sveitarstjórnar gengur ekki gegn markmiðum laganna um reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum.

Vatnalög nr. 20/2006

Stefna sveitarstjórnar gengur ekki gegn markmiðum laganna um skýrt eignarhald á vatni, skynsamlega vatnsnýtingu og hagkvæma og sjálfbæra nýtingu vatns. Jafnframt að við hvers konar nýtingu vatnsréttinda skuli þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.

Lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna um að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla

atvinnulíf og að í hverju landshlutaverkefni skuli stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendið neðan 400 m yfir sjávarmáli.

Lög um húsafriðun nr. 104/2001

Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi

7.6. SKIPULAGSKOSTIR OG ÁHRIF ÞEIRRA Á UMHVERFIÐ

Við upphaf skipulagsvinnunnar lágu fyrir allmargar umsóknir um nýja og breytta landnotkun í sveitarfélaginu. Meðan á verkinu stóð bættust enn við nokkur erindi. Þótt ákvæði laga um umhverfismat áætlana eigi einungis við efnisþætti, sem tilgreindir eru í viðaukum I og II við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 voru þessi helstu viðfangsefni skipulagsvinnunnar, þ.e. ný og breytt landnotkun, metin út frá þeim viðmiðum, sem helst eru talin skipta máli miðað við stefnu sveitarstjórnar, annarra yfirvalda og markmiða laga. Verklagi umhverfismats áætlana, var þannig beitt við flokkun fyrirbyggjandi umsókna, úrvinnslu, ákvarðanatöku og afgreiðslu sveitarstjórnar.

Metið var hvernig tiltekna uppbyggingarhugmyndir snertu eftirtalda matsþætti:

- Náttúruverndarsvæði
- Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi
- Byggðamynstur, yfirbragð byggðar
- Opð land, víðerni
- Landbúnaðarland, ræktað land
- Samræmi við stefnu sveitarstjórnar í aðalskipulaginu
- Samræmi við stefnu stjórnvalda

Áhrifin af fyrirbyggjandi erindum voru metin á eftirfarandi hátt:

Á bls. 98 er sett fram samantekt áhrifamatsins og á bls. 99-102 er síðan gerð grein fyrir áhrifamati einstakra umsókna sem leiddi til ákvörðunar um niðurstöðu.

Áhrifin af fyrirbyggjandi erindum voru metin á eftirfarandi hátt:

-  Jákvæð áhrif
-  Neikvæð áhrif
-  Engin áhrif
Á ekki við
-  Óviss áhrif
-  Háð útfærslu

	1	11
Matsþáttur	Lýsing	Niðurstaða
Grímsstaðir	Ferðapjónustuvæði, hótél	✓ Jákvætt
Gautlönd	Fristundabyggð	✓ Jákvætt
Gautlönd	Fristundahús	✓ Jákvætt, tvær lóðir
Gautlönd	Íbúðarbyggð, 10 hús	✗ Neikvætt
Stöng	Ferðapjónusta. Húsapýrping	✓ Jákvætt - svæði vestan vegar
Stöng	Fristundahús. Sjálfstæðar lóðir	✓ Jákvætt
Litlaströnd	Fristundabyggð. Sveinsströnd	✗ Neikvætt
Litlaströnd	Fristundabyggð sunnan bæjarhúsa	✓ Jákvætt
Litlaströnd	Skógrækt, allir melar	! Ekki í AS
Arnarvatn	Verslunar- og þjónustuvæði. Hótél	✓ Jákvætt
Geiteyjarströnd	Ferðapjónusta	✓ Jákvætt
Geiteyjarströnd	Fristundahús 1. 3,5 ha	✗
Geiteyjarströnd	Fristundahús 2. 10 ha	✗ Neikvætt
Vogar, Grjótagjá	Ýmis ferðapjónusta. Baðaðstaða í Grjótagjá	✓ Jákvætt. Fjölsótt. Vaxandi ásókn. Aðgerðir nauðsynlegar
Iðnaðarsvæði vestan Jarðbaðshóla	Umsókn landeigenda Reykjahlíðar og Voga	✗
Björk	Þjónustuvæði Björk	✓ Jákvætt
Vogar 1,	Fristundabyggð	✓ ATH útfærslu
Vogar	2-3 íbúðarlóðir austan Þjóðvegur í nágrenni Stekkholts	✓ Jákvætt
Stækkun á svæði 334	Fristundabyggð og ferðapjónusta	✓ Jákvætt
Birkiland	Stækkun til austurs	✓ Jákvætt
Vítismór	Verslun og þjónusta	✓ Jákvætt
Garður, athafnasvæði og búseta	Smáatvinnustarfsemi, matvælavinnsla eða verktakastarfsemi. 8 íbúðarlóðir	✓ 3 íbúðarhús. Blönduð atv. starfs. með ströngum skilyrðum. Svæðið minnkað að ÚST-mörkum
Vogar 3, þrír byggingarreitir við Birkiland	2 reitir fyrir íbúðarhús, 1 reitur fyrir vélageymslu	✓ Ekki sérmerkt í aðalskipuagi. Innan kvóta.
Vogar: Ferðapjónustuvæði, túnin á Söndum eða næsta nágrenni	Stórt hótél með um 30 starfsmenn	✗ ATH á lóð Baðfélagsins og/eða í Reykjahlíð

Skipulagshugmyndir - áhrifamat 1

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Matspáttur	Lýsing	Náttúruverndarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi	Byggðamynstur, yfirbragð byggðar	Samgöngur	Opið land viðerni	Landbúnaðarland. Ræktað land	Fornminjar	Samræmi við stefnu sveitarstjórnar	Samræmi við stefnu stjórnvalda	Niðurstaða
Grímsstaðir	Ferðapjónustusvæði hótel	★	★ Í lagi með breyttri afmörkun (-hraun)	★ Háð útfærslu	★ Hafi ekki áhrif á þjóveg 1	★	★	★ Minjastaðir í grennd	★	★ ? Umsögn UST v/hluta.	✓ Jákvætt
Gautlönd	Frístundabyggð	★ Friðlýst skv. lögum um Mýv. og Laxá	★ Ekki votlendi	★ Háð útfærslu	★ Slóði	★	★	★	★ Háð útfærslu	★ ? Umsögn UST	✓ Jákvætt
Gautlönd	Frístundahús	★	★	★	★ Slóði	★	★	★	★	★ ?	✓ Jákvætt, tvær lóðir
Gautlönd	Íbúðarbyggð, 10 hús	★ Friðlýst svæði skv. lögum um Laxá og Mýv.	★	★	★ Slóði	★	★	★	★	★ ? Umsögn UST	✗ Neikvætt

Áhrifamat, Grímsstaðir, Gautlönd. Skýringar á bls. 95

Skipulagshugmyndir - áhrifamat 2

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Matspáttur	Lýsing	Náttúruverndarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi	Byggðamynstur, yfirbragð byggðar	Samgöngur	Opið land viðerni	Landbúnaðarland. Ræktað land	Fornminjar	Samræmi við stefnu sveitarstjórnar	Samræmi við stefnu stjórnvalda	Niðurstaða
Stöng	Ferðapjónusta. Húsaþyrping	★	★	★ Háð útfærslu	★ Malarvegir	★	★ Að hluta á ræktuðu landi	★	★	★	✓ Jákvætt - svæði vestan vegar
Stöng	Frístundahús. Sjálfstæðar lóðir	★	★	★	★ Malarvegir	★	★	★	★	★	✓ Jákvætt
Litlaströnd	Frístundabyggð Sveinsströnd	★	★	★	★ Slóði	★	★	★ Ath betur	★	★ ? Umsögn UST	✗ Neikvætt
Litlaströnd	Frístundabyggð sunnan bæjarhúsa	★	★	★	★	★	★	★	★	★ ? Umsögn UST	✓ Jákvætt
Litlaströnd	Skógrækt, allir melar	★ Friðlýst að hluta skv. lögum um Laxá og Mýv.	★	★	★	★	★	★	★	★ ? Umsögn UST	! Ekki viðfangsefni í AS
Arnarvatn	Verslunar- og þjónustusvæði Hótel	★	★ Tún	★ Háð útfærslu	★	★ Langt frá annarri byggð	★ Rýrt	★ ATH betur	★ Langt frá vatni	★ Umsögn UST	✓ Jákvætt

Áhrifamat, Stöng, Litlaströnd og Arnarvatn. Skýringar á bls. 97.

Skipulagshugmyndir - áhrifamat 3

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Matsþáttur	Lýsing	Náttúruverndarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi	Byggðamynstur, yfirbragð byggðar	Samgöngur	Opið land viðerni	Landbúnaðarland. Ræktað land	Fornminjar	Samræmi við stefni sveitarstjórnar	Samræmi við stefnu stjórnvalda	Niðurstaða
Geiteyjarströnd	Ferðaþjónusta	★ +? ATH v/tjarnar	★	★	★	★	★	★	★	★?	✓ Jákvætt
Geiteyjarströnd	Frístundahús 1 3,5 ha	★ Verndarsvæði Laxár og Mývatns	★ Hraun	★	★	★	★	★	★ Vatnsmegin vegar	★?	✗
Geiteyjarströnd	Frístundahús 2 10 ha	★ ATH Líklega að hluta	★	★	★	★	★	★	★ Áberandi	★? Umsógn UST	✗ Neikvætt

Áhrifamat, Geiteyjarströnd. Skýringar á bls. 97.

Skipulagshugmyndir - áhrifamat 5

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Matsþáttur	Lýsing	Náttúruverndarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi	Byggðamynstur, yfirbragð byggðar	Samgöngur	Opið land viðerni	Landbúnaðarland. Ræktað land	Fornminjar	Samræmi við stefnu sveitarstjórnar	Samræmi við stefnu stjórnvalda	Niðurstaða
Garður, athafnasvæði og búseta	Smáatvinnustarfsemi, matvælavinnsla eða verktakastarfsemi. 8 íbúðarlóðir	★ Að hluta innan markalínu.	★ Raskað land ★ Mengunarhætta við vatnssuppsprettu	★ ath	★ ath	★ Í byggð	★ Óræktað	★ Engar	★ ath	★ Ströng verndarákvæði	✓ 3 íbúðarhús Blönduð atv. starfs. með ströngum skilyrðum. Svæðið minnkað að UST-mörkum
Vogar 3, þrír byggingarreitir við Birkiland	2 reitir fyrir íbúðarhús, 1 reitur fyrir vélageymslu	★ Utan markalínu verndarsvæðis	★ Hraun.	★ Opið land	★	★	★	★	★	★	✓ Ekki sérmerkt í aðalskipuagi. Innan kvóta. Fella út íb-svæði ATH
Vogar: Ferðaþjónustusvæði, túnin á Söndum eða næsta nágrenni	Stórt hótél með um 30 starfsmenn	★	★ Í næsta nágrenni	★ Utan byggðar	★ Vegslóðar	★ Ný byggði á opnu landi	★ Tún?	★ Engar	★ ATH	★	✗ ATH á lóð Baðfélagsins. ATH í Reykjahlíð

Áhrifamat, Garður, Vogar. Skýringar á bls. 97.

Skipulagshugmyndir - áhrifamat 4

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Matspáttur	Lýsing	Náttúruverndarsvæði	Sérstakar jarð- myndanir og vistkerfi	Byggðamynstur, yfirbragð byggðar	Samgöngur	Opið land viðerni	Landbúnaðarland. Ræktað land	Fornminjar	Samræmi við stefnu sveitarstjórnar	Samræmi við stefnu stjórnvalda	Niðurstaða
Vogar, Grjótagjá	Ýmis ferðapjónusta Baðaðstaða í Grjótagjá	Engin formleg verndarákvæði Verndartillaga UST Áform um hverfis- vernd.		Svæði án allra mannvirkja	Malarvegur þarfnast lagfæringa		Að hluta	Engar	Áberandi Aðgerðir vegna öryggismála	Umsögn UST Bætt aðgengi	Jákvætt Fjölsótt. Vaxandi ásókn. Aðgerðir nauðsynlegar
Iðnaðarsvæði Vestan Jarðbaðshóla	Umsókn landeigenda Reykjahliðar og Voga	Í næstu nálægð við verndarsvæði		Opið land Iðnaðarlíðir í grendd			Tún og skógrækt				Neikvætt
1-Björk	Þjónustusvæði Björk Tjaldsvæði og kofagisting			Byggð löguð að landinu. Rask í lágmarki	Möguleg tenging					Umsögn UST	Jákvætt
2-Vogar 1,	Fristundabyggð			Byggð löguð að landinu. Rask í lágmarki						Umsögn UST	ATH útfærslu
3-Vogar	2-3 íbúðarlíðir austan þjóðvegur í nágrenni Stekkhólts									Umsögn UST?	Jákvætt
4-Vogar - stækkun á svæði 334	Fristundabyggð og ferðapjónusta									Umdögn UST?	
Birkiland	Stækkun til austurs										Jákvætt
Vítismór	Verslunar- og þjónustu- svæði við gönguleið	Í grennd við verndarsvæði							Bætt þjónusta við frerðamenn	ATH	

Áhrifamat, Vogar, Vítismór. Skýringar á bls. 97.

Skipulagskostir - áhrifamat 6

	01	02	03	04	05	06	07	08	09	10	11
Matspáttur	Lýsing	Náttúruverndarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi	Samræmi við stefnu stjórnvalda	Byggðamynstur, yfirbragð byggðar	Landbúnaðarland. Ræktað land	Opið land viðerni	Samræmi við stefnu sveitarstjórnar	Fornminjar	Samgöngur	Niðurstaða
Ferðapjónustusvæði við Hverfjall	Umsókn UST um aðstöðu fyrir ferðapjónustu	★ Friðað svæði	★	★ Bætt aðgengi að náttúruperlum	★	★	★ Ósnert land	★ Bætt aðgengi	★	★ Nýr vegur	✓
Ferðapjónustusvæði við Dettifoss	Áform um uppbyggingu þjónustusvæðis	★ Á jaðri þjóðgarðs	★	★ Bætt aðgengi að náttúruperlum	★	★	★ Raskað land v/ umferðar	★ Bætt aðgengi	★	★	✓

Áhrifamat, ný ferðapjónustusvæði (verslun og þjónusta).

Skipulagskostir - áhrifamat 7

	01	02	03	04	05	06	07	08	09	10	11
Matspáttur	Lýsing	Náttúruverndarsvæði	Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi	Samræmi við stefnu stjórnvalda	Afturkræfni	Áhrif á landslag, ásynnd	Opið land viðerni	Samræmi við stefnu sveitarstjórnar	Fornminjar	Samgöngur	Niðurstaða
Efnisnáma við Randir	Efnisnáma í landi Reykjahlíðar	★	★	★	★ Frágangur auðveldur	★ Sýnilegt frá þjóðvegi 1	★	★	★	★ Við þjóðveg 1	✓
Efnisnáma í Sandskarði	Efnisnáma í landi Voga	★ Á mörkum hverfisverndarsvæðis	★	★	★ Frágangur auðveldur	★ Að mestu hulið. Tæki sýnileg frá Hverfjalli	★	★	★	★ Nýr námuvegur	✓

Áhrifamat, nýjar efnisnámur.

- ★ Jákvæð áhrif
- ★ Neikvæð áhrif
- ★ Engin áhrif
- ★ Á ekki við
- ★ Óviss áhrif
- ★ Háð útfærslu

Skýringar.

7.7. SAMLEGÐARÁHRIF

Lagt hefur verið mat á megininntak og stefnu aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023 sem er endurskoðun aðalskipulagsins 1996-2015 með tilliti til samlegðaráhrifa þeirra þátta sem skipulagsáætlunin tekur til.

Þótt endurskoðun aðalskipulagsins nái aðeins til nokkurra tiltekinna þátta, sbr. kafla 1, munu heildaráhrif stefnunnar verða umtalsverð og leiða til þess að sveitarfélagið muni styrkjast sem áhugavert samfélag þar sem öflugt atvinnulíf, ýmis konar athafnastarfsemi og vaxandi ferðaþjónusta svo og landbúnaður fær að dafna í sátt við stórbrotna náttúru sveitarinnar með sjálfbærni að leiðarljósi.

Breytingar á landnotkun í Reykjahlíð er mikilvægur grundvöllur fyrir markvissri og kraftmikilli uppbyggingu þéttbýlisins sem verður þungamiðja verslunar og þjónustu með aðaláherslu á ferðaþjónustu og hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Það sama má segja um blandaða landnotkun upp með Hlíðavegi sem einnig mun hafa jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf.

Skilgreint er ákveðið svigrúm fyrir aðra starfsemi en landbúnað á lögbýlum yfir ákveðinni stærð til þess að auðvelda bændum að skjóta fleiri stoðum undir búrekstur sinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna.

Fjölgun og stækkun svæða fyrir verslun og þjónustu mun að sama skapi styrkja samfélag og atvinnulíf í sveitarfélaginu. Sýnt hefur verið fram á að umhverfisáhrif breytinganna eru innan ásættanlegra marka.

Stækkun og breyting á náttúruverndarsvæðum, einkum hverfisverndarsvæðum og hert hverfisverndarákvæði munu hafa jákvæð áhrif á náttúru sveitarinnar. Stórkostleg náttúra mun hafa vaxandi aðdráttarafl fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og ekki síst stuðla að betri útivistar- og tómstundamöguleikum íbúanna sjálfra. Allt þetta hefur þannig jákvæð áhrif á samfélagið og felur í sér tækifæri til uppbyggingar í atvinnulífi svæðisins.

Stefna skipulagsáætlunarinnar mun því styrkja sveitarfélagið og renna styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og sporni þannig við við viðvarandi fólksfækkun á svæðinu.

7.8. MÓTVÆGISAÐGERÐIR, VÖKTUN

Ekki er talin þörf á sérstökum viðbúnaði eða mótvægisáðgerðum vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Lögboðnir eftirlitsaðilar fylgjast með ákveðnum þáttum umhverfisins. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra fylgist með vatnsgæðum í ám og vötnum, vatnsbólum og fráveitumálum eftir ákveðinni áætlun. Heilbrigðiseftirlitið fylgist einnig með þeirri starfsemi, sem er starfsleyfissskyld og starfsemi, sem haft getur neikvæð áhrif á umhverfi sitt t.d. með lykt. Aðalskráning fornleifa liggur fyrir. Hafa ber samráð við Fornleifavernd ríkisins þannig að fylgst verði með framkvæmdum sem haft geta áhrif á skráða minjastaði. Almannaavarnanefnd fylgist með hættu á eldgosum, jarðskjálftum og annarri náttúruvá.

Vöktun vegna reksturs nýrra fyrirtækja og framkvæmda verður ákveðin í áhrifamati viðkomandi framkvæmdar eða rekstrar eftir því sem við á.

7.9. MATSFERLI OG SAMRÁÐSAÐILAR

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps vann að gerð aðalskipulagsins ásamt skipulagsráðgjöfum. Í upphafi verks voru haldnir nokkrir samráðsfundir með hagsmunaaðilum og íbúum þar sem leitað var eftir tillögum og sjónarmiðum um þá þætti, sem aðalskipulagið tekur til. Verkefnislýsing var gerð og leitað umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún kynnt almenningi sbr. sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þegar skipulagsdrög lágu fyrir var haldinn almennur kynningarfundur. Sveitarstjórn lagði mat á skipulagskosti og álitamál sem upp komu í skipulagsferlinu með hliðsjón af ákvæðum laga um umhverfismat áætlana og myndaði s. n. matsteymi ásamt skipulagsráðgjöfum.

Samráðsaðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Fornleifavernd ríkisins
- Aðliggjandi sveitarfélög:
 - Þingeyjarsveit Norðurþing
 - Fljótsdalshérað
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
- Vatnajökulsþjóðgarður
- Vegagerðin
- Landgræðslan
- Norðurlandsskógar
- Skógrækt ríkisins
- Landbúnaðarráðuneytið
- Flugmálastjórn Íslands.

8. BREYTINGAR FRÁ GILDANDI AÐALSKIPULAGI

8.1. STAÐFESTAR BREYTINGAR

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 frá gildistöku þess:

Staðfest dags.	Efni
15.8.2001	Stofnana,- verslunar- og þjónustusvæði í Reykjahlíð.
19.3.2003	Jarðbaðshólar.
22.5.2003	Geiteyjarströnd, íbúðarsvæði.
21.9.2004	Neslandatangi, fuglasafn.
31.8.2004.	Kröflusvæði. Breyting innan jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkjunar, A hluti.
10.12.2004.	Breyting innan jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkjunar, B hluti.
19.12.2005	Bjarnarflag, háspennulína.
7.2.2007	Breytingar í 5 liðum í Reykjahlíð og Vogum.
8.10.2007	Dimmuborgir.
9.10.2008.	Breyting á Skútustöðum, blönduð landnotkun, íbúðir og verslun- og þjónusta.
8.11.2011	Breyting í 25 liðum, m.a. iðnaðar- og orkuvinnslusvæði í Kröflu, námur, hverfisverndarsvæði, vegir og flutningslínur raforku.

8.2. TILLAGA AÐ AÐALSKIPULAGI 2011-2023

Ýmsar ástæður lágu til grundvallar endurskoðun aðalskipulagsins 1996-2015. Þar vó þyngst breytt lagaumhverfi. Árið 2004 tóku gildi ný lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar með féllu úr gildi lög nr. 36/1974 en samkvæmt þeim lögum var Skútustaðahreppur og Laxá með hólum og kvílum allt að ósi árinna við Skjálfanda, ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Laxá báðum

megin verndaður. Við lagabreytinguna breyttust forsendur uppbyggingar í Skútustaðahreppi sem gerðu kleift að bregðast við umsóknum um að skilgreina ný svæði, einkum fyrir ferðaþjónustu, frístunda- og íbúðarhús svo og aðra starfsemi.

Stefna aðalskipulagsins var endurskoðuð og gildandi markmið yfirfarin og endurmetin sbr. kafla 3.

Eftir því sem verkinu vatt fram komu mun fleiri atriði til athugunar og endurskoðunar.

Skipulagsuppdrættir aðalskipulagsins voru endurunnir. Hluti þeirra breytinga sem gerðar voru kemur fram í viðkomandi köflum greinargerðar og önnur atriði koma einungis fram á uppdráttum.

Eftirfarandi listi á fyrst og fremst við um breytingar á landnotkunaruppdrætti. Listinn tekur til meginatriða og er ekki tæmandi.

8.3. BREYTINGAR FRÁ AÐALSKIPULAGI SKÚTUSTAÐAHREPPS 1996-2015.

8.3.1. Breytingar á framsetningu

Nýtt aðalskipulag tekur til alls sveitarfélagsins en mörk gildandi aðalskipulags eru dregin að skipulagsmörkum miðhálandisins.

Þéttbýli er afmarkað. Land innan þess er sýnt í mkv. 1:10.000. Land utan þéttbýlismarka sýnt á sveitaruppdrætti í mkv. 1:50.000 og sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:200.000.

Skipulagsuppdrættir eru aðeins tveir í stað fjögurra áður:

- **Sveitaruppdráttur** í mkv. 1:50.000 ásamt **þéttbýlisuppdráttum** fyrir Reykjalíð og Skútustaði í mkv. 1:10.000
- **Sveitarfélagsuppdráttur** í mkv. 1:200.000.

Framsetningu greinargerðar var breytt. Settar voru upp yfirlitstöflur fyrir hvern landnotkunarflokk þar sem svæði voru auðkennd með númerum, þeim lýst og gerð grein fyrir stærðum reita og skipulagsákvæðum þar sem það var hægt.

8.3.2. Efnislegar breytingar

ALMENNT

- Þéttbýlismörk Reykjahlíðar eru skilgreind.
- Vesturmörkum skipulagssvæðisins á Skútustöðum breytt og svæðið afmarkað á þéttbýlisupprætti.
- Afmörkun skipulagssvæðisins í Reykjahlíð breytt og svæðið afmarkað á þéttbýlisupprætti.
- Landnotkun í Vogum er skilgreind á sveitarupprætti í mkv. 1: 50.00 í stað m. 1:10.000 áður.
- Umfangsmikil hverfisverndarsvæði skilgreind sbr. kafla 5.1.6.
- Miðsvæði afmarkað í Reykjahlíð í stað sérgreindrar landnotkunar hvernar lóðar eða eignarhluta.

ÍBÚÐARSVÆÐI (Íb)

- Íbúðarsvæði felld út úr skipulagi við Reynihlíð og innlimað í miðsvæði (M).
- Íbúðarsvæði austan Múlavegar og íbúðarsvæði til framtíðarnota eru felld út.
- Íbúðarsvæði felld út úr skipulagi í Vogum. Þess í stað koma heimildir til byggingar allt að þriggja íbúðarhúsa á jörðum án tengsla við búrekstur sbr. kafla 4.12.3.
- Íbúðarsvæði felld út úr skipulagi á Skútustöðum 1, 2 og 3. Þess í stað koma heimildir til byggingar allt að þriggja íbúðarhúsa á jörðum án tengsla við búrekstur sbr. kafla 4.12.3.

SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR (S)

- Í Reykjahlíð, meðfram Hlíðavegi að norðanverðu er skilgreint nýtt svæði fyrir blandaða landnotkun, svæði fyrir þjónustustofnanir/svæði fyrir verslun og þjónustu (106-S/V) í stað óbyggðs svæðis (svæðis innan landgræðslugirðinga).

MIÐSVÆÐI (M)

- Miðsvæði var ekki skilgreint í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015. Í stað þess var skilgreind landnotkun hvernar lóðar eða eignarhluta í

Reykjahlíð. Eftirtalin svæði verða skilgreind sem miðsvæði sbr. þéttbýlisupprátt og greinargerð, kafla 4.5.: Reynihlíð, Víðihlíð og grennd, Reykjahlíð 2, Reykjahlíð 4, Reykjahlíð, austan þjóðvegur.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI (V)

- Svæði í Reykjahlíð 1 stækkar lítillega og breytist úr verslunar- og þjónustusvæði til síðari aukningar í verslunar- og þjónustusvæði (107-V).
- Svæði fyrir blandaða landnotkun, verslunar- og þjónustusvæði / svæði fyrir þjónustustofnanir (V/S) norðan þjóðvegur á Skútustöðum (fyrrum skólalóð) breytist í verslunar- og þjónustusvæði (202-V).
- Svæði í Dimmuborgum breytist úr svæði fyrir þjónustustofnanir (S) í verslunar- og þjónustusvæði (338-V).
- Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði, Vítismór (344-V).
- Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði, Stöng, Heiðmörk (359-V).
- Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði, Grímsstaðir norðan Kísilvegur nr.87 (363-V).
- Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði, Grjótagjá (364-V).
- Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði, Arnarvatn sunnan þjóðvegur nr. 848 (365-V).
- Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðaþjónustu norðan Hverfjalls innan marka friðlýsts svæðis (374-V).
- Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðaþjónustu við Dettifoss (521-V).

BLÖNDUÐ LANDNOTKUN, OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA / VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI (O/V)

- Svæði við Bjarg í Reykjahlíðarþéttbýli breytist úr opnu svæði til sérstakra nota (O) og verslunar- og þjónustusvæði (V) í blandaða landnotkun opið svæði til sérstakra nota/verslunar- og þjónustusvæði (111-O/V). Afmörkun og stærð svæðis breytist einnig.
- Skilgreint er nýtt svæði, Kringla, fyrir blandaða landnotkun, opið svæði til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæði (320-O/V).

- Opið svæði til sérstakta nota (O) sunnan og vestan flugvallar (Hlíð) breytist í blandaða landnotkun, opið svæði til sérstakra nota/verslunar- og þjónustusvæði (323-O/V). Afmörkun og stærð svæðis breytist einnig.
- Stærð og afmörkun svæðis í Vogum 1, 2, 4 og Björk austan þjóðveggar með blandaða landnotkun, opið svæði til sérstakra nota/verslunar- og þjónustusvæði (334-O/V) breytist.
- Svæði 337-O/V í Vogum 3 austan þjóðveggar stækkar lítillega.
- Skilgreint er nýtt svæði fyrir blandaða landnotkun, opið svæði til sérstakra nota/verslunar- og þjónustusvæði á Geiteyjarströnd (352-O/V).
- Skilgreint er nýtt svæði fyrir blandaða landnotkun, opið svæði til sérstakra nota/verslunar- og þjónustusvæði, Vogar 1 úr landi Bjarkar (367-O/V).

ATHAFNASVÆÐI (A)

- 0,9 ha svæði á Hrútavogstanga breytist úr iðnaðarsvæði í athafnasvæði (330-A).
- Skilgreint er athafnasvæði í landi Garðs, sem kemur í stað almennra heimilda fyrir atvinnustarfsemi á jörðinni.

IÐNAÐARSVÆÐI (I)

- Skilgreint er gámasvæði við Múlaveg, Reykjahlíð.
- Skilgreint er nýtt iðnaðarsvæði, tengivirki á Hólasandi (300-I).

LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L)

- Ný ákvæði eru sett í aðalskipulag um aðra starfsemi en landbúnað á landbúnaðarsvæðum (kafla 4.12.1).
- Ný ákvæði eru sett um frístundahús á landbúnaðarsvæðum (kafla 4.12.2).
- Ný ákvæði eru sett um íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum (kafla 4.12.3).

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ (F)

- Frístundabyggð með þremur húsum eða færri er ekki merkt á skipulags-uppdrætti.
- Skilgreint er nýtt svæði fyrir frístundabyggð, Vogar 1 og Björk austan þjóðveggar 848 (332-F).

- Skilgreint er nýtt svæði fyrir frístundabyggð, Litlaströnd við Kráká (356-F).
- Skilgreint er nýtt svæði fyrir frístundabyggð sunnan við Gautlönd (357-F).
- Skilgreint er nýtt svæði fyrir frístundabyggð norðan við Gautlönd austan Arnarvatns (358-F).
- Skilgreint er nýtt svæði fyrir frístundabyggð, Stöng, Heiðmörk (360-F).
- Skilgreint er nýtt svæði fyrir frístundabyggð, Vogar 3, stækkun Birkilands, austan þjóðvegur 848 (368-F).
- Skilgreind eru ákvæði um stærð frístundalóða og frístundahúsa.
- Núverandi gangnamannaskálar, neyðarskýli og fjallaskálar eru merktir á skipulagsupprætti sem frístundabyggð (500-512-F).

EFNISTÖKUSVÆÐI (E)

- Skilgreind eru efnistökusvæði í sveitarfélaginu og þau merkt á skipulagsupprætti (E).
- Ný efnistökusvæði (376-E Syðst í Jörundargrjótum, 377-E Sandskarð, 378-E Gautlönd).

FRIÐLÝST SVÆÐI (N)

- Skilgreind eru þrjú ný friðlýst svæði, náttúruvætti, Dimmuborgir (371-N), Hverfjall (Hverfell) (353-N) og Seljahjallagil, Bláhvammur, Þrengslaborgir og nágrenni í landi Grænavatns (375-N).

HVERFISVERNDARSVÆÐI (Hv)

- Skilgreind eru 24 hverfisverndarsvæði. Flest þeirra voru áður skilgreind sem hverfisverndarsvæði í samræmi við heimildir í þágildandi skipulags- og byggingarlögum. Ákvarðanir um hverfisvernd nokkurra svæða byggðust á tillögum Umhverfisstofnunar um náttúruvernd í Skútustaðahreppi.

MERKAR/FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR (Þ)

- Friðlýstar fornleifar samkv. skrá Fornleifastofnunar Íslands eru merktar á skipulagsupprætti. Einnig merkar fornleifar í Skútustaðahreppi sem Fornleifastofnun Íslands tók saman vegna aðalskipulags og minjastaðir sem skráðir eru í Svæðisskipulagi miðhálandisins.

VATNSVERND

- Skilgreind eru breytt vatnsverndarsvæði og þau merkt á skipulagsupprætti.

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir og tengivegir samkv. vegaskrá Vegagerðarinnar eru merktir á skipulagsuppráttum.
- Breytt er legu hringvegjar við Jökulsá á Fjöllum og gert ráð fyrir nýrri brú.
- Lítils háttar breyting er gerð á legu tengivegar 848 við Skútustaði.
- Lega hjólastígs umhverfis Mývatn er sýnd í grófum dráttum.
- Sýndur vegslóði að Heilagsdal og suður fyrir Bláfjall, vegslóði um Vikrafellsleið norðan Dyngjufjalla (aðrir vegir) og vegslóði í Gæsadál.
- Flutningslínur raforku innan sveitarfélagsins eru merktar á skipulagsuppráttum.

ANNAÐ

- Auk þess voru gerðar margar minni háttar breytingar og lagfæringar á uppráttum, afmörkun svæða og legu stíga og reiðleiða breytt lítillega vegna fyrirbyggjandi nýrra upplýsinga.

9. KYNNING, UMFJÖLLUN OG SAMÞYKKT

9.1. KYNNING OG SAMRÁÐ

Í upphafi verks voru haldnir samráðsfundir með hagsmunaaðilum í atvinnulífi, menningarlífi og stjórnsýslu svo og íbúum, sem boðaðir voru. Í framhaldi af því vann sveitarstjórn og síðar skipulagsnefnd að stefnumótun fyrir þá málaflokka, sem aðalskipulagið tekur til.

Lýsing skipulagsáætlunarinnar ásamt forsendum aðalskipulagsins, áfangaskýrsla 1 var auglýst til kynningar í apríl 2011 og send Skipulagsstofnun og eftirtöldum umsagnaraðilum:

Bréf sent í apríl 2011	Svar dags.
Skipulagsstofnun	09. júní 2011
Aðrir umsagnaraðilar:	
Umhverfisstofnun	10. ágúst 2011
Fornleifavernd ríkisins	01. júlí 2011
Þingeyjarsveit	
Norðurþingi	
Fljótshálfshéraði	03. júní 2011
Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra	
Náttúruverndarnefnd Þingeyinga	
Vegagerðinni	31. maí 2011
Landgræðslu ríkisins	25. maí 2011
Isavia	
Norðurlandsskógum	26. maí 2011
Skógrækt ríkisins	25. maí 2011
Landbúnaðarráðuneyti	

Samtímis var lýsingin ásamt forsendum birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Í fréttabréfi og auglýsingum á fjölförnum stöðum var athygli íbúa sveitarfélagsins vakin á fyrirnefndum skipulagsgögnum.

Almennur kynningarfundur um stefnu og áherslur sveitarstjórnar og drög að skipulagákvæðum var haldinn 26. október 2011.

Skipulagstillagan var send umsagnaraðilum til yfirferðar í mars 2012. Svarbréf, sem bárust frá eftirtöldum aðilum, gáfu tilefni til minni háttar lagfæringa á skipulagsgögnum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Norðurþingi
- Fljótshálfshéraði
- Vatnajökulsþjóðgarði
- Skógrækt ríkisins

Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun fengu skipulagstillöguna enn til yfirferðar í maí 2012 og gáfu athugasemdir þeirra tilefni til nokkurra breytinga á skipulagsgögnum. Við lokafrágang eftir yfirferð stofnananna ákvað sveitarstjórn að tvær efnisnámur (376-E og 377-E) yrðu færðar inn á skipulagsuppdrátt að tillögu landeigenda auk þjónustusvæðis fyrir ferðamenn við Dettifoss (verslun og þjónusta, 521-V).

9.2. AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA

Tillaga að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdarfresti frá og með 26. október til og með 7. desember 2012. Athugasemdir og/eða umsagnir bárust frá 15 aðilum. Þeir voru:

Fulltrúar eigenda Reykjahlíðar II, III og IV.

Landsnet.

Kristín Þuríður Sverrisdóttir, Víðihlíð, Mývatnssveit.

Pétur Snæbjörnsson f.h. Reynihlíðar hf.

ISAVIA.

Vegagerðin.

Héðinn Sverrisson, Geiteyjarströnd, Mývatnssveit.

Skógrækt ríkisins.

Umhverfisstofnun.

Landgræðsla ríkisins.

Sigfús Illugason, Bjargi, Mývatnssveit.

Þingeyjarsveit.

Jón Illugason, Helluhrauni 15, Mývatnssveit.

Ólafur H. Jónsson f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf.

Skipulagsnefnd yfirfór framkomnar athugasemdir og gerði tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu þeirra á fundi sínum 4. febrúar 2013. Athugasemdirnar gáfu tilefni til nokkurra breytinga á skipulagsgögnum. Þar er bæði um að ræða leiðréttingar og efnislegar breytingar. Sveitarstjórn tók tillöguna til afgreiðslu 21. febrúar 2013 og gerði minni háttar breytingar á skipulagsgögnum og bókun skipulagsnefndar.

Breytingar, sem gerðar voru, eiga ekki við grundvallaratriði skipulagstillögunnar og krefjast ekki nýrrar auglýsingar.

Í kafla 9.2.1 eru taldar upp þær breytingar, sem gerðar voru á skipulagsgögnum eftir auglýsingu. Ekki er gerð sérstaklega grein fyrir leiðréttingum og minniháttar orðalagsbreytingum, sem ekki hafa áhrif á stefnu sveitarstjórnar eða skipulagsákvæði.

9.2.1. Breytingar á skipulagsuppdráttum:

SVEITARUPPDRATTUR.

Vegakerfi. Vegir og slóðar á grunnkorti aðgreindir betur frá skipulögðum aðalvegum.

Stígakerfi. Lagfæring á legu nokkurra gönguleiða miðað við loftmyndir. Göngu- og hjólaleið umhverfis Mývatn lagfærð og gerð nánari grein fyrir því hvorum megin vegar leiðin liggur. Fellður út stígur um Eldhraun vestan Reykjahlíðar. Reiðleið vestan Mývatns verður ekki sýnd á skipulagsuppdraetti.

Veitukerfi. Sett inn vatnsból í Austraselslindum, sem fallið hafði út af auglýstum uppdraetti. Einig merkt stofnlögn vatnsveitu þaðan að Reykjahlíð.

Sett inn vatnsból og vatnslögn vegna Bjarnarflagsvirkjunar sbr. ákvæði í samþykktu deiliskipulagi virkjunarinnar.

Sett inn vatnslögn frá vatnsbóli Kröflu. Allar þessar lagnir eru (og verða) niðurgrafnar.

Náttúruvernd. Hverfisverndarsvæði 354-Hv er stækkað og tengir nú saman friðlýst svæði Dimmuborga og Hverfjalls. Skógur í Strandarholti verður við þessa breytingu innan hverfisverndarsvæðis.

SVEITARFÉLAGSUPPDRATTUR:

Vegakerfi. Vegir og slóðar á grunnkorti aðgreindir betur frá skipulögðum aðalvegum. Vikrafellsleið er dregin af meiri nákvæmni en áður.

Hverfisvernd. Hverfisverndarsvæði 305-Hv Leirhnúkshraun og 350-Hv Búrfells-hraun færð inn til samræmis við texta og ákvæði greinargerðar. Á auglýstan uppdrátt vantaði þann hluta svæðanna sem eru utan sveitaruppdráttar.

Mörk sveitarfélagsuppdráttar eru lagfærð þannig að hann nái að suðurmörkum sveitarfélagsins inni á miðjum Vatnajökli. Kortagrunnur er endunýjaður með hæðarlínukorti Landmælinga Íslands 2013.

9.2.2. Breytingar á greinargerð.

Greinargerð er breytt miðað við afgreiðslu skipulagsnefndar á þeim athugasemdum sem bárust skv. fylgiskjali við bókun nefndarinnar 4. febrúar 2013. Orðalagsbreytingar, sem ekki fela í sér breytta stefnu eða ákvæði eru ekki tilgreindar.

1.4.6 og 7.5.6 Staðbundnar áætlanir, viðbót: Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðaðróun. Staðfest 28. febrúar 2011.

3. kafli Stefna sveitarstjórnar: Nokkar orðalagsbreytingar og viðbætur m.a. um landgræðslu og beitarstýringu.

4.1.3 Byggingarlist og mannvirkjagerð: Ákvæði um mannvirkjagerð á eldhrauni.

4.12.5 Skógrækt: Kafli endurskrifaður að hluta. Bætt við tilvísunum í lagaákvæði og ákvæði verndaráætlunar. Bætt umfjöllun um náttúrulega birkiskóga.

4.12.5 Landgræðsla: Nýr kafli.

- 5.1.2 Náttúruverndaráætlun:** Felldur er út sá hluti lýsingar, sem á við norðurhluta þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum þar sem hún á ekki við um það svæði sem er innan marka Skútustaðahrepps.
- 5.1.3 Þjóðgarðar:** Leiðrétt lýsing á mörkum þjóðgarðs við Dettifoss (felld út).
- 5.1.5 Náttúruvætti:** Askja. Askja er innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs. Um svæðið gilda sérstakar reglur umfram almenn ákvæði um þjóðgarðinn (sjá ramma á spássíu).
- 5.1.8 Hverfisvernd:** Stækkað svæði 354-Hv felur í sér birkiskóg í Strandarholti og tengir saman náttúruverndarsvæði Hverfjalls og Dimmuborga. Ákvæði um skógarvernd þar og á svæði 315-Hv.
- 5.4.1 Ofanflóð.** Bætt við setningu um hugsanlegt hlaup undan Dyngjujökli í kjölfar goss í Bárðarbungu.
- 6.1.1 Vegakerfi:** Ákvæði um samráð við Vegagerðina. Ákvæði um samráð við Vatnajökulsþjóðgarð. Leið norðan Dyngjufjalla, vegi að Svartá og Gæsavatnaleið bætt við lista yfir vegi, sem háðir eru aðalskipulagi.
- 6.1.3 Gönguleiðir, hjóleiðastígar og reiðleiðir:** Skýringaruppdráttur yfir gönguleiðir í sveitinni uppfærður sbr. aðaluppdrátt.
- Stefnt er að heildarendurskoðun reiðleiða í sveitarfélaginu.
- 6.4.1 Flugvöllur.** Flugbraut í Herðubreiðarlindum tilgreind.
- 6.5.7 Fjarskipti.** Orðalagsbreyting og árétting: Stofnlagnir fjarskipta meðfram vegum og stígum þarf ekki að sýna á aðalskipulagsuppdrætti. Dreifilagnir eru ekki sýndar á aðalskipulagsuppdrætti.

9.3. BÓKUN SVEITARSTJÓRNAR 21. FEBRÚAR 2013

Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 með fyrrgreindum breytingum og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð á gildistöku þess eins og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

9.4. SAMANTEKT SBR. J LIÐ 9. GR. LAGA UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Í 9. gr. laga um umhverfismat áætlana er kveðið á um að eftir afgreiðslu áætlunar skuli þeim, sem fengið hafa tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu til sérstakrar kynningar, kynnt eftirtalin gögn:

- a) Endanleg áætlun.
- b) Greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma við tillögu og umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun, í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.
- c) Hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

Ofantalin atriði eru tilgreind skilmerkilega í greinargerð skipulagsins (kaflar 1-8) og sérstaklega í umhverfisskýrslu í 7. kafla og vísast til hennar um meginatriði skv. b) lið. Í kafla 9.2 er gerð grein fyrir þeim breytingum, sem gerðar voru vegna þeirra athugasemda sem bárust á auglýsingatíma tillögunnar.

SAMANTEKT

Í aðalskipulaginu er áfram gert ráð fyrir framkvæmdum, sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum sbr. eldra aðalskipulag. Ekki er um ný áform um slíkar framkvæmdir að ræða. Aðalskipulagið hefur ekki áhrif á aðra áætlanagerð s.s. aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga eða landsáætlanir.

Stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun og byggðamynstur tekur mið af umhverfissjónarmiðum og almennu viðhorfi íbúa sveitarfélagsins til náttúrufars og búsetuumhverfis. Stefna um nýtingu landbúnaðarlands styður markmið laga um varðveislu landbúnaðarlands og ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun. Tekið er mið af verndaráætlunum og náttúruverndarsjónarmiðum stjórnvalda við mótun stefnu, skilmálagarð og afmörkun hverfisverndarsvæða. Gerð er grein fyrir mótvægis- aðgerðum í kafla 7.8.

9.5. SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lá frammi til kynningar frá 26. október til 7. desember 2012 var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 21. febrúar 2013.

Guðrún María Valgeirsdóttir (sign)
sveitarstjóri

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun
18. apríl 2013

Hafdís Hafliðadóttir (sign)

Ólafur Brynjar Halldórsson (sign)

Sveitaruppdráttur í mkv. 1:50.000 með þéttbýlisuppdráttum í mkv. 1:10.000, dagsettur 21. febrúar 2013, og sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1:200 000, dagsettur 21. febrúar 2013, eru hluti aðalskipulagsins.

Staðfesting og gildistaka aðalskipulagsins var auglýst í
B-deild Stjórnartíðinda 3. maí 2013.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem kunna að falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Skútustaðahreppur

Sveitaruppdráttur

Mkv 1:50.000

Péttbýlisupprættir

Mkv. 1:10.000

21. febrúar 2013

Önnur skipulagsgögn:
Greinargerð, stefna og skipulagsákvæði ásamt umhverfisskýrslu dags. 21. febrúar 2013.
Sveitarfélagsupprættur dags. 21. febrúar í mkv. 1.200.000.

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf. 2008

Hnitakerfi: Isnet.

Hæðarkerfi: Meðalsjárhæð
Hæðarlínubíll: 20 M.

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar hjá

SAMPYKKTIR


Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 2010 og lá frammi til kynningar frá _____ til _____ var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps _____

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun _____


Staðfesting og gildistaka aðalskipulagsins var auglýst í B-deild Sjómartíðinda.



péttbýlisuppdráttur, Skútustaðir mkv. 1:10.000



Þéttbýlisuppdráttur, Reykjahlíð mkv. 1:10.000



Sveitaruppdráttur mkv. 1:50.000

Skútustaðahreppur Aðalskipulag 2011-2023


Sveitarfélagsuppdráttur

Mkv 1:200.000

21. febrúar 2013

**TEKNIÐSTOFA
SUNNUTEKNIÐ
OG FÉLAGAR EFT.
arkitekt búi**

- Landnotkun**
- Mörk skipulagsvæði
 - Mörk svæðis skipulags miðlands 2015
 - Mörk svæðisuppdráttur
 - Mörk Vatna skipulagspógarðs
 - Verslunar- og þjónustuvæði
 - Efnisvæði
 - Svæði fyrir frístundaþýggjafalaskalar/hálandsmótóbvar
 - Öryggð svæði
 - Vötn og ár
- Samgöngur og veitur**
- Stofvegur
 - Tengivegur
 - Landavegur
 - Aðrir vegir
 - Gönguleiðir
 - Reiðleiðir
 - Ráðgjafarsvæði
 - Flugvæði
 - Vatnsvæði
 - Háveita
 - Örnvegir
- Vendarsvæði**
- Frjálst svæði
 - Hverfisvendarsvæði
 - Meirafriðlystar formlir
 - Vatnsvendarsvæði
 - Vatnsvendarsvæði
 - Vatnsvendarsvæði



Önnur skipulagspógar:
Sveitarfélags og skipulagspógar, sem hafa verið tekið tillit til á ári 2013.
Svæði og þýggjapógar, 21. febrúar 2013 (m.k. 1:100.000).

Kortagrunnur: Loftmyndir eft. 2008. Landmælingar Íslands 2013

Höfundur:
Höfundur:
Höfundur:

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 205/2004 og la. fenna til kynningar frá _____ til _____, var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps _____

Aðalskipulag þetta var staðfest af Stipulagsstjórn _____
sveitarstjórn

Staðfesting og gildisstaða aðalskipulagsins var auglýst í B-dæli Stjórnaðlaða _____

11. HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015.

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur.

Arnhófr Garðarsson og Árni Einarsson (ritstjórar). *Náttúra Mývatns*. Hið íslenska náttúrufræðifélag. Reykjavík 1991.

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I, II, III og IV*. Fornleifastofnun Íslands FS022-96011, FS049-96012, FS086-96013 og FS118-96014. Reykjavík 1996-2000.

Björn Ingi Sveinsson, Páll Halldórsson 2009. *Skipting Íslands í hönnunarhröðunar-svæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma*.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Merkar fornleifar í Skútustaðahreppi: Samantekt vegna aðalskipulags*. FS427-09021. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2009.

Jón Gauti Jónsson. *Mývatnssveit með kostum og kynjum*. Árbók Ferðafélags Íslands 2006.

Fasteignamat ríkisins.

Fornleifanefnd. *Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fyrsta útgáfa 1990. Sótt 2011 á <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20060404110211841.pdf>

Hagtíðindi 2010:3, júlí 2010.

Hagstofan: <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi>.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. *Flokkun vatna á Norðurlandi eystra. Fnjóska, Skjálfandafljót og Laxá í Þingeyjarsýslu*. Mars 2006

Landsvirkjun, Mannvit, Teiknistofa arkitekta. *Deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar Skútustaðahreppi*. Maí 2011.

Lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Menntamálaráðuneytið. *Menningarstefna í mannvirkjagerð, stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*. Apríl 2007.

Miðhálandi Íslands. Svæðisskipulag 2015. Greinargerð

Skipulagslög nr. 123/2010, VII. kafli m.m.

Staðlaráð Íslands. *Íslenskur staðall*.

Stapi. Jarðfræðistofa. Ómar Bjarki Smáráson. *Bjarnarflagsvirkjun 2012 – Hugsanlegar námur*. Ágúst 2012.

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulshjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðaþróun. Staðfest af umhverfisstofnun 28. febrúar 2011.

Umhverfisstofnun, Náttúrustofa Norðausturlands, Ramý. *Mývatn og Laxá. Verndaráætlun 2011-2016*. Reykjavík 2011.

Vatnaskil, 2010. Þeistareykjavirkjun og Kröfluvirkjun II. *Dreifingarspá fyrir brennisteinsvetni frá jarðvarmavirkjunum á Norðausturlandi*. Unnið fyrir Landsvirkjun og Þeistareyki ehf., 09.14.

Vefsíða Skútustaðahrepps, www.myv.is

Vegaskrá Vegagerðarinnar 2010.

Vefur Vegagerðarinnar nóv. 2011. <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/>

VSÓ ráðgjöf. *Hjólastígur umhverfis Mývatn. Tillaga og hagsmunir. Forsendur í aðalskipulagi*. Desember 2011.